22

Einn hektari getur gefið af sér tæpt tonn af svínakjöti

28

Ætlaði sér alltaf að verða dýralæknir enda með ólæknandi áhuga á dýrum

30–37

Menn eru að átta sig á hvað búi í íslenska markaðnum

Bændablaðið

10. tölublað 2020 • Miðvikudagur 20. maí • Blað nr. 563 • 26. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is

Kleópatra Ólafía Hallgrímsdóttir og Viktoría Unnur Jóhönnudóttir, barnabörn Haraldar Björnssonar, frístundabónda á Siglufirði, með fimmlembinga ærinnar Demants. Hún kíkir þarna á milli þeirra og fylgist með afkvæmum sínum. Á innfelldu myndinni er Jóhanna Unnur Haraldsdóttir Demantseigandi.

Siglufjörður:
Demantur bar fimm lömbum
– með 12 lömb á 3 árum

Ærin Demantur á Siglufirði ber sannarlega nafn með rentu eftir að hafa skilað fimm frískum og sprækum lömbum í heiminn þann 11. maí síðastliðinn.

Haraldur Björnsson, frístundabóndi á Siglufirði, sem hefur verið með 80 kindur á fóðrum segir að Demantur, sem er í eigu dóttur hans, hafi verið afburða frjósöm.

„Hún bar þremur lömbum í hittifyrra og fjórum lömbum í fyrra og það taldi ég nú nóg. Ég bjóst því alls ekki við þessu núna og aldrei séð svona fyrr. Lömbin voru öll sprellifandi og fóru strax upp á lappirnar," sagði Haraldur

Hann sagði í samtali við Bændablaðið um miðja síðustu viku að lömbin döfnuðu vel. Þau virtust hraust og væru mjög spræk.

Haraldur komst í fréttir nú í lok apríl þegar hann endurheimti fjórar ær og einn kollóttan lambhrút í Siglunesi. Féð hafði gengið laust frá því í fyrra þrátt fyrir mikla leit. Það fannst þegar fimm áhafnarmeðlimir á varðskipinu Þór fóru í hressingargöngu út í Siglunes fyrr í mánuðinum. */HKr.*

Engir gæðastaðlar né eftirlit með íslenskri mold sem seld er til neytenda

Mörgum blöskrar að flutt sé inn mold í neytendapakkningum og segja að íslensk mold sé sú besta í heimi. Aðrir segja íslensku moldina of þunga og þétta í sér og að innflutta moldin sé mun betri. Talsverðar kröfur eru gerðar um innihald erlendrar moldar sem flutt er inn en engir gæðastaðlar eru fyrir innlenda mold né eftirlit með framleiðslu hennar.

Samkvæmt reglum um innflutning á mold eru gerðar kröfur um að það sé svarðmold, spagnum, og að hún komi af óræktuðum svæðum og hafi aldrei verið notuð til ræktunar. Undanskilin er mold sem fylgir rótum plantna eða rótarávöxtum sé hún í óverulegum mæli. Í moldinni mega ekki finnast íblöndunarefni nema í mjög litlu magni og ekki efni sem eru á skjön við aðra þætti reglugerðarinnar og er þá átt við trjákurl, safnhaugamold, moltu eða húsdýraáburð svo dæmi séu tekin.

280 tonn af gróðurmold flutt inn

Á vef Hagstofu Íslands segir að flutt hafi verið inn tæp 280 tonn af mold árið 2019. Þar af eru 14,6 tonn af mómosamold, 39 tonn önnur mold og tæp 226 tonn af því sem kallast „önnur jarðefni ótalin annars staðar". Við nánari skoðun og með aðstoð Hagstofunnar kom í ljós að það sem kallast önnur mold og önnur jarðefni ótalin annars staðar er í raun mómosamold, eða spagnum, sem hefur verið ranglega skráð í tollflokka.

Brynjar Rafn Ómarsson, fagsviðsstjóri plöntuheilbrigðis hjá Matvælastofnun, segir að til þessa hafi ekki komið upp sú staða að beiðni hafi borist um að flytja inn mold sem er íblönduð með tilbúnum áburði en að það yrði þá skoðað í samvinnu við áburðareftirlitið.

Ekkert eftirlit með innlendri mold

Að sögn Brynjars veit hann ekki til þess að til séu reglur um innlenda mold sem seld er í garða eða í neytendaumbúðum.

„Mér vitandi eru ekki til neinir staðlar um innihald eða íblöndunarefni í íslenskri mold né það sem má kalla mold til sölu. Aðkoma Mast að málum af þessu tagi snýst fyrst og fremst um plöntuheilbrigði og það er ekki þar með sagt að ef það finnist líf í mold að það tengist plöntusjúkdómum. Stofnunin hefur því ekki eftirlit með innlendri framleiðslu á mold og ég veit ekki til þess að neitt slíkt eftirlit sé í framkvæmd."

Samkvæmt þessu þá eru ekki til neinar reglur né gæðastaðlar um hvað teljist mold sem má selja í garða eða í neytendaumbúðum fyrir pottaplöntur.

Samkvæmt upplýsingum á vef Gæðamoldar býður fyrirtækið upp á þrenns konar mold í garða. Um er að ræða það sem er kallað moltumold og er hún sögð vera bland af 60% mold, 20% moltu og 20% skeljasandi og hins vegar sandblandaða mold sem er 70% mold og 30% vikursandur. Auk þess sem boðið er upp á grjóthreinsaða mold, en ekki eru gefin upp nein hlutföll um hvernig hún er blönduð.

Georg Ottósson, eigandi Flúða- og Hreppamoldar, segir að opinbert gæðaeftirlit með framleiðslu á íslenskri mold sé ekki til staðar og eftirlitið hjá honum felist í að reyna að framleiða eins góða mold og hann getur.

„Yfirleitt fæ ég hrós fyrir moldina en ég hef líka fengið kvartanir um að hún, sérstaklega Flúðamoldin, geti verið svolítið þung og klessist saman. Grunnurinn í Flúðamold er rotmassi sem fæst úr svepparækt Flúðasveppa. Massinn er blandaður með nýrri mómold sem við fáum úr moldarnámu við Hvítárholt í Hrunamannahreppi og þurrkum. Hlutföllin í Flúðamoldinni eru 30% sveppamassi og 70% mómold.

Sveppamassi er gerður úr hálmi, hænsnaskít, kalki og vatni og ókosturinn við rotmassann er að það getur verið erfitt að þurrka og því um þurrkunarvandamál að ræða sem hægt er að bæta með betri tækjabúnaði. Flúðamold er því talsvert öðruvísi en innflutta spagnum-moldin".

Hreppamold er aftur á móti búin til úr mómold og vikri í hlutföllunum 90% mómold og 10% vikur."

Georg segir að miðað sé við að sýrustig eða pH gildi Hreppamoldarinnar sé 5,5 til 6,5 og að það sé mælt reglulega. „Sýrustig sveppamassans er 7,0 en um 4,5 í mómoldinni og við reynum að halda Flúðamoldinni í pH 5,5. Við létum efnagreina moldina fyrir nokkrum árum og síðan þá hefur blandan verið sú sama."

Stikkprufur af innfluttri mold

Margir hafa áhyggjur af að með innflutningi á mold, bæði í pokum og á plöntum með rót, geti fylgt fjöldi lífvera, smádýr, örverur og sveppir, sem ekki þekkist hér á landi og teljast ekki æskilegar í vistkerfinu. Þetta þarf þó ekki að vera algilt og í raun er mold lítils virði ef ekki leynist í henni líf.

Brynjar segir að ef Mast berist ábendingar um að framandi lífverur finnist í innfluttri mold sé brugðist við því.

„Mast skoðar ekki hverja og eina sendingu af mold sem kemur til landsins en við tökum stikkprufur og skoðum þær. Heilt yfir hefur verið litið svo á að innflutt mold sé réttilega spagnum-mold og að hún uppfylli þau skilyrði sem sett eru fyrir innflutningnum enda fylgir henni í öllum tilfellum gilt heilbrigðisvottorð frá útflutningslandinu sem staðfestir að hún uppfylli þær kröfur sem í gildi eru hér á landi. Sé þannig staðið að innflutningnum á hætta á því að eitthvað óæskilegt berist með moldinni að vera lítil án þess að hægt sé að tryggja það 100% viss." */VH*

FRÉTTIR

Við undirskrift samningsins, talið frá vinstri, formaður samninganefndar ríkisins, Helga Ragna Pálsdóttir, varaformaður Sambands garðyrkjubænda, Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands. Mynd / Tjörvi Bjarnason

Endurskoðun á samningi um starfsskilyrði garðyrkjubænda:

Auka framleiðslu á grænmeti um 25 prósent á næstu þremur árum

Skrifað var undir samkomulag um endurskoðun á samningi um starfsskilyrði garðyrkjubænda á fimmtudaginn. Í samkomulaginu felst meðal annars að stefnt verður á 25 prósenta aukningu á framleiðslu á íslensku grænmeti á næstu þremur árum. Fjölbreytni ræktunar grænmetis mun aukast og stuðningur við niðurgreiðslu flutnings- og dreifikostnað rafmagns verður aukinnn og fyrirkomulag þess einfaldað.

Þá verður fjármagn til aðlögunar að lífrænum framleiðsluháttum aukið og stefnt verður að því að garðyrkjan verði að fullu kolefnisjöfnuð árið 2040.

Fulltrúar Bændasamtaka Íslands, Sambands garðyrkjubænda og stjórnvalda skrifuðu undir samkomulagið, sem verður einn af fjórum búvörusamningum.

Fjármagn til garðyrkjusamningsins aukið um 200 milljónir

Í tilkynningu frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu kemur fram að markmið samkomulagsins sé meðal annars að stuðla að framþróun og nýsköpun í garðyrkjunni með áherslu á aðgerðir í loftslagsmálum. Við næstu endurskoðun samningsins árið 2023 er markmiðið að framleiðsla á íslensku grænmeti hafi aukist um 25 prósent, miðað við meðalframleiðslu áranna 2017 til 2019, meðal annars í því skyni að auka markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu. Samkomulagið gildir út árið 2026.

„Auknir fjármunir verða lagðir í garðyrkjusamninginn sem nema 200 milljónum króna á ári. Aukningin kemur til framkvæmda strax á þessu ári. Þeir nýtast m.a. til beingreiðslna vegna raforkukaupa, aðgerða í loftslagsmálum, þróunarverkefna og til fjölbreyttari ræktunar á grænmeti hér á landi,“ segir í tilkynningunni.

Garðyrkjan verði kolefnisjöfnuð

Ásamt því að íslensk garðyrkja verður að fullu kolefnisjöfnuð árið 2040 er stefnt að því að allar afurðir frá íslenskum garðyrkjubændum verði vottaðar sem kolefnishlutlausar fyrir þann tíma. Þetta verði meðal annars gert með því að byggja upp þekkingu á losun og bindingu kolefnis, vinna að bættri meðhöndlun og nýtingu aðfanga og áburðar, minni sóun, markvissri jarðrækt, aukinni sjálfbærni og öðrum þeim aðgerðum er miða að því að kolefnisjafna búskap. Auka þurfi beina ráðgjöf og fræðslu til bænda um loftslagsmál og skoða á innleiðingu fjárhagslegra hvata fyrir íslenska garðyrkju til að ná enn frekari árangri í að auka bindingu.

Beingreiðslur vegna flutnings- og dreifingarkostnaðar raforku

„Fyrirkomulagi á niðurgreiðslum á raforku verður breytt með þeim hætti að ylræktendum verða tryggðar beingreiðslur vegna lýsingar í stað niðurgreiðslu kostnaðar. Þetta er gert til þess að stuðla að hagfelldari starfsskilyrðum greinarinnar. Hámarksstuðningur beingreiðslna vegna lýsingar á hvern framleiðenda verður mest 17,5% af þeirri heildarfjárhæð sem til ráðstöfunar er á viðkomandi rekstrarári. Fjármunir til beingreiðslna vegna flutnings- og dreifingarkostnaðar raforku verða 375 milljónir króna á árinu 2020.

Fjölbreyttari ræktun nýtur beingreiðslna

Við samninginn bætist nýr flokkur beingreiðslna vegna ræktunar á öðrum grænmetistegundum en gúrkum, paprikum og tómötum. Heildarfjárhæð verður 37 milljónir króna á ári. Greiðslurnar hefjast strax á þessu ári.

Veittir verða sérstakir jarðræktarstyrkir til útiræktunar á grænmeti og garðávöxtum til manneldis. Ekki er greitt framlag fyrir ræktun undir einum hektara. Þar er meðal annars um að ræða allar afurðir til manneldis sem vaxa neðanjarðar eins og kartöflur, rófur, gulrætur, næpur og aðrar sambærilegar afurðir. Afurðir ræktaðar ofanjarðar, s.s. blómkál, hvítkál, kínakál, rauðkál og aðrar sambærilegar afurðir geta einnig notið jarðræktarstyrkja en þar verður upphæð fyrir hvern ræktaðan hektara hærri, þar sem kostnaður við þá framleiðslu er umtalsvert meiri. Framlög til jarðræktarstyrkja verða 70 milljónir króna á ári.

Rannsókna-, tilrauna- og þróunarstarf

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið greiðir þróunarfé til garðyrkjuverkefna. Markmið þess er að styðja við fræðslu, rannsóknir, leiðbeiningarþjónustu og framþróun í garðyrkju. Styrkhæf eru; ráðgjafarverkefni, kynningarverkefni, rannsókna- eða tilraunaverkefni, vöruþróunarverkefni, verkefni sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og endurmenntunarverkefni.

Lífræn framleiðsla

Greidd verða aukin framlög til aðlögunar að lífrænum framleiðsluháttum í garðyrkju. Markmiðið er að aðstoða framleiðendur við að uppfylla þær kröfur sem lífræn garðyrkjuframleiðsla hefur í för með sér og auka framboð slíkra vara á markaði.

Gagnagrunnur um matvælaframleiðslu

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið stefnir að því að setja á fót gagnagrunn og mælaborð sem heldur utan um upplýsingar um matvælaframleiðslu á sviði landbúnaðar á Íslandi, þ.m.t. garðyrkju. Nauðsynlegt er að hafa yfirsýn yfir framleiðslu, sölu og birgðir í landinu m.a. vegna fæðuöryggis og slíkur gagnagrunnur eykur auk þess gagnsæi. Upplýsingarnar munu endurspegla birgðastöðu innlendra garðyrkjuafurða og verða uppfærðar með reglulegu millibili innan hvers árs.

Tollvernd

Samningsaðilar munu á árinu 2020 láta greina hagkvæmni þess að taka upp uppskerutengdar greiðslur vegna útiræktaðra garðyrkjuafurða og kartaflna gegn mögulegri niðurfellingu og/eða lækkun tollverndar. Niðurstöður skulu metnar við endurskoðun samningsins árið 2023,“ segir í tilkynningunni.

Skapa forsendur til að auka framleiðslu

Í tilkynningunni er haft eftir Kristjáni Þór Júlíussyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að samningurinn marki tímamót fyrir íslenska garðyrkju. „Stærsta breytingin er sú að við erum að stórauka framlög til að niðurgreiða flutnings- og dreifingarkostnað rafmagns og auka við jarðræktarstyrki til að stuðla að fjölbreyttari ræktun á grænmeti hér á landi. Með því erum við að skapa forsendur til að auka framleiðslu á íslensku grænmeti um 25% á næstu þremur árum og auka þannig markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu. Til viðbótar eru í samkomulaginu fjölmörg atriði sem munu styrkja íslenska garðyrkju og allan íslenskan landbúnað til lengri tíma, m.a. með því að setja á fót mælaborð fyrir landbúnaðinn. Samantekið er ég afskaplega stoltur og ánægður með þetta samkomulag. Við erum að fjárfesta í framtíðinni og fanga þau tækifæri sem við okkur blasa í íslenskri garðyrkju.“

Mikil sóknarfæri í garðyrkju

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir af þessu tilefni að fagnaðarefni sé að búið sé að ljúka endurskoðun garðyrkjusamningsins á þessum undarlegu tímum. „Mikill skilningur er meðal neytenda að styrkja íslenska framleiðslu. Í samningnum vega þyngst áhrif hans á útiræktunina. Við sem framleiðendur höfum haft miklar áhyggjur af þeirri framleiðslu undanfarin ár, þar sem of fáir bændur hafa séð sér hag í að stunda hana. Hart hefur verið sótt að framleiðslunni á grundvelli afnáms tolla og takmarkaðs stuðnings. Sá skilningur samningsaðila og þær áherslur sem lúta að tollvernd íslenskrar garðyrkju, lífrænni ræktun og umhverfismálum eru jákvæðar. Mikil sóknarfæri eru í garðyrkju almennt og ekki síst hér á okkar hreina landi þar sem við njótum þeirra forréttinda að vökva okkar afurðir með hreinu drykkjarvatni. Eins og segir í slagorðum garðyrkjubænda: „Íslenskt grænmeti, þú veist hvaðan það kemur“ og „blóm gera kraftaverk“.“

Samkomulagið var undirritað af hálfu Bændasamtaka Íslands og Sambands garðyrkjubænda. Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra, undirrituðu samninginn fyrir hönd stjórnvalda með fyrirvara um samþykki Alþingis á nauðsynlegum lagabreytingum. Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, skrifaði undir fyrir hönd samtakanna, Helga Ragna Pálsdóttir, varaformaður Sambands garðyrkjubænda, fyrir hönd garðyrkjubænda og Unnur Brá Konráðsdóttir, sem formaður samninganefndar ríkisins. */smh*

Schäffer

Vélfang ehf. er nýr umboðsaðili Schäffer á Íslandi

Vélfang ehf. og Schäffer Maschinenfabrik GmbH hafa undirritað með sér samkomulag þess efnis um að Vélfang ehf. mun framvegis sjá um sölu og þjónustu við Schäffer liðléttinga og hjólaskóflur á Íslandi.

Okkur hjá Vélfangi hlakkar til að takast á við þetta verkefni og bjóðum eigendur Schäffer og alla aðra velkomna til okkar á Gylfaflötina í Reykjavík og nýja starfsstöð okkar á Óseyri 8 á Akureyri.

Vélfang ehf. er sölu- og þjónusutaðili fyrir tæki og vélar á svið landbúnaðar og jarðverktöku og var stofnað árið 2004. Fyrirtækið er með starfsstöðvar bæði á Reykjavík og Akureyri og flutti nýlega í stórglæsilegt húsnæði á Óseyri 8 á Akureyri. Helstu vörumerki fyrirtækisins eru nú Schäffer, Fendt, JCB, Claas, Kuhn og Kverneland.

VÉLFANG – *VERKIN TALA*

Framúrskarandi fyrirtæki

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

FRÉTTIR

Frumvarp til laga um breytingar sem rjúfa aldagamla hefð við að marka fé íslenskra bænda:

Eyrnamörk á sauðfé verða valfrjáls

Í frumvarpi til laga sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að bændum sé frjálst hvort þeir marki fé með gömlum eyrnamörkum eða ekki. Þeim er aftur á móti skylt að merkja fé með plötumerkjum þar sem fram kemur númer bæjar eða eiganda, sýslutákn og númer sveitarfélags, auk númers gripsins.

Frumvarpið er unnið í samræmi við tillögu sem kemur fram í skýrslu starfshóps um endurskoðun löggjafar um dýrasjúkdóma og dýralækna frá október 2017.

Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda.

Dr. Ólafur R. Dýrmundsson, markavörður í Landnámi Ingólfs, fyrrverandi landsmarkavörður og ritstjóri Landsmarkaskrár og fyrrum ráðunautur Bændasamtaka Íslands. Mynd / HKr.

Eyrnaskorin mörk ekki lengur nauðsynleg

Í skýrslunni segir meðal annars í sjöunda kafla sem fjallar um Merkingar og skráningar dýra og rekjanleika afurða: „Að skylt sé að merkja öll afurðagefandi dýr, með einum eða öðrum hætti. Jafnframt er lagt til að lögum nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., verði breytt og að krafan um eyrnamörkun og brennimerkingar verði afnumin. Einnig er lagt er til að reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár verði breytt, til að tryggja öruggar einstaklingsmerkingar sauðfjár og geitfjár og gerð krafa um að öll lömb/kið og allt ásetningsfé verði merkt með forprentuðu plötumerki í bæði eyru, þegar féð hefur ekki verið markað."

Í rökstuðningi með tillögunni segir að einstaklingsmerkingarkerfið fyrir sauðfé og geitfé sé komið í gott horf og því talið eðlilegt að afnema kröfuna um eyrnamörkun sauðfjár og geitfjár. Með tilliti til nýrra aðferða við auðkenningu búfjár og sjónarmiða um dýravelferð, er þessarar aldagömlu aðferðar við að tryggja eignarrétt á dýrum ekki lengur þörf.

Ólíklegt að bændur hætti að marka

Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir að samtökin hafi ekki sett sig upp á móti þessari breytingu en á sama tíma er hann efins um að bændur muni hætta að nota eyrnamörk og snúa sér alfarið að merkjunum.

„Að okkar mati er er nauðsynlegt að hafa plötumerki á báðum eyrum ef bændur ætla ekki að nota eyrnamörk áfram. Eyrnamörkin eru mikill kostur í öllu fjárragi. Þannig má sjá af nokkru færi hvaðan gripur er án þess að þurfa að handsama hann. Að sjálfsögðu eiga sér stað breytingar hvað þetta varðar eins og annað og nú er til dæmis hægt að fá örmerki fyrir fé sem gefur jafnvel möguleika á sjálfvirkni við sundurdrátt í réttum.

Eyrnamörk koma sér vel þar sem fé er rekið á afrétt og þar sem menn eru með samliggjandi beitarlönd en skipta minna máli þar sem fé er beitt á heimalönd og ekki er samgangur við annað fé.

Gallinn við að hætta mörkun og þegar eyrun eru alheil er að þá getur í raun hver sem er klippt merki burt og sett sín merki í staðinn og eignað sér féð. Bændur verða því að ákveða sjálfir hvort þeir vilji marka áfram og tryggja þannig eignarhaldið eða notast eingöngu við plötumerki. Einnig eru til bændur sem ekki vilja marka sitt fé út frá dýravelferðarsjónarmiðum."

Illa rökstutt og óæskilegt frumvarp

Dr. Ólafur R. Dýrmundsson, markavörður í Landnámi Ingólfs, fyrrverandi landsmarkavörður og ritstjóri Landsmarkaskrár og fyrrum ráðunautur Bændasamtaka Íslands, segir í greinagerð með athugasemdum við frumvarpið að það sé ekki vel rökstutt og óæskilegt.

Ólafur telur að frumvarpið beri vott um stjórnsýslulegan slappleika og stríði gegn viðhaldi hins tiltölulega örugga merkingarkerfi íslenskrar sauðfjárræktar þar sem saman fer eyrnamörkun alls fjár, einnig plötumerking alls fjár með litum eftir svæðum, og brennimerking á sumu fé.

„Þetta kerfi, sem hvað eyrnamörkun varðar, hefur verið þekkt allt frá upphafi Íslandsbyggðar, hentar sérlega vel aðstæðum hér á landi og hefur gert það alla tíð. Ég tel að meintir kostir við áformaðar lagabreytingar séu léttvægir samanborið við ókosti og jafnvel skaðsemi þeirra. Öruggt merkingarkerfi sauðfjár hér á landi hefur nú öðlast aukið vægi, bæði með tilliti til fæðu- og matvælaöryggis. Það er meðal annars vegna þess að margar sauðfjárveikivarnalínur hafa verið aflagðar eða viðhald þeirra hefur verið vanrækt á seinni árum. Þá er vert að hafa í huga að með innflutningi hrás, ófrysts kjöts, frá og með 1. janúar 2020, hefur aukist hætta á að búfjársjúkdómar berist til landsins, og einnig gæti aukin ferðamennska komið þar við sögu.

Þá verður að teljast mjög óráðlegt að leggja Markanefnd niður því að hún er meðal annars óháð úrskurðarnefnd sem sker úr í málum sem markavörðum tekst ekki að leiða til lykta." /VH

Ófrosið kjöt flutt inn í fjórum sendingum frá áramótum

– Sýnatökur fyrir salmonellu neikvæð

Um síðustu áramót tóku gildi reglur sem heimila innflutning á hráu ófrosnu kjöti, ferskum eggjum og ógerilsneyddri mjólk frá Evrópska efnahagssvæðinu. Frá þeim tíma hafa fjórar sendingar af ófrosnu kjöti verið fluttar inn til landsins. Tekin voru sýni úr þessum sendingum til að kanna hvort kjötið væri salmonellusýkt, en reyndust þau öll neikvæð. Öll tilskilin vottorð og skjöl fylgdu sendingunum.

Með breytingunum á innflutningsreglum er leyfisveitingakerfi Matvælastofnunar um innflutning á þessum vörum lagt niður. Ábyrgðin á innflutningnum færist yfir á innflutningsfyrirtækin sjálf, en opinber vöktun er þó með salmonellu í innfluttum kjötafurðum og eggjum – og með kampýlóbakter í innfluttu alifuglakjöti.

Í umfjöllun á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins er greint frá samantekt Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna innflutningsins frá áramótum. Þar kemur fram að samantektin sé unnin í tengslum við átaksverkefni um aukið eftirlit sem hófst samhliða afnámi leyfisveitingakerfisins.

Sýni tekin úr sérhverri sendingu

„Á árinu 2020 hafa 21 fyrirtæki flutt inn kjötvörur sem falla undir viðbótartryggingar en í því felst að tekin hafa verið sýni úr sérhverri sendingu á kjúklingakjöti, kalkúnakjöti, eggjum, svínakjöti og nautakjöti og þau rannsökuð með tilliti til salmonellu. Alls hafa 130 sendingar verið skoðaðar sérstaklega á tímabilinu 1.janúar–2. apríl sl. Sendingarnar skiptust þannig að 43% þeirra var alifuglakjöt, 25% nautakjöt og 23% svínakjöt. Eina kjötið sem flutt hefur verið til landsins ófrosið er nautakjöt og aðeins einn innflutningsaðili hefur staðið að þeim innflutningi.

Um síðustu áramót tóku gildi reglur sem heimila innflutning á hráu ófrosnu kjöti, ferskum eggjum og ógerilsneyddri mjólk frá Evrópska efnahagssvæðinu.

Fjórar sendingar komu af ófrystu nautakjöti.

Eftirlitsaðilar yfirfara einnig öll skjöl og voru flest þeirra til staðar og reyndust rétt fyllt út. Nokkur tilfelli komu upp þar sem viðskiptaskjölum var ábótavant en brugðist var við þeim ábendingum.

Leiðbeiningar hafa verið unnar fyrir eftirlitsaðila þar sem farið er yfir þær reglur sem gilda og hvernig framkvæmd eftirlits skuli háttað. Fyrirhugað er að halda kynningu fyrir alla eftirlitsaðila í landinu í maí 2020 þar sem farið verður yfir verkefnið, niðurstöður þess, leiðbeiningar og gátlista," segir í umfjöllun ráðuneytisins um samantektina. /smh

Lambamjólkurduft

-Óerfðabreytt innihaldsefni
-Hátt hlutfall mjólkurprótína
-Auðmeltanleg prótín
-Inniheldur góða gerlaflóru
-Einstaklega bragðgott
-Hentar einnig fyrir kið
-Auðuppleysanlegt
-Inniheldur sýringaduft

Verð 16.490 m/vsk

BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI
Egilsholti 1
310 Borgarnesi
Sími: 430-5500

Pantaðu á netverslun okkar
www.kb.is
Sendum um allt land

Stefnt að tilraunaverkefni um heimaslátrun

– Ætlað að auka möguleika bænda til verðmætasköpunar

Unnið er að undirbúningi samstarfsverkefnis sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og Landssamtaka sauðfjárbænda sem gengur út á að auðvelda sauðfjárbændum í auknum mæli að slátra heima og selja afurðir sínar síðan – og auka þar með möguleika þeirra til frekari verðmætasköpunar.

Kristján Þór Júlíusson tilkynnti um verkefnið 2. mars, í ávarpi við setningu Búnaðarþings 2020. Samkvæmt upplýsingum úr ráðuneytinu er stefnt að því að verkefnið verði sett í gang í næstu sláturtíð. „Staðan er sú að síðustu mánuði hafa sauðfjárbændur í samstarfi við ráðuneytið unnið að mótun tilraunaverkefnisins, sem áætlað er að hefjist næsta haust. Markmið verkefnisins er að kanna hvort skapa megi grundvöll til þess að bændur geti í auknum mæli slátrað eigin gripum og selt til neytenda og þannig stuðla að bættri afkomu sauðfjárbænda en um leið að gætt verði að matvælaöryggi og dýravelferð," segir í svari úr ráðuneytinu.

„Huga þarf að ýmsum útfærslum til þess að niðurstöður verkefnisins nýtist sem best og gæta þess að verkefnið rúmist innan gildandi regluverks. Unnið er að útfærslu verkefnisins og liggur hún ekki endanlega fyrir. Verkefnið er unnið í samstarfi við Landssamtök sauðfjárbænda og aðila þeim tengdum. Stefnt er að því að verkefnið fari af stað í næstu sláturtíð," segir enn fremur í svarinu. /smh

PRONAR

Hágæða vélar á hagstæðu verði

36 MÁNAÐA VERKSMIÐJU ÁBYRGÐ * **36**

*Upplýsingar varðandi skilmála veittar hjá Aflvélum.

PRONAR PDF 340C
Framsláttuvél með knosara.
Vinnslubreidd: ***3,4m***
Kr. 2.575.000 án vsk.

PRONAR PDT 340
Miðjuhengd sláttuvél.
Vinnslubreidd: ***3,4m***
Kr. 1.615.000 án vsk.

PRONAR PDT 260
Sláttuvél
Vinnslubreidd: ***2,6m***
Væntanleg

PRONAR ZKP 800
Miðjuvél
Vinnslubreidd: ***7-8m***
Kr. 3.369.000 án vsk.

PRONAR PDD 830
Sláttuvél (fiðrildi)
Vinnslubreidd: ***2x3m***
Kr. 3.115.000 án vsk.

PRONAR ZKP 420
Einnar stjörnu rakstrarvél. Lyftutengd.
Vinnslubreidd: ***4,0-4,5m***
Kr. 875.000 án vsk.

PRONAR PWP 770
6 stjörnu snúningsvél.
7 armar á hverri stjörnu.
Vinnslubreidd: ***7,7m***
Kr. 1.665.000 án vsk.

PRONAR PWP 530
4 stjörnu snúningsvél, lyftutengd.
7 armar á hverri stjörnu.
Vinnslubreidd: ***5,3m***
Kr. 1.225.000 án vsk.

PRONAR T663/4
11 tonna sturtuvagn
með tandemhásingum.

Kr. 2.490.000 án vsk.

AFLVÉLAR JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.200 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 − **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** − **Vefur blaðsins: www.bbl.is** − Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun:Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Landið lifnar

Í heimsfaraldri sem orsakast hefur af útbreiðslu kórónavírus hefur daglegt líf fólks um allan heim gengið úr skorðum. Hefur því þurft að upphugsa nýjar leiðir til að framkvæma margt af því sem áður var gert án umhugsunar. Allt þetta hefur haft margvísleg áhrif á íslenskt þjóðfélag sem bæði valda skaða en geta líka orðið til góðs.

Fréttamiðlar hafa ekki farið varhluta af þessu ástandi og öll höfum við heyrt af prentmiðlum sem bera sig illa vegna minnkandi auglýsingatekna. Þetta hefur víða leitt til samdráttar í útgáfu sem aftur hefur áhrif á prentiðnaðinn með tilheyrandi uppsögnum. Eðlilega hafa mörg fyrirtæki sem hafa þurft að loka sinni starfsemi vegna COVID-19 gripið til þess ráðs að skrúfa fyrir allan kostnað eins og kostur er og lokun á birtingu auglýsinga verður þá gjarnan eitt af úrræðunum. Í þessu fári hefur hins vegar komið í ljós að Bændablaðið nýtur sérstöðu sinnar á markaðnum. Þar hefur ekkert lát orðið á útgáfunni. Greinilegt er að góð dreifing og einstök tryggð lesenda og auglýsenda við blaðið er að fleyta þessum miðli í gegnum COVID ólgusjóinn á undraverðan hátt. Fyrir það eru útgefendur, blaðamenn og annað starfsfólk Bændablaðsins afar þakklátt.

Bændablaðið hefur haldið uppi útgáfu í 32 þúsund eintökum allan tímann í þessum faraldri með góðri dreifingu á höfuðborgarsvæðinu og um land allt. Eigi að síður hefur þurft að gera ýmsar tilhliðranir vegna lokana fyrirtækja og stofnana. Þar má t.d. nefna sundlaugar, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Við lokun þeirra vegna COVID-19 var gripið til þess ráðs að flytja þá mikilvægu dreifingu Bændablaðsins og bæta við upplag í matvöruverslunum. Nú þegar búið er að opna sundlaugarnar á ný fyrir gestum mun Bændablaðið fylgja tryggum lesendum sínum eftir og hefja á ný dreifingu á sundstöðum og íþróttahúsum. Sama má segja um aðra staði sem dottið hafa út úr dreifingarkerfinu vegna lokunar og eru smám saman að opna aftur. Ekki er hægt að útiloka að einhverjir hnökrar kunni að verða á meðan þjóðfélagið er að jafna sig, en við reynum að gera okkar besta.

Það hefur verið afskaplega sérstakt að fylgjast með hvernig háttarlag fólks breytist þegar áföll dynja yfir. Það hefur sannarlega átt við í þessu COVID-19 fári. Við slíkar aðstæður virðist leysast úr læðingi náungakærleikur sem einhvern veginn gleymist þegar hjól atvinnulífsins eru á fullu og allir uppteknir við að taka þátt í gæðakapphlaupinu á harðahlaupum á eftir Mammoni.

Íslendingar hafa upplifað alvarleg áföll nokkrum sinnum á liðnum áratugum og þar hafa verið mest áberandi áföll vegna snjóflóða sem valdið hafa gríðarlegu manntjóni sem og vegna eldgosa og sjóslysa. Þá hefur þjóðin staðið saman eins og einn maður og notið einstakrar góðvildar nágrannaþjóða. Þar er ein lítil þjóð sem staðið hefur upp úr og sýnt okkur Íslendingum síendurtekna vináttu af ótrúlegri rausn og gæsku. Þetta eru Færeyingar. Þessir einstöku frændur okkar hafa reynst okkur betur en nokkur önnur þjóð í veröldinni. Þetta mættum við Íslendingar hafa í huga þegar hugsað er um allan þann vanda sem skapast hefur vegna COVID-19. – Það væri því ekki úr vegi, að um leið og Íslendingar eru hvattir til ferðalaga um eigið land í sumar að setja Færeyjar á blað sem fyrsta kost þegar opnast á ný fyrir ferðalög út fyrir landsteinana. Þannig gætum við sýnt þakklæti okkar í verki og nýtt tækifærið um leið til að kynnast betur þessum frábæru nágrönnum okkar og þeirra fallega landi. */HKr.*

Nýendurskoðaður samningur garðyrkjubænda

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is

Frá undirritun endurskoðaðs garðyrkjusamnings á dögunum. Mynd / TB

Þann 14. maí síðastliðinn undirrituðu bændur og stjórnvöld endurskoðunarsamning garðyrkjunnar. Hann er viðbót við samning sem gerður var um starfsumhverfi garðyrkjunnar árið 2016. Helstu atriði í nýjum samningi er að viðbótarfjármunum er bætt við niðurgreiðslur á flutningi á raforku til lýsingar, aukinn stuðningur er við útiræktun grænmetis ásamt áherslum í loftslagsmálum og kolefnisbindingu. Eins og stendur í markmiðunum þá er stefnt að allt að 25% aukningu á framleiðslu garðyrkjuafurða á næstu þremur árum. Í samningnum eru mikil tækifæri fyrir ræktendur.

Einnig eru veittir fjármunir til kynbóta í garðyrkju og vegur þar mest framlag til stofnútsæðisverkefnis í kartöflum. Viðbótarfjármunum er bætt inn í þróunarfé garðyrkjunnar þar sem m.a. er stutt við ráðgjafarþjónustu, nýsköpunarverkefni og markaðssetningu. Það er von okkar að garðyrkjubændur nýti þau tækifæri sem felast í nýjum samningi til framleiðsluaukningar og nýsköpunar.

Rammasamningur landbúnaðarins næstur á dagskrá

Strax í framhaldi undirritunar garðyrkjusamnings var boðað til fyrsta fundar um endurskoðun rammasamnings í landbúnaði. Þar fóru fulltrúar Bændasamtakanna yfir helstu atriði sem nauðsynlegt er að taka upp í þeim samningi. Mikilvægustu atriði í þeim viðræðum er starfsumhverfi landbúnaðar til lengri tíma á grundvelli tolla- og fríverslunarsamninga. Þar er nauðsynlegt að bændur og stjórnvöld hafi framtíðarsýn til lengri tíma um stefnu í málefnum er lúta að tollum og tollvernd.

Horft verður til eflingar akuryrkju við endurskoðunina en móta þarf stefnu um aukna framleiðslu á korni, bæði til manneldis og ekki síður til kjarnfóðurframleiðslu. Inni í núverandi rammasamningi er kafli sem fjallar um nýliðun í landbúnaði ásamt skilgreindum fjármunum til hennar. Nauðsynlegt er að endurskoða reglugerðina sem snýr að þessu ákvæði ásamt því að ræða við ríkisvaldið um það hvernig við tryggjum nýliðun í stéttinni. Það þarf að gera með frekari úrræðum, hvort heldur sem er með lánafyrirgreiðslum eða öðrum hvötum sem gera ungu fólki kleift að hefja búrekstur. Eins og áður sagði þá lögðu Bændasamtökin fram á fyrsta fundi þessi meginatriði. Boðað hefur verið til annars fundar 26. maí næstkomandi þar sem við ætlum að leggja fram ákveðnar útfærslur á áðurtöldum atriðum.

Tollaskilgreiningar á reiki

Bændasamtökin eru í viðræðum við fjármálaráðuneytið um skilgreiningu á tollum á innflutningi á svokölluðum jurtaosti og hvaða innihald þurfi að vera til staðar á magni jurtafitu í þeim tegundum sem falla undir heimildir á núll prósent tolli. Aflað hefur verið upplýsinga um tollflokkun þessarar vöru hjá Evrópusambandinu í gegnum sendiskrifstofu ESB á Íslandi frá Directorate General for Taxation and Customs Union (DG TAXD) í Brussel. Þar kemur fram að tollflokkun hér á landi er ekki í samræmi við ESB-tollflokkun. Þetta mál verður að laga og höfum við bændur væntingar um að ráðuneyti fjármála vinni þetta hratt og vel.

Ferðaþjónustubændur sitja uppi með of mikinn fastan kostnað

Annað baráttumál á okkar borði er hvernig við stöndum vörð um hag ferðaþjónustubænda. Þeir sitja uppi með mikinn fastakostnað og nær engar tekjur af eignum sem byggðar hafa verið upp í tengslum við þeirra rekstur. Bændasamtökin hafa verið í viðræðum við Samtök ferðaþjónustunnar og einnig Samband íslenskra sveitarfélaga en þetta er málefni sem verður að leysa með framtíðarsýn og úrlausn sem skilar sér til lengri tíma. Þessi mál verða ekki leyst á einu rekstrarári.

Enn og aftur skiptir samstaðan máli hvar sem við stöndum í rekstri. Það er því vel við hæfi að enda þennan pistil á hvatningarorðum til bænda um að skrá sig á Bændatorgið vegna félagsaðildar að Bændasamtökum Íslands.

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Reykhólar eru þekktir fyrir jarðhita svæðisins og hefur hann m.a. verið nýttur til hitaveitu og þurrkunar á þangi. Þar er líka að finna mikið og fjölskrúðugt lífríki. Jörðin Reykhólar var eitt af höfuðbólum Íslands og mikil hlunnindajörð vegna sjávarfangs og æðavarps. Margar eyjar fylgdu jörðinni. Þorgils Arason, goðorðsmaður á Vestfjörðum, varð fyrstur að byggja sér bæ á Reykhólum en hann var uppi á 11. öldinni. Reykhólar koma við sögu í mörgum fornsögunum og er ein þeirra frægustu um Grettir Ásmundsson og er hægt að finna mörg örnefni sem minna á veru hans á Reykhólum. En hann lét nú ekki vel af vistinni á Reykhólum. Sonur Björns ríka á Skarði, Þorleifur Björnsson hirðstjóri, bjó á Reykhólum á 15. öld. Það er upp úr 1970 að þorp myndast á Reykhólum. Kirkja hefur lengi verið á Reykhólum og þar hefur verið prestssetur síðan 1941.
Mynd / Hörður Kristjánsson.

LÍF & STARF

Leik- og grunnskólabörn af Húsavík ásamt öðrum góðum gestum í heimsókn í Grobbholti. Myndir / Aðalsteinn Árni Baldursson

Líf og fjör í Grobbholti við Húsavík

Það hefur heldur betur verið líf og fjör í Grobbholti liðna daga, en þangað hafa leik- og grunnskólabörn af Húsavík ásamt öðrum góðum gestum komið og litið á litlu lömbin sem þar skoppa nú um að minnsta kosti bráðum grænar grundir.

Grobbholt er skammt ofan Húsavíkur og þar stunda fjórir félagar úr bænum frístundabúskap af miklum móð. Fyrir hópnum fer Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar, stéttarfélags.

„Við erum með um 40 kindur í Grobbholti og búskapurinn hjá okkur gengur vel. Sauðburður hefur sömuleiðis gengið vel og þó nokkuð komið af lömbum," segir hann.

Leikskóla- og grunnskólabörn koma gjarnan við í fjárhúsunum og hafa gaman af að berja ungviðið augum. Sá háttur hefur verið hafður á um nokkurra ára skeið og hafa Aðalsteinn og félagar gert hvað þeir geta til að taka vel á móti börnunum. Þeir hafa bætt við sig dýrum, eru með dúfur, hænu og kanínu svo börnin hafa nóg við að vera í heimsókn sinni í Grobbholt – sem Aðalsteinn segir að sumir hverjir vilji kalla Stóra-Grobbholt og þykir réttnefni.

„Fólk hér um slóðir segir stundum að sumarið sé komið þegar búið er að líta við hjá okkur og heilsa upp á lömbin," segir Aðalsteinn. */MÞÞ*

Aðalstein Árni Baldursson, frístundabóndi og fromaður verkalýðsfélagsins Framsýnar, er ólatur við að sýna börnunum kindurnar sínar.

Kristín Þorvaldsdóttir var í skoðunarferð í Grobbholt og er hér með fallega kanínu í fanginu.

Þetta var gaman. Jón Halldór Guðmundsson, hvergi smeykur með myndarlega landnámshænu á höfðinu.

MÆLT AF MUNNI FRAM 250

Mikið sem góðar vísur geta glatt. **Sigurð Hansen** bónda, skáld og fræðimann á Kringlumýri í Skagafirði, þarf ekki sérstaklega að kynna hér, en færri vita hygg ég af einstakri gjafmildi hans. Staðarhaldarinn í Húnaveri, **Davíð**, sem er bankhagur í betra lagi, hefur verið við smíðar hjá Sigurði Hansen. Þar sem Davíð er nágranni **Einars Kolbeinssonar** í Bólstaðarhlíð, þá þekkir hann nokkuð til búsmala hjá Einari, og gat upplýst að eggandastofn Einars væri án steggs, og því lítil tímgunarvon þar á bæ. Sigurður bjó vel að steggjum, og var í þann veg að grisja hjá sér stofninn. Af mildi sinni ákveður því Sigurður að biðja Davíð smið að færa Einari einn andarstegg þá hann færi heim um kvöldið. Féútlát hefði Einar engin utan þau að launa sér stegginn með vísu. Davíð færir svo Einari stegginn. Verður hann „fjöðrum" feginn, og byrjar strax að hamra saman bragarlaunin. Einari farast svo aðfaraorð að vísunni: Góðvinur minn, Sigurður Hansen bóndi, sem býr öfugum megin Vatnsskarðs, færði mér andarstegg, sem bjargaðist þannig frá Kakalaöxinni og varanlegum aðskilnaði búks og höfuðs. Nú tjóir ekki að nískast neitt og greiða strax umbeðið andvirði:

Stóran prýðir stegginn flest,
stél og eðlið trygga,
ég held samt að mér hugnist best
hvað hann er líkur Sigga.

Um leið og **Sigurður** sér vísuna frá **Einari** sprettur þakkarvísan fram í muna hans:

Þó að mér sæki aldurshregg
engu þarf að kvíða,
ef ég minni á ungan stegg
sem ætlar að fara að…. .

En víkjum frá viðskiptum **Sigurðar** á Kringlumýri og **Einars** í Bólstaðarhlíð.

Næsta vísa er sögð svarfdælsk, en ekki lánaðist mér að finna henni höfund. Að morgni brúðkaupsdags hugðist hinn nývígði brúðgumi færa brúði sinni þakklætisvott fyrir þægilega samveru um nóttina. Það taldi hann best gert með því að færa henni á rúmstokkinn þetta kostulega vísukorn:

Drottinn gefi þér góðan dag
og gleðilegan viðskilnað,
sóma vafin silkihlín
Sigurbjörg, elsku konan mín.

Þessi dægrin eru víða lausir kjarasamningar hjá vinnandi stéttum. Aldrei hefur þó þurft að kalla ríkissáttasemjara til þegar þingfararkaup er hækkað. Um miðja síðustu öld hækkuðu þingmenn laun sín ágreiningslaust. Þá orti **Egill Jónasson** á Húsavík:

Þingmannskaupið þarf að hækka
að þeirra dómi tíma hvurn.
Mér finnst að það mætti lækka
og miða það við eftirspurn.

Þegar **Guðbergur Bergsson** hlaut „Silfurhestinn" fyrir ritverk sitt, Ástir samlyndra hjóna, þá orti **Þórey Jónsdóttir** á Akranesi:

Horbikkjuna höndlað fékk,
- hún er talin mikið þing,
en kímnigáfa kappans hékk
á klámi, bulli og svívirðing.

Finnbogi hét maður **Kristófersson** og bjó í Galtarholti á Mýrum. Finnboga vantaði vinnumann eitt harðindavorið. Hitti hann mann, sem hann þekkti, á förnum vegi og sagði við hann:

Nú er svalt - ég býst við byl,
bana er allt í skolti.
Er það falt þú fáist til
að fara að Galtarholti?

Einhverju sinni var **Finnbogi** á ferð með séra **Einari Friðgeirssyni** á Borg. Er þeir kvöddust kvað Finnbogi:

Mér í hjarta svíður sorg
sviknra æskuvona.
En þér á móti brosir Borg,
börnin fimm og kona.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR

Aðalviðfangsefni rannsókna Emmu Eyþórsdóttur hefur verið á íslensku búfé, sérstaklega sauðfé þar sem áhersla hefur verið á ullar- og gærueiginleika sauðfjár ásamt ræktun kjöteiginleika og kjötgæða.

Landbúnaðarháskóli Íslands:

Emma Eyþórsdóttir dósent lætur af störfum

– eftir farsælar rannsóknir á íslensku búfé

Landbúnaðarháskóli Íslands og samstarfsmenn kvöddu Emmu Eyþórsdóttur, dósent í búerfðafræði og kynbótum, á síðasta starfsdegi hennar þann 7. maí síðastliðinn.

Haldinn var sameiginlegur fjarkveðjufundur við allar þrjár starfsstöðvar skólans og starfsmenn í ljósi samkomutakmarkana. Emmu var þakkað fyrir langan og farsælan feril við skólann og framlag sitt í gegnum tíðina en jafnframt óskað velfarnaðar.

Emma kvödd á fjarfundi.

Hóf störf á Hesti

Emma hóf starfsferil sinn hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem starfsmaður við tilraunabúið á Hesti 1973 og síðar sem aðstoðarmaður við beitartilraunir 1976 og 1977. Hún starfaði sem sérfræðingur við Rannsóknastofnun landbúnaðarins frá 1983 og sem deildarstjóri búfjárdeildar 1998–2004. Við stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands 2005 var hún skipuð dósent við skólann. Emma lauk BSA-prófi í landbúnaðarfræðum með áherslu á búfé frá Manitoba-háskóla í Winnipeg í Kanada 1977. Hún stundaði framhaldsnám í búfjárkynbótum við landbúnaðarháskólann í Ási í Noregi 1986 til 1993.

Virk í norrænu samstarfi

Emma hefur verið virk í norrænu samstarfi, hún hefur meðal annars tekið þátt í rannsóknum á skyldleika og erfðabreytileika norrænna búfjárkynja og stýrt slíku verkefni um sauðfé. Hún hefur setið í erfðanefnd landbúnaðarins frá stofnun nefndarinnar árið 2003 og sem formaður frá 2015. Áður var hún formaður erfðanefndar búfjár. Enn fremur hefur hún setið í stjórn Norræna genabankans fyrir húsdýr og síðar í húsdýraráði NordGen sem sinnir norrænu samstarfi um erfðaauðlindir í landbúnaði. Frá 2017 hefur hún verið í stjórn NordGen. */VH*

Hótel Saga í Bændahöllinni við Hagatorg. Mynd / HKr.

Hótel Saga:

Allt gert til að halda starfseminni gangandi

Hótel Saga býður um þessar mundir upp á lúxusherbergi á einstaklega góðum kjörum. Hægt er að fá eins manns herbergi fyrir 10 þúsund krónur á nóttina og tveggja manna herbergi fyrir 12 þúsund krónur auk þess sem bændur í kaupstaðarferð fá tvö þúsund króna afslátt af þessum kostakjörum.

Líkt og önnur fyrirtæki í ferðaþjónustu hefur rekstur Hótel Sögu orðið fyrir mikilli skerðingu í kjölfar COVID-19. Tekjur hótelsins hrundu á einni nóttu og var nýting gistirýma í apríl 1,4% og takmarka þurfti veitingasölu til að fara eftir sóttvarnarlögum.

Ingibjörg Ólafsdóttir, hótelstjóri Hótel Sögu, segir að fljótlega eftir að COVID-19 hafi komið upp hafi verið ljóst að staðan í ferðageiranum yrði alvarleg og það þyrfti að grípa til erfiðra aðgerða og oft sársaukafullra aðgerða.

Höldum opnu

„Við erum enn að átta okkur á hvað við þurfum margt starfsfólk til að halda lágmarksstarfsemi og sem dæmi þá er hótelið opið en við mönnum gestamóttökuna með starfsfólkinu á Mímisbar sem er líka opinn.“

Ingibjörg segir að það séu talsvert að veislum bókaðar í haust og núna sé verið að skoða hvernig sé hægt að standa við þær bókanir og án þess að draga úr þjónustunni. „Meðal hugmynda er að ráða fólk sem verktaka sem verður hjá okkur þegar eitthvað er að gera í húsinu.“

Ingibjörg Ólafsdóttir, hótelstjóri Hótel Sögu.

Tilboð á gistingu

Gisting á lúxusherbergi á Hótel Sögu kostar 10 þúsund krónur nóttin fyrir eins manns herbergi og 12 þúsund krónur fyrir tveggja manna herbergi. Ingibjörg segir að auk þess fái bændur í kaupstaðarferð tvö þúsund króna afslátt af því verði. Að vísu fylgir ekki morgunverðarhlaðborð gistingunni en gestir fá nýjar samlokur úr bakaríi hótelsins, kaffi eða te og ávaxtabúst í afgreiðslunni á fyrstu hæð og geta hvort sem er borðað það niðri eða farið með upp á herbergi.

„Eins og skilja má skilur tilboð eins og þetta ekki mikið eftir sig og verðið meira en helmingi lægra en á sama tíma á síðasta ári þegar nýtingin var í kringum 80%. Besti dagurinn í maí á þessu ári til þessa var hins vegar 6,2% nýting.

Eftir að samkomubannið var rýmkað úr 20 í 50 manns 4. maí síðastliðinn hefur aðsóknin að Mímisbar aukist og eftir að rýmkað verður enn meira opnast möguleikar til að nota salina í húsinu,“ segir Ingibjörg.

Átti enginn von á svona tekjufalli

„Ég held að það hafi enginn átt von á því að ferðamannabransinn mundi hrynja á þessu ári og við myndum lenda í þeirri einkennilegu stöðu að verða tekjulaus á einni nóttu. Á sama tíma sitjum við uppi með fastan kostnað og í ferðaþjónustu er launakostnaður hátt hlutfall þess kostnaðar.

Við byrjuðum á því að losa um þann kostnað með því að segja upp starfsfólki sem var með eins mánaðar uppsagnarfrest eða minna. Næst völdum við að fara hlutabótaleiðina sem stjórnvöld bjóða og settum alla aðra starfsmenn á 25% laun. Um tíma vorum við því með talsverðan fjölda starfsmanna á 100% launum og aðra á 25% og þegar stjórnvöld kynntu þriggja mánaða uppsagnarmöguleikann, að stjórnvöld tækju 85% af uppsagnarfrestinum yfir á sig, sögðum við öllu starfsfólkinu upp og mér þar með talinni. Kosturinn við þá leið er að þá kemst aftur á ráðningarsamband milli hótelsins og starfsfólksins og við höfum þrjá mánuði til að reyna að búa til einhvern starfsgrundvöll kringum rekstur hótelsins, veitingasöluna og gistinguna, sem getur haldið rekstrinum lifandi og staðið undir sér þangað til að ástandið lagast.

Að mínu mati ætti maí og júní að nægja til að gefa okkur mynd af því hvaða tekjur við getum haft og hvað við þurfum að gera til að ná þeim.“ */VH*

Landssamband kúabænda efnir til myndasamkeppni

Landssamband kúabænda efnir til myndasamkeppni á samfélagsmiðlum í samstarfi við Mjólkursamsöluna í tilefni af alþjóðlega mjólkurdeginum (e. World Milk Day) sem haldinn er hátíðlegur víða um heim 1. júní næstkomandi.

Eru bændur og aðrir fullorðnir sem börn hvattir til að birta skemmtilegar og áhugaverðar myndir og myndbönd sem tengjast íslenskri mjólk og mjólkurframleiðslu á samfélagsmiðlum og merkja þær #DrekkumMjólk og #WorldMilkDay til að taka

þátt. „Með samkeppninni viljum við veita innsýn í lífið í sveitinni og íslenska matvælaframleiðslu á skemmtilegan og sem fjölbreyttastan hátt,“ segir Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri LK.

Dómnefnd mun velja bestu innsendu myndirnar eða myndböndin mánudaginn 2. júní og verða veitt vegleg verðlaun fyrir efstu þrjú sætin. Hægt er að birta efni á Facebook, Instagram, Twitter og Tiktok og þarf reikningurinn að vera opinn svo færslan sjáist. Frestur til að senda inn efni er út sunnudaginn 1. júní.

can-am

BRP

TÆKI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á

OUTLANDER
PRO 650 6X6

VERÐ ÁN VSK
2.490.000 KR.

VERÐ MEÐ VSK
3.090.000 KR.

OUTLANDER
450 PRO

VERÐ ÁN VSK
1.443.000 KR.

VERÐ MEÐ VSK
1.790.000 KR.

OUTLANDER
450 PRO 6X6

VERÐ ÁN VSK
1.927.000 KR.

VERÐ MEÐ VSK
2.390.000 KR.

OUTLANDER
570 XT MAX

VERÐ ÁN VSK
1.846.000 KR.

VERÐ MEÐ VSK
2.290.000 KR.

ALLT AÐ 75% FJÁRMÖGNUN

ELLINGSEN.IS

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

BRP@ELLINGSEN.IS

FRÉTTIR

Margt hefur breyst en sem betur fer ekki allt

Það hefur margt breyst í samfélaginu okkar eftir COVID-19 en sem betur fer ekki allt.

Í janúar gátum við gert allt sem okkur sýndist, frelsið var framar öllu og allir máttu gera það sem þeim fannst rétt á hverjum tíma. Ferðalög voru skipulögð og landamærin við umheiminn voru ekki til.

Innflytjendur matvæla töluðu um frelsi og valkost neytenda og gerðu lítið úr umræðu bænda um mikilvægi fæðuöryggis og hvað þá matvælaöryggis.

Eins og hendi var veifað þá kom upp staða í heiminum þar sem allar þjóðir þurftu að standa vörð um fæðuöryggi sinnar þjóðar. Verkefnið sneri að því að halda uppi matvælaframleiðslu þrátt fyrir fjöldatakmarkanir og þá sneru aðgerðir að því að tryggja fyrst og fremst fæðu fyrir þegna hvers lands. Útflutningur var aukaatriði á þessum tímapunkti og innflutningur nánast lagðist af. Íslendingar fundu fyrir þessu og þá sérstaklega í sjávarútvegi. Allar þjóðir litu inn á við. Hér á Íslandi var það sama upp á teningnum, innflutningur minnkaði verulega og þjóðin gat reitt sig á íslenska bændur og matvælaframleiðendur.

Auðvelt er að leiða hugann að því hvernig staðan væri ef við værum háðari innflutningi en raunin er. Ef markaðsumhverfið hér á landi væri eins og blautur draumur innflytjenda þá værum við án efa í erfiðari stöðu sem þjóð.

Bara lítið dæmi um það er íslenska krónan og verðlag. Frá því í byrjun janúar hefur evran hækkað úr 137 kr. upp í 157 kr. Sem þýðir að innfluttar matvörur hefðu hækkað á neytendur um ein 15%. Annað dæmi er sá veikleiki að vera háður innflutningi á nauðsynjavörum.

Það er von að við munum og lærum af þessu ástandi. Munum mikilvægi þess að standa vörð um fæðuöryggi þjóðarinnar og lærum af því að þegar öllu er á botninn hvolft þá þurfum við að sjá um okkur sjálf.

Sigmar Vilhjálmsson
talsmaður FESK,
Félags eggja-, svína- og kjúklingabænda á Íslandi.

Sóknaráætlanir landshluta:
Viðbótarfjárveiting

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra kynnti nýlega 200 milljóna króna viðbótarfjárveitingu í sóknaráætlanir landshluta en hún er liður í fjárfestingarátaki stjórnvalda til að sporna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru og styðja við verkefni á landsbyggðinni.

Viðbótarfjárveitingin mun renna til sjö landshlutasamtaka sveitarfélaga á landsbyggðinni. 150 milljónir króna skiptast jafnt á milli landshluta og 50 milljónir króna dreifast á landshluta að teknu tilliti til hlutfalls atvinnutekna í gistingu og veitingum árið 2018 á hverju svæði fyrir sig. Hver landshluti fær því samtals á bilinu 25,2 til 36 milljónir til ráðstöfunar.

Leggja skal áherslu á þær atvinnugreinar sem orðið hafa hvað verst úti vegna COVID-19 faraldursins. */VH*

Fósturvísar og sæði frá Noregi:
Ný sending af Aberdeen Angus

Um miðjan maí barst til landsins sending af 26 fósturvísum frá Noregi ásamt 50 sæðisskömmtum sem er í fyrsta sinn sem sæði er flutt inn á einangrunarstöðina að Stóra-Ármóti.

Fósturvísarnir eru undan Emil av Lillebakken en sæðið úr Jens av Grani, sem eru helstu gæða- og þarfanaut af Angus-kyni í Noregi í dag. Kvígurnar sem verða sæddar eru fæddar 2018 en fósturvísarnir verða settir upp um mánaðamótin júní og júlí.

Síðasta haust festu átta kýr fang með fósturvísum undan Emil av Lillebakken og bera þær fyrstu um miðjan júní næstkomandi. */VH*

Víða kal í túnum norðan heiða

„Það er útlit fyrir að nokkuð verði um kal hér um slóðir, sérstaklega í nýlegum túnum eins og búast má við," segir Anna Margrét Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda.

Hún hefur heyrt frá nokkrum bæjum á sínu svæði og segir að á sumum þeirra sé kalið umtalsvert, en minna á öðrum. „Það fjölgar sífellt bæjum með kalúttektir, þær virðast því miður vera víðtækari en ég var að vona. Ég hef ekki heyrt mikið í Strandamönnum enn en staðan í Húnavatnssýslum er sú að kal í túnum þar er allnokkuð."

Úr Svarfaðardal. Svellalög hafa verið undir miklu fannfergi á túnum síðan í desember og kæft gróðurinn sem undir var. Mynd / MÞÞ

Enn snjór yfir í Fljótum

Eiríkur Loftsson, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins í Skagafirði, segir stöðu þar breytilega. Búast megi við að kal sé víða að finna í Skagafirði, allt frá því að vera fremur lítill hluti túna upp í að vera umtalsvert. „Það hefur hlýnað rólega og túnin þorna því hægt sums staðar og þar tekur gróður seint við sér," segir Eiríkur. Enn er hér og hvar snjór yfir túnum í Fljótum þar sem gríðarmikill snjór var í vetur, en Eiríkur segir hann taka fljótt upp ef hlýni í veðri. Segir hann að ekki sé búist við miklu kali og jafnvel engu á þeim slóðum.

Tún á Skjaldfönn við Ísafjarðardjúp hafa legið undir klaka og miklu fannfergi í marga mánuði. Vegna ófærðar var þyrla Landhelgisgæslunnar fengin til að færa Indriða Aðalsteinssyni bónda vistir í mars.

Víða kal í um helmingi túna

Staðan í Eyjafirði er misjöfn eins og annars staðar, en Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar, segir að víða hátti svo til að helmingur túna og jafnvel ríflega það sé kalinn. Í Hörgársveit er töluvert um kal í túnum og víða mjög slæmt, en þar eru þekkt kalsvæði. Svarfaðardalur er rétt nýlega kominn undan snjó og gildir það sama um hann og önnur svæði, víða er mikið kal í túnum en aðrir staðir hafa sloppið betur.

Enn er töluverður snjór yfir í Skíðadal og því ekki komið í ljós enn hvernig tún koma undan.

Sigurgeir segir að almennt séu það nýleg tún, nýræktir sem sáð hefur verið í til þess að gera fyrir fáum árum sem verða kali að bráð.

Illa farnar girðingar

Sigurgeir nefnir líka að mikið sé um það um þessar mundir að bændur tilkynni tjón á girðingum. Liðinn vetur var óvenju snjóþungur og erfiður og áttu menn von á því að girðingar kæmu illa undan honum. „Sú er að verða raunin, það er mikið hringt til að tilkynna um tjón á girðingum en þar sem verst lætur eru þær allar meira og minna ónýtar."

Þá má geta þess að í stuttu samtali við Indriða Aðalsteinsson, bónda á Skjaldfönn við Ísafjarðardjúp, kom fram að þar um slóðir væri mjög mikið kal. Taldi hann að um þrír fjórðu hlutar sinna túna væru undirlagðir af kalskemmdum. Indriði komst í fréttir í mars þegar þyrla Landhelgisgæslunnar flutti til hans vistir eftir innilokun hans vegna snjóa síðan í janúar. */MÞÞ/HKr.*

Þingmenn Suðurkjördæmis funduðu með sveitarstjórnarfólki vegna COVID-19:
Mikið atvinnuleysi á svæðinu

Nýlega var haldinn sameiginlegur fundur í gegnum fjarfundabúnað þingmanna Suðurkjördæmis, stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og bæjar- og sveitarstjóra á Suðurlandi. Tilgangur fundarins var að upplýsa um aðgerðir SASS og sveitarfélaganna á Suðurlandi í tengslum við COVID-19 faraldurinn og ræða jafnframt hugmyndir um leiðir til viðspyrnu og sóknarfæra.

Fram kom að höggið er mikið á Suðurlandi vegna veirunnar en þess má geta að 2018 komu um 29% af atvinnutekjum í Skaftafellssýslum af gistingu og veitingum og hlutfallið í Uppsveitum var 13% og Rangárvallasýslu 11%. Nánast 100% afbókun var frá fyrsta degi kórónaveirunnar.

Samkvæmt nýjustu tölum Vinnumálastofnunar frá 15. apríl er gert ráð fyrir að atvinnuleysi á Suðurlandi verði að meðaltali 15,7% í apríl og 13,3% í maí. Landsmeðaltalið er áætlað 16,9% á apríl og 14,4% í maí.

Mest er atvinnuleysið áætlað í Mýrdalshreppi, 41,6% í apríl, í Skaftárhreppi 28% og Bláskógabyggð 26,6%. Spá Vinnumálastofnunar gerir ráð fyrir að atvinnuleysið minnki í maí.

Staða sveitarfélaganna

Fulltrúar sveitarfélaganna kynntu stöðuna hvert í sínu sveitarfélagi og gerðu grein fyrir helstu aðgerðum. Sveitarfélögin hafa veitt greiðslufresti á fasteignagjöldum hjá fyrirtækjum sem hafa orðið fyrir tekjutapi. Veittur hefur verið afsláttur eða gjöld látin niður falla af sem dæmi þjónustu leikskóla- og frístundastarfi. Sveitarfélögin hafa reynt eftir megni að fylgja aðgerðapakka Sambands íslenskra sveitarfélaga og fara í flýtiframkvæmdir en úrræðin eru takmörkuð innan núverandi tekjuramma og lækkaðra útsvarstekna. Einnig leggja sveitarfélögin áherslu á félags- og heilbrigðisþjónustu og að upplýsa íbúa um stöðu mála.

Sjö mikilvæg mál

Á fundinum komu fram sjö mikilvæg mál, sem sveitarfélögin leggja mikla áherslu á á COVID-19 tímum.

1. Fella niður vsk af fráveitu- og viðhaldsframkvæmdum.
2. Markaðsátak til að hvetja Íslendinga til að sækja Suðurland heim.
3. Nýsköpun fyrir starfandi fyrirtæki.
4. Fá á hreint stöðu Jöfnunarsjóðs.
5. Hamfaraástandið sem skapast hefur þarf ríkið að bæta líkt og um aflabrest sé að ræða.
6. Fá á hreint greiðslur vegna lagningar á ljósleiðara og hvað skuli gert í þéttbýliskjörnum sem búa við markaðsbrest, s.s. í Vestmannaeyjum. */MHH*

Tryggðu heyfenginn

Lífland er með hágæða vörur fyrir heyskapinn.
Hágæða rúlluplast og allt til stæðugerðar.

Rúlluplast, net og möttulfilmur

Megastretch 5 laga

Vörunúmer	Vörulýsing	Þykkt míkron	Verð (án vsk)
VHPLAST75HV	Megastretch 75cm x 1500m HVÍTT	25	**11.400**
VHPLAST75GR	Megastretch 75cm x 1500m GRÆNT	25	**11.400**
VHPLAST75SV	Megastretch 75cm x 1500m SVART	25	**10.900**
Möttulfilma og rúllunet			
VH5VM1402000	TrioBaleCompressor möttulfilma 1,40cm x 2000m f. McHale	17	**27.600**
VH5VM1282200	TrioBaleCompressor möttulfilma 1,28cm x 2200m f. Krone	17	**29.650**
VHTC130CMX3000M	Rúllunet Total Cover 1,30m x 3000 m		**20.990**
VHTOTALCOVER3600	Rúllunet Total Cover 1,23m x 3600 m		**23.700**

Verðlistinn er birtur með fyrirvara um prentvillur. Lífland áskilur sér rétt til fyrirvaralausra verðbreytinga vegna gengis- og verðþróunar.

Fyrir stæðugerð

Yfirbreiðsluplast

MegaCombi 2in1 yfirbreiðsluplast
Stærðir frá 12x50m til 16x50m

MegaplastPower yfirbreiðsluplast - einfalt
Stærðir frá 10x50m til 16x50m

TopSeal glært undirplast
Stærðir frá 10x50m til 16x50m

Aukahlutir fyrir stæður

Eigum einnig aukahluti eins og sandpoka fyrir votheysstæður og net yfir votheysstæður í stærðum frá 8x10m til 14x15m.

Dæla fyrir íblöndunarefni

VH4ZDSG100 Dæla DSG 100
Öflug dæla fyrir íblöndunarefni með 100 L tanki, rafstýrð og auðveld í uppsetningu og allri notkun.
199.000 kr.

MAGNIVA FORAGE INOCULANTS · LALLEMAND

MAGNIVA - Íblöndunarefni í fremstu röð

LÍFLAND SÖLUDEILD
BRÚARVOGI
SÍMI: 540 1100
lifland@lifland.is

VERSLUN REYKJAVÍK
LYNGHÁLSI 3
SÍMI: 540 1125

VERSLUN AKUREYRI
ÓSEYRI 1
SÍMI: 540 1150

VERSLUN BORGARNESI
BORGARBRAUT 55
SÍMI: 540 1154

VERSLUN BLÖNDUÓSI
EFSTUBRAUT 1
SÍMI: 540 1155

VERSLUN HVOLSVELLI
ORMSVÖLLUR 5
SÍMI: 487 8888

LÍFLAND

New Holland T5.120 EC með 740TL ámoksturstækjum

Nánari upplýsingar um vélina á sölutorgi Kraftvéla á **www.kraftvelar.is**

Eigum örfáar vélar til afgreiðslu strax á eldra gengi.

Verð
10.950.000 kr. án vsk.
13.578.000. kr. með vsk.

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Hrísmýri 7 • 800 Selfossi • Sími 535 3589
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

FRÉTTIR

Grýtubakkahreppur:

Jákvæð viðbrögð við Viðspyrnusjóði

„Viðbrögðin eru mjög jákvæð og þegar hafa borist nokkrar umsóknir en ég á von á fleirum," segir Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi. Viðspyrnusjóður sveitarfélagsins í samstarfi við Sænes ehf. var stofnaður til að aðstoða ferðaþjónustufyrirtæki í hreppnum vegna þess ástands sem skapaðist af völdum Covid-faraldursins.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps hefur á umliðnum vikum rætt ítrekað um stöðuna og mögulegar leiðir til að aðstoða ferðaþjónustufyrirtæki í hreppnum í þeirri von að þau komist heilu og höldnu í gegnum niðursveifluna. Afrakstur þeirrar umræðu er stofnun viðspyrnusjóðs í samstarfi við Sænes ehf. Viðspyrnusjóðurinn hefur að sögn Þrastar tvíþætt hlutverk, að styðja við ferðaþjónustufyrirtæki með beinum hætti og síðan að kynna sveitarfélagið þegar faraldur er að baki, bæði sem spennandi ferðamannastað og sem góðan búsetukost.

Betri staða en mörg önnur sveitarfélög búa við

Þröstur segir að Grýtubakkahreppur sé að mörgu leyti í betri stöðu en sum önnur sveitarfélög landsins. Lítið sem ekkert atvinnuleysi er í sveitarfélaginu og önnur hjól atvinnulífsins en ferðaþjónustan snúast þokkalega. Þannig gerðu tveir bátar út á grásleppu og gengur ljómandi vel, hvor um sig fékk um 70 tonn.

Þröstur segir að ferðaþjónustuaðilar í Grýtubakkahreppi fylli vart tuginn og flest fyrirtækjanna séu lítil. Hjá þeim sé allt stopp eins og annars staðar og mikið um afbókanir.

Hann segir vinnu sveitarstjórnar miða að því að samfélagið allt, fólk og fyrirtæki komi sem sterkast í gegnum afleiðingar heimsfaraldursins og að það muni eflast fremur en hitt. „Sveitarstjórn mun áfram ræða stöðuna og fram undan eru vonandi skemmtilegri tímar þar sem daglegt líf færist smátt og smátt í fyrra horf," segir hann. */MÞÞ*



Til stendur að hanna og smíða risastóra kú í Eyjafjarðarsveit og koma fyrir á góðum stað. Það er gert til að minna á hversu sveitarfélagið er mikilvægt þegar kemur að mjólkurframleiðslu hér á landi. Mynd / Karl Frímannsson

Verkefnið Risakusa á teikniborðinu í Eyjafjarðarsveit:

Á að minna á mikilvægi mjólkurframleiðslunnar í sveitinni fyrir landið allt

„Þetta er spennandi verkefni sem á að undirstrika hversu mikilvæg Eyjafjarðarsveit er fyrir mjólkurframleiðslu í landinu," segir Finnur Yngvi Kristinsson, sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit, um verkefni sem manna á milli nefnist Risakusa.

Til stendur að útbúa heljarinnar stóra kú og koma henni fyrir á góðum stað í sveitarfélaginu. Með þeim hætti verður til nýtt kennileiti í sveitinni og risakusan mun minna gesti og gangandi á hversu stór hluti þeirrar mjólkur sem framleiddur er á Íslandi á uppruna sinni í Eyjafjarðarsveit.

Búið að semja við listamann

Finnur segir að samið hafi verið við listamanninn og eldsmiðinn Beate Stormo, sem jafnframt er bóndi í Kristnesi, um að hanna og smíða listaverkið sem til framtíðar fær að njóta sín vel á fallegum stað í sveitinni.

„Staðsetning og stærð hefur að svo stöddu ekki verið ákveðin, en framgangur verkefnisins ræðst af því hvort styrkir fáist til að vinna að því," segir hann. Ferðamálafélag Eyjafjarðarsveitar stjórnar verkefninu en sveitarfélagið liðkar fyrir því á ýmsa lund svo sem að veita aðstoð við að finna góða staðsetningu og vinna að aðgengismálum sem henni tengjast.

Minni útgáfur við heimreiðar

Finnur segir að verkefnið sé líka spennandi að því leyti að það tengist ýmsum öðrum verkefnum sem í gangi eru um þessar mundir eins og Matarstíg Helga magra, Sveitir Norðurlands sem og matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu í Eyjafjarðarsveit.

„Á það er stefnt að þeir sem stunda framleiðslu af einhverju tagi á búum sínum, hvort heldur sem hún tengist skepnum eða ræktun, geti eflt verkefnið og um leið ánægju ferðamanna um sveitina með því að setja minni útgáfur listaverksins við heimreiðar sínar en aðlaga það að eigin framleiðslu," segir Finnur og nefnir í því sambandi t.d. kálfa, kindur paprikur, hænur og hvað eina sem verið er að fást við heima á býlunum.

Smíðað úr gömlu landbúnaðargóssi

María Pálsdóttir, sem sæti á í stjórn Ferðamálafélags Eyafjarðar, segist í mörg ár hafa velt fyrir sér listaverki sem hefði aðdráttarafl fyrir svæðið. Félagið hafi komið inn í það dæmi og nú er búið að semja við Beate um smíði listaverksins. Sótt hafi verið um styrki og bíði menn spenntir eftir svörum.

„Vonandi getum við vígt risalistaverkið í tengslum við Handverkshátíðina á Hrafnagilsskóla 2021," segir María

Hugmyndin er að sögn Maríu að skúlptúrinn verði smíðaður úr gömlum heyvinnuvélum og öðru endurnýtanlegu landbúnaðargóssi. Sveitarfélagið mun leggja til stað undir skúlptúrinn og útbúa bílastæði og nestisaðstöðu og ef til vill salerni.

„Og allir munu vilja berja kusuna augum og taka mynd af sér með henni," segir hún. „Það er mikill hugur í ferðaþjónustufólki í Eyjafjarðarsveit og við hlökkum til að taka á móti öllum íslensku ferðamönnunum í sumar." */MÞÞ*

Mikil ánægja er hjá slökkviliðsmönnum BAH með nýja húsið og alla aðstöðu í húsinu, sem verður eins og best verður á kosið þegar öllum framkvæmdum er lokið. Myndir / BAH

Ný og glæsileg slökkviliðsstöð tekin í gagnið á Blönduósi

Formleg afhending nýrrar slökkvistöðvar á Blönduósi fór fram föstudaginn 8. maí. Brunavarnir Austur-Húnvetninga (BAH), sem er byggðarsamlag Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps um brunavarnir í sveitarfélögunum, festi kaup á húsnæðinu sem stendur stakt að Efstubraut 2 en þar var áður lager fyrirtækisins Léttitækni. Húsnæðið var byggt 2007 og er 486 fm.

„Bætt aðstaða slökkviliða, bæði til viðbragða, þjálfunar og fræðslu er fyrsta skrefið í þá átt að stórbæta brunavarnir. Slökkviliðið hefur búið við þröngan kost á núverandi slökkvistöð liðsins að Norðurlandsvegi 2 en það húsnæði var byggt 1975 og einungis 223 fm. Má því segja að langþráð og þörf uppbygging aðstöðu liðsins sé í augsýn. Slökkviliðið hefur ekki haft nægt rými eða aðstöðu sem skyldi til að sinna þjálfun og þeim fjölbreyttu verkefnum sem liðið þarf að sinna. Leigja hefur þurft aukahúsnæði síðastliðin ár fyrir tankbíl liðsins vegna plássleysis en það er mjög slæmt gagnvart viðbragðstíma liðsins í útköllum," segir Ingvar Sigurðsson slökkviliðsstjóri.

Í nýju húsnæði verður hægt að hafa allar bifreiðar og búnað liðsins undir sama þaki, ásamt því að útbúa kennsluaðstöðu, búningsklefa, sauna afeitrunarklefa, þvottaaðstöðu, skrifstofur, stjórnstöð og ýmis aðstöðurými. Í tilefni af afhendingunni kom hluti slökkviliðsmanna BAH saman og skoðaði húsnæðið með tveggja metra regluna í heiðri. Í ljósi aðstæðna er ekki hægt að boða til viðburðar svo íbúar geti skoðað húsnæðið að svo stöddu en tækifæri gefst vonandi þegar fram líða stundir og breytingum húsnæðinu jafnvel lokið. */MHH*

Ingvar slökkviliðsstjóri tekur hér við lyklunum að nýja húsnæðinu af Jakobi Jónssyni, framkvæmdastjóra og eiganda Létttæknis, sem seldi slökkviliðinu húsnæðið.

Svalbarðsstrandarhreppur:

Vel í stakk búinn til að takast á við efnahagslegt áfall

– Viðspyrnuaðgerðir í farvatninu

Atvinnuleysi í Svalbarðsstrandarhreppi samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun var 4,3% í mars síðastliðnum og áætlað atvinnuleysi í apríl er 8,4%. Til samanburðar var atvinnuleysi í mars í fyrra 1,27% og 0,96% í apríl.

Á fundi sveitarstjórnar á dögunum var lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra, m.a. með tillögum um viðspyrnuaðgerðir sveitarfélagsins vegna COVID-19 faraldursins. Þá hafa verið teknar saman upplýsingar um breytingar á rekstri sveitarfélagsins sem geta orðið til lækkunar á útsvari, fasteignagjöldum og samdrætti í úthlutun Jöfnunarsjóðs. Þrjár sviðsmyndir liggja fyrir en sú svartsýnasta gerir ráð fyrir 15% samdrætti í útsvari og öðrum tekjum og 10% samdrætti í fasteignagjöldum og framlagi Jöfnunarsjóðs, eða alls 60 milljónum króna. Stefnt er þó að því að útkoman verði hagstæðari, eða að samdráttur nemi um 30 milljónum króna.

Lágar langtímaskuldir

Svalbarðsstrandarhreppur er ágætlega í stakk búinn til að takast á við efnahagslegt áfall sem hlýst af faraldrinum. Langtímaskuldir sveitarfélagsins eru um 12 milljónir króna. Í fundargerð kemur fram að mikilvægt sé að vernda heimili og fyrirtæki eins og kostur er og hlúa að íbúum sveitarfélagsins, velferð þeirra og andlegri líðan. Sveitarstjórnin hefur því sett saman tíu aðgerðir sem felast annars vegar í áskorun til ríkisins um sértækar aðgerðir og hins vegar um vernd og viðspyrnu sveitarfélagsins fyrir starfsemi sína, íbúa og rekstraraðila.

Velferðarþjónusta efld

Hvað sértækar aðgerðir varðar er skorað á ríkisvald að koma með sveitarfélögum í stærri verkefni eins og fráveitu, styðja við uppbyggingu innviða sem nýtast bæði íbúum og ferðamönnum, eins og t.d. lagning göngu- og hjólastíga, áningastaða og gönguleiðir.

Svalbarðsstrandahreppur hefur frestað allt að þremur gjalddögum fasteignagjalda á íbúða- og atvinnuhúsnæði, gjöld í leikskóla hafa verið lækkuð í samræmi við notkun þjónustu og áfram verður matur í leik- og grunnskóla ókeypis. Efla á velferðarþjónustu og byggja upp gönguleiðir bæði innan og utan þéttbýlis á Svalbarðsströnd.

Framkvæmdir við leik- og grunnskóla

Þá má nefna að farið verður í viðhaldsframkvæmdir, m.a. á húsnæði Valsársskóla og við leikskólann Álfaborg og einnig við útisvæði skólanna. Útistofa verður sett upp við báða skólana. Þá verður hugað að umhverfi tjarna við vita og Tjarnartún og það lagað. Réttin verður endurnýjuð sem og fjallgirðing.

Verkefni fyrir sumarstarfsmenn verða m.a. við að eyða kerfli, setja upp bekki og palla og minni áningarstaði fyrir göngufólk.

/MÞÞ

Svalbarðsstrandahreppur stendur ágætlega og er vel í stakk búinn að takast á við efnahagslegt áfall í kjölfar COVID-19. Mynd / MÞÞ

Vinnuskóli Flóahrepps:

Starfræktur frá 8. júní til 24. júlí

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt að vinnuskóli fyrir nemendur í 8.–10. bekk í sveitarfélaginu verði frá 8. júní til 24. júlí í sumar, eða í sex vikur frá mánudegi til fimmtudags.

Ein vika verður frívika í samráði við flokksstjóra. Nemendur úr 7. bekk fá vinnu í 2 vikur í samráði við flokksstjóra. Þá verður einnig í boði vinnutengt úrræði í samráði við verkefnisstjóra í málaflokki fatlaðra á Suðurlandi fyrir íbúa í Flóahreppi 16–18 ára. Flokksstjórar í vinnuskólanum verða þær Kristín Lilja Sigurjónsdóttir, Andrea Björk Olgeirsdóttir og Ingibjörg Hugrún Jóhannesdóttir. */MHH*

Íslenskar vörur
fyrir íslenskar aðstæður

HUGVIT HRÁEFNI HREINLEIKI ÍSLENSKT

Alþjóðlega viðurkenndar fyrir frábær gæði og einstaka virkni.

20% afsláttur út maí

Andlitskremið inniheldur SPF 15 sólarvörn og mikilvæg andoxunarefni sem vernda húðina gegn skaðlegum umhverfisþáttum, m.a. útfjólublaum geislum sólar og bláu ljósi frá tölvu- og snjalltækjaskjám. Þessi vörn varðveitir æskuljóma húðarinnar og ver hana fyrir ertingu og ótímabærum skaða. Hentar einstaklega vel þeim sem vinna utandyra.

Sölustaðir: Apótekin, Hagkaup, Vorhús Akureyri, mai.is og chitocare.is

Primex er íslenskt líftæknifyrirtæki á Siglufirði sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu á kítósanvörum fyrir fæðubótarefni, lækningatæki, snyrtivörur og ýmsa aðra notkun. Frá árinu 1999 hefur Primex unnið að því að breyta hráefni, sem áður var úrgangur, í verðmætar afurðir sem bæta lífsgæði manna og dýra.

primex ICELAND

ÓSKARSGATA 7 · 580 SIGLUFJÖRÐUR
SÍMI: 460 6900 · INFO@PRIMEX.IS · WWW.CHITOCARE.IS

chitocare.is
chitocare
PrimexIceland

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS

bleki bleki.bonnun.is

FRÉTTIR

Mikið byggt á Hellu

Miklar byggingaframkvæmdir eiga sér stað á Hellu um þessar mundir, eða í Rangárþingi ytra eins og sveitarfélagið heitir.

Sveitarfélagið hefur fest kaup á 6 nýjum íbúðum í jafnmörgum raðhúsum í Ölduhverfinu og hefur þannig tekist að örva nýbyggingar á hagkvæmum minni íbúðum, sem mikill skortur var á á Hellu. Þannig hafa risið 7 raðhúsalengjur og eru 5 þeirra komnar í notkun en samtals eru það 29 íbúðir. */MHH*

Nær 51 þúsund erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands voru 50.665 erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi þann 1. apríl 2020 og fjölgaði þeim um 1.321 frá 1. desember á síðasta ári.

Á sama tíma fjölgaði íslenskum ríkisborgurum sem búsettir eru hér á landi um 663 samkvæmt skráningu Þjóðskrár. Pólskum ríkisborgurum sem búsettir eru hér á landi fjölgaði á ofannefndu tímabili um 277 einstaklinga. Næstmest fjölgun var meðal rúmenskra ríkisborgara, eða um 165.

/MHH

Kattarkragi, sem er m.a. hægt að kaupa í vefverslun Fuglaverndar. Póstsent er um allt land. Mynd / Daníel Bergmann

Fuglavernd:

Kattaeigendur haldi köttum sínum inni yfir varptímann

Fuglavernd Íslands hefur sent frá sér tilkynningu þar sem skorað er á kattaeigendur að halda köttum inni yfir varptíma fugla enda séu kettir öflug og afkastamikil rándýr sem höggva stór skörð í stofna fugla sem verpa í nágrenni við mannabústaði ár hvert. Á varptíma sé því mikilvægt að lausaganga katta sé takmörkuð og sérstaklega yfir nóttina.

Bjöllur og kattarkragar eru í sumum tilfellum betri vörn en engin en langbest er að halda þeim inni. Samkvæmt Fuglavernd þá veiða kettir helst skógarþresti, svartþresti, stara, snjótittlinga, auðnutittlinga og þúfutittlinga.

Kattarkragar virka vel

Fuglavernd segir að svokallaðir „kattarkragar“ hafi verið að gefa góða raun við fælingarmátt. Kattarkragar eru í skærum litum og gera það að verkum að rándýrinu tekst síður að læðast að bráðinni, þar sem fuglar sjá skæra liti mjög vel.

„Rannsóknir sýna að kettir með kraga drepa allt að 19 sinnum færri fugla en kettir sem eru ekki með kraga. Þá hafa kragar sem eru marglitir (regnbogalitir) gefið betri árangur en rauðir eða gulir“, segir m.a. í tilkynningunni frá Fuglavernd. */MHH*

Tvíkelfingarnir Hetta og Hjálma láta fara vel um sig í fjósinu á Hvanneyri. Mynd / Hafþór Finnbogason, bústjóri

Þrennir tvíkelfingar á Hvanneyrarbúinu

Það er mikil frjósemi á Hvanneyrarbúinu i Borgarfirði því þar hafa komið þrennir þríkelfingar síðasta hálfa árið. Nú síðast bar Ferna 1856 Þytsdóttir fallegum tvíkelfingskvígum.

Faðirinn er Skans 17028 frá Brúnastöðum. Kvígurnar hafa fengið nöfnin Hetta og Hjálma. „Þær braggast vel og líður vel hjá okkur og stækka hratt. Það er mjög óvenjulegt að það skulu koma þrennir tvíkelfingar í sama fjósinu á sex mánuðum en svona er þetta bara stundum,“ segir Hafþór Finnbogason, bústjóri Hvanneyrarbúsins. */MHH*

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra og Guðmundur Haukur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vistorku, við undirritun samkomulagsins við starfsstöð Skógræktarinnar á Akureyri. Myndir / Akureyrarbær - Ragnar Hólm

Átaksverkefni í nýtingu moltu á Norðurlandi:

Molta verður nýtt í landbúnaði, skógrækt og við landgræðslu

– Repjuræktun í Eyjafirði, molta sem áburður á Hólasandi og skógrækt í Hlíðarfjalli

Ráðist verður í tilrauna- og átaksverkefni um nýtingu moltu í landbúnaði, skógrækt og landgræðslu á Norðurlandi. Aukinn kraftur verður settur í gróðursetningu Græna trefilsins ofan Akureyrar og grunnur verður lagður að Moltulundi í kringum skíðasvæðið í Hlíðarfjalli.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra, Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, og Guðmundur Haukur Sigurðarson, framkvæmdastjóri Vistorku, undirrituðu samkomulag um þetta samstarfsverkefni sem er hluti af aðgerðum stjórnvalda í loftslagsmálum og hefur verið flýtt vegna COVID-19 en með landgræðslu og skógrækt er stuðlað að aukinni bindingu kolefnis.

Átakið er þríþætt og snýst um að nota moltu til skógræktar og landgræðslu í umhverfi Akureyrar, til landgræðslu á Hólasandi og við repjurækt í Eyjafirði.

Af þessum verkefnum er skógrækt og landgræðsla í kringum Akureyri einna stærst að umfangi. Leggja á grunn að Moltulundi í kringum skíðasvæðið í Hlíðarfjalli þar sem gerð er tilraun til trjáræktar og landgræðslu á rýru svæði yfir 500 metrum.

Háskólanemar ráðnir í átaksvinnu

Einnig á að leggja grunn að 135 ha skóglendi á um 700 ha landsvæði til útivistar við Græna trefilinn sem Akureyrarbær hefur skilgreint við efri bæjarmörkin. Stefnt er að því að ráða allt að 10 háskólanema í sumar í átaksvinnu sem felst meðal annars í undirbúningi svæða, gróðursetningu, girðingavinnu og dreifingu á moltu. Gert er ráð fyrir að hægt verði að nýta um 1.800 m³ af moltu á Glerárdal í þessum hluta verkefnisins.

Að undirritun lokinni gróðursetti ráðherra vefjaræktaða rauðblaða birkiplöntu í garðinn við Gömlu Gróðrarstöðina. Ásthildur bæjarstjóri og Brynjar Skúlason frá Skógræktinni fylgjast með. Myndir / Akureyrarbær - Ragnar Hólm

Þá verður molta flutt á valda staði á Hólasandi og nýtt þar sem áburður á birki. Þriðja verkefnið snýst um repjuræktun í Eyjafirði og er þar um að ræða tveggja ára verkefni sem hefst í júlí næstkomandi. Molta verður notuð við repjurækt og gert ráð fyrir ræktun bæði sumar- og vetrarrepju.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið styður verkefnin fjárhagslega en Vistorku er falið að framkvæma þau í samstarfi við Akureyrarbæ, Orkusetur, Moltu, Skógræktina, Landgræðsluna og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Bann við urðun lífræns úrgangs í farvatni

Stjórnvöld stefna að banni við urðun lífræns úrgangs, enda er hún kostnaðarsöm og veldur losun gróðurhúsalofttegunda. Mikill meirihluti losunar vegna meðhöndlunar úrgangs kemur til vegna losunar metans og annarra gróðurhúsalofttegunda við niðurbrot lífbrjótanlegra efna. Stórbæta má nýtingu á lífrænum úrgangi, m.a. með því að vinna úr honum moltu. Molta hefur verið prófuð í landgræðslu og skógrækt en skoða þarf nánar hvernig hún reynist við mismunandi aðstæður.

80% heimila á Akureyri flokka lífrænan úrgang

Kraftmolta er lífrænn áburður og jarðvegsbætandi efni sem verður til þegar lífrænn úrgangur rotnar. Framleiðslan á Norðurlandi fer fram hjá Moltu ehf. í Eyjafjarðarsveit og er Akureyrarbær meðal stærstu eigenda félagsins. Hráefni fæst einkum frá kjötvinnslum, sláturhúsum, fiskvinnslum auk lífræns úrgangs frá heimilum. Akureyringar hafa náð góðum árangri í flokkun og endurvinnslu. Á undanförnum árum hafa um 80% heimila á Akureyri flokkað allan lífrænan úrgang. */MÞÞ*

105 umsóknir bárust um fjárfestingarstuðning vegna framkvæmda í nautgriparækt 2020

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fékk 105 umsóknir um fjárfestingarstuðning í nautgriparækt vegna framkvæmda á árinu 2020 í samræmi við reglugerð um stuðning í nautgriparækt. Af þeim voru 44 nýjar umsóknir og 61 framhaldsumsókn fyrir framkvæmdum sem hófust 2018 eða 2019.

Heildarkostnaður við framkvæmdir nautgripabænda sem veittur er stuðningur fyrir á árinu 2020 er um 4,4 milljarðar króna. Til úthlutunar eru kr. 210.711.784 samkvæmt fjárlögum ársins. Styrkhlutfall reiknast því um 4,7% af heildarkostnaði sem er heldur hærra en síðasta ár. Hæsti áætlaði styrkur er kr. 10.330.146 en lægsti styrkur kr. 52.389. Þetta kemur m.a. fram í tilkynningu frá ráðuneytinu.

Fjárfestingarstuðningur er veittur vegna framkvæmda sem stuðla að hagkvæmari búskaparháttum, bættum aðbúnaði nautgripa og aukinni umhverfisvernd. Markmið stuðningsins er að hraða því að framleiðendur standist kröfur samkvæmt reglugerð um velferð nautgripa nr. 1065/2014. Stuðningurinn er veittur vegna nýframkvæmda og/eða endurbóta á eldri byggingum og kom fyrst til úthlutunar árið 2017 með innleiðingu nýrra búvörusamninga. Umsækjendur geta nálgast svarbréf við umsókn sinni inni á Bændatorginu undir Rafræn skjöl þar sem stendur bréf. */MHH*

KJÖRBÚÐIN
í næsta nágrenni

Póstlisti Kjörbúðarinnar

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN OKKAR Á **KJORBUDIN.IS**
OG FÁÐU NÝJUSTU TILBOÐIN SEND Í HVERRI VIKU.
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ **15.000 KRÓNA** GJAFAKORT!

AGÚRKUR
50%
99 KR/STK
ÁÐUR: 198 KR/STK

GRÍSAKÓTILETTUR
Grillsneiðar
30%
1.399 KR/KG
ÁÐUR: 1.999 KR/KG
KJÖTSEL

CROISSANT
með skinku
50%
169 KR/STK
ÁÐUR: 339 KR/STK

EPLALENGJA
499 KR/STK
ÁÐUR: 999 KR/STK

Tilboðin gilda 20. - 24. maí

FINNDU KJÖRBÚÐINA Á FACEBOOK.COM/KJORBUDIN.IS

BOLUNGARVÍK | BLÖNDUÓSI | DALVÍK | DJÚPAVOGI | ESKIFIRÐI | FÁSKRÚÐSFIRÐI | GARÐI | GRUNDARFIRÐI
ÓLAFSFIRÐI | NESKAUPSTAÐ | SANDGERÐI | SIGLUFIRÐI | SEYÐISFIRÐI | SKAGASTRÖND | ÞÓRSHÖFN

ergo

Heyþyrla?

Við hjá Ergo erum engir sérfræðingar í heyverkun
en við fjármögnum hins vegar heyþyrlur.
Við fjármögnum flest milli himins og jarðar.

Kynntu þér möguleikana á ergo.is

STEKKUR

Hræðileg kvikindi

Á hverju einasta sumri hefst hatrömm barátta við að drepa þessi smádýr hvar sem til þeirra næst. Öllum brögðum er beitt og ekkert eitur er svo eitrað að ekki megi nota það í baráttunni við þessa óværu. Þetta gerist þrátt fyrir að flestir viti að öll þessi dýr þjóna tilgangi í náttúrunni, hvort sem hann er að frjóvga blóm eða vera fæða fyrir önnur dýr.

Ótrúlegt er hvað mörgum er illa við smádýr hvaða nafni sem þau nefnast. Köngulær, geitungar, blaðlýs, ranabjöllur, humlur og svo ég tali nú ekki um snigla. Öll þessi dýr virðast í huga marga vera hræðileg óargakvikindi sem ekki mega sjást í görðum og hvað þá inni í húsum.

Smádýrin sem spretta upp á sumrin laðast flest að plöntum og eru fylgidýr aukins áhuga á garðrækt og hækkandi lofthita. Einsleitt plöntuval í ræktun veldur því að ákveðnar tegundir smádýra geta fjölgað sér mikið á skömmum tíma enda framboð á fæðu mikið.

Yfirleit ganga þessi blómaskeið smádýranna yfir á nokkrum vikum og plönturnar jafna sig í flestum tilfellum aftur.

Humlur og ánamaðkar eru líklega allra gagnlegustu dýrin sem finnast í garðinum. Ánamaðkar flýta rotnun og grafa göng í jarðveginum sem vatn og næringarefni streyma um. Fæstum er illa við ánamaðka enda fer lítið fyrir þeim og þeir sjást sjaldan nema í rigningu þegar þeir koma upp á yfirborðið til að drukkna ekki.

Annað mál gildir um humlur og margir hreinlega hræddir við þær þó sárasaklausar séu. Á Íslandi finnast fjórar eða fimm tegundir af humlum og ættum við að fagna hverri tegund.

Víða um heim hefur býflugum fækkað gríðarlega og það mikið að til vandræða horfir í ávaxtaræktun. Býflugur finnast ekki villtar á Íslandi og margir rugla þeim saman við humlur enda skyldar tegundir og sinna báðar frjóvgun blóma. Haldi býflugum áfram að fækka vegna notkunar á skordýraeitri er raunveruleg hætta á að margar ávaxtategundir hverfi af markaði.

Af öllum smádýrum sem heimsækja garðinn eru stórir sniglar að öllu jöfnu óvinsælastir. Sniglar eru hægfara og værukær dýr sem halda sig í skugganum og líður best í röku loftslagi. Þeim, líkt og börnunum, finnst jarðarber og ferskt salat gott og kunna sér ekki maga mál komist þeir í slíkt sælgæti. Þeir eru einnig sólgnir í bjór og hefur það orðið mörgum þeirra að falli.

Séu sniglar skoðaðir nánar sést að þeir eru ótrúlega fallegir og þá sérstaklega þegar þeir líða áfram á kviðlægum fætinum og teygja augnfálmarana rannsakandi út í loftið. Ólíkar tegundir lifa á landi, í sjó og ferskvatni og þeir eru til með og án kuðungs. Sumar tegundir eru tvíkynja sem þýðir að hittist tveir sniglar undir salatinu geta þeir frjóvgað hvor annan eða sjálfan sig séu þeir einir á ferð.

Að lokum vil ég biðja fólk að hætta að traðka niður sveppi. Þeir eru æxlunarfæri sem koma upp á yfirborðið til að mynda gró. Stærstur hluti sveppa er neðanjarðar og vinnur nauðsynlegt niðurbrotsstarf við að umbreyta lífrænu efni í ólífrænt sem plöntur nýta sér til vaxtar. Sveppir í garðinum eru merki um grósku og þeim skal taka fagnandi. */VH*

NYTJAR HAFSINS

Sjávarútvegur og landbúnaður hafa verið undirstaða byggðar í Færeyjum líkt og á Íslandi öldum saman og lífsbaráttan verið keimlík. Myndir /HKr.

Tengslin við Færeyinga

Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com

Við Íslendingar finnum gjarnan til meiri skyldleika við Færeyinga en aðrar þjóðir, þótt okkur gangi misvel að skilja tungumál þeirra og samgangur þjóðanna sé almennt ekki svo ýkja mikill nú til dags. Það var þó ekki alltaf svo.

Færeyjar eru auðvitað næsta nágrannaland Íslands en fleira kemur til. Sjávarútvegur og landbúnaður hafa verið undirstaða byggðar í báðum löndunum öldum saman og lífsbaráttan verið keimlík. Sögulega séð eiga þjóðirnar svo það líka sameiginlegt að hafa báðar byggst frá Noregi í öndverðu. Færeysk skip sóttu á Íslandsmið í ríkum mæli áður fyrr og um miðja síðustu öld flykktust Færeyingar, karlar og konur, til Íslands í atvinnuleit þegar illa áraði efnahagslega í heimalandinu. Sumt af þessu fólki ílentist á Íslandi og því eiga margir Íslendingar ættir að rekja til Færeyja. Færeyingar hafa líka ávallt verið fyrstir til að bjóða fram aðstoð þegar náttúruhamfarir og önnur óáran hafa riðið yfir á Íslandi og hefur það verið vel metið.

Færeyingar undanskildir

Þegar Íslendingar færðu fiskveiðilögsögu sína út í 200 mílur og ráku útlend veiðiskip af höndum sér voru Færeyingar undanskildir. Þeir fengu að halda áfram takmörkuðum veiðum hér við land og hefur svo verið allt fram á þennan dag án þess að í staðinn kæmu sambærileg veiðiréttindi fyrir íslensk skip í færeyskri lögsögu. Þegar farið var að skera niður þorskkvótann hér við land og kvótaskerðingin farin að bitna harkalega á íslenskum útgerðum krafðist Landssamband íslenskra útvegsmanna þess ítrekað að veiðiréttindi Færeyinga hér við land yrðu afnumin. Þeirri kröfu var ávallt hafnað af hálfu stjórnvalda. Aldrei var pólitískur vilji til þess, sama hvaða stjórnmálaflokkar voru við völd. Færeyingar voru jú og eru frændur vorir.

Veiðiheimildir Færeyinga

Núna er staðan sú að Færeyingar hafa heimild til að veiða 5.600 tonn af botnfiski við Ísland árlega, þar af má þorskur ekki fara yfir 2.400 tonn. Þá hafa þeir einnig loðnukvóta hér við land. Á síðustu árum hefur fiskveiðisamkomulagið við Færeyinga hins vegar komið sér vel fyrir íslenskar uppsjávarútgerðir því samkvæmt því mega íslensk skip veiða kolmunna að vild í færeyskri lögsögu af eigin kvóta og raunar norsk-íslenska síld líka. Meirihluti kolmunnaafla Íslendinga er nú veiddur í færeyskri lögsögu vor og haust, eins og fram kom í pistli hér í blaðinu fyrr á þessu ári.

Yfir 3.000 sjómenn árið 1930

Þótt Færeyingar stundi enn veiðar á Íslandsmiðum er það ekkert í líkingu við það sem tíðkaðist fyrr á tíð. Samkvæmt hagtölum drógu færeysk skip samtals 1,4 milljónir tonna úr sjó við Ísland á árabilinu 1903-1978 og af erlendum þjóðum komu þeir næst á eftir Bretum og Vestur-Þjóðverjum í veiðum við landið. Færeyingar voru ótrúlega umsvifamiklir á Íslandsmiðum á síðustu áratugum nítjándu aldar og á fyrstu áratugum þeirrar tuttugustu. Þeir hófu veiðar hér við land árið 1872 og náðu þær hámarki upp úr 1930 þegar yfir 3.000 færeyskir sjómenn stunduðu veiðar við Íslandsstrendur á rúmlega 150 skipum, að því er heimildir herma. Þetta var að heita má allur færeyski fiskiskipaflotinn. Veiðarnar stunduðu þeir einkum úti af Austfjörðum og seldu afla sinn þar. Við það skapaðist mikil atvinna í austfirskum sjávarplássum sem stuðlaði mjög að eflingu þessara byggða. Færeyingarnir komu einnig með verkþekkingu með sér því bátasmíði þeirra var rómuð, bátarnir léttir og rennilegir, bátalagið kallað Færeyingur. Færeyingar voru því aufúsugestir, ef gesti skyldi kalla því frekar var litið á þá sem heimamenn en útlendinga.

> Veiðar Færeyinga hér við land náðu hámarki árið 1930 þegar yfir 3.000 færeyskir sjómenn stunduðu veiðar við Íslandsstrendur á rúmlega 150 skipum.

Frá Þórshöfn.

Kreppa í Færeyjum eftir síðari heimsstyrjöld

Víkur nú sögunni fram til sjötta áratugar 20. aldarinnar en þá flykktust Færeyingar til Íslands í atvinnuleit á ný. Á þessum tíma fór saman mikill uppgangur í atvinnumálum á Íslandi og kröpp niðursveifla í efnahagslífi í Færeyjum. Fyrir þessu var ákveðin ástæða. Í lok síðari heimstyrjaldar var færeyska þjóðin mjög vel stæð fjárhagslega enda höfðu Færeyingar siglt með ísaðan fisk á Bretlandsmarkað öll styrjaldarárin og þénað vel en um leið þurft að færa miklar mannfórnir og sæta miklum skipstöpum. Talað er um að þriðjungi flotans hafi verið sökkt.

Ryðkláfar frá Íslandi og Bretlandi

Strax að stríði loknu var hafist handa af kappi við að endurnýja færeyska fiskiskipaflota en þar sem engin ný skip voru á markaðnum voru keyptir gamlir togarar frá Íslandi og Bretlandi. Árið 1948 áttu Færeyingar stærsta togaraflota á Norðurlöndum, alls um 50 skip. En þegar á reyndi urðu þessi skip alltof dýr í viðhaldi og rekstri. Ofan á þetta bættist að fiskverð lækkaði og breska sterlingspundið féll. Svo fór að flestar færeysku togaraútgerðanna urðu gjaldþrota á árunum 1950-51. Fjöldi sjómanna missti vinnuna.

Vinnuaflsskortur á Íslandi

Íslendingar áttu líka mikinn gjaldeyrisforða að loknu stríðinu og var stríðsgróðinn m.a. nýttur til þess að láta smíða togara og fiskibáta. Mikill uppgangur var í íslensku atvinnulífi á sjötta áratugnum og fram á þann sjöunda og tilfinnanlegur skortur á vinnuafli bæði til sjós og lands. Lausnin á því var m.a. sú að ráða Færeyinga hingað til starfa. Í grein í tímaritinu Faxa (3. tbl. 2005) er þessi tími rifjaður upp. Þar fullyrða kunnugir að ef færeyskra sjómanna hefði ekki notið við hefði ekki verið unnt að gera út fiskiskipaflotann á Suðvesturlandi á þessum tíma. Færeyingar byrjuðu að flykkjast til Íslands árið 1952 og skiptu þeir strax hundruðum. Alls komu yfir 1.000 Færeyingar á vetrarvertíð árið 1956, þar á meðan fjöldi stúlkna til að vinna í frystihúsum á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum.

Íslendingar „dálítið spilltari“

Heima í Færeyjum voru ekki allir hrifnir af því að missa stúlkur úr landi í stórum stíl. Erlendur Patursson formaður Fiskimannafélags Færeyja sagði í viðtali við Morgunblaðið í janúar 1960 að ekkert atvinnuleysi væri hjá stúlkum í Færeyjum. „Ég er hálfhræddur um að það sé eitthvað annað sem vakir fyrir þeim en að vinna. Það er ævintýraþráin. En þið Íslendingar eruð dálítið spilltari en við og þess vegna koma stúlkurnar heim dálítið spilltari en þær fóru.“

Haldið heim á ný

„Innrásin“ frá Færeyjum náði hámarki árið 1957 þegar um 1.400 færeyskir sjómenn voru á íslenska fiskiskipaflotanum, ekki bara á bátum heldur einnig á togurum. Að auki unnu hundruð færeyskra karla og kvenna margvísleg störf í landi, því atvinnuþátttaka Færeyinga á Íslandi einskorðaðist ekki við sjávarútveg þótt sá þáttur sé gerður að sérstöku umfjöllunarefni í þessari grein.

Það var svo árið 1963 að Færeyingarnir byrjuðu að snúa aftur til síns heima þegar efnahagur eyjanna var endurreistur, fiskverð hækkaði og landsmenn eignuðust ný og öflug skip.

Samkvæmt lögum Evrópusambandsins er allt brottkast á fiski bannað og allur afli talinn til kvóta.

Bretland:

Þúsundum tonna af fiski hent

Vangaveltur um brottkast til sjós þekkjast víðar en á Íslandi. Rannsóknir á veiðum við Bretlandseyjar benda til að þúsundum tonna af fiski sé hent í sjóinn í Norðursjó og við Skotland á hverju ári.

Mest er brottkastið sagt vera á undirmálsfiski sem meðal annars veiðist í net með ólöglega og allt of smáa möskva. Samkvæmt lögum Evrópusambandsins er allt brottkast á fiski bannað og allur afli talinn til kvóta.

Talið er að á síðasta ári hafi um 10,5 þúsund tonnum af þorski og ýsu verið varpað ólöglega í sjóinn við Bretlandseyjar og er það meðal annars stutt af því að lítill sem enginn undirmálsfiskur berst að landi og er skráður sem afli fiskiskipa sem veiða nálægt uppeldisstöðvum fiska. */VH*

Leiðangurinn er skipulagður af vinnuhóp á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Hafrannsóknastofnun:

Kannar vistfræði Austurdjúps

Rannsóknaskipið Árni Friðriksson hélt fyrir skömmu af stað í fjölþjóðlegan leiðangur til að kanna vistfræði Austurdjúps.

Eitt af meginmarkmiðum verkefnisins er að meta magn og útbreiðslu norsk-íslenskrar síldar og annarra uppsjávartegunda í Austurdjúpi og á austur- og norðausturmiðum.

Í tilkynning frá Hafrannsóknastofnun segir að þessu til viðbótar verði ástand vistkerfisins kannað, meðal annars hitastig og magn átustofna. Leiðangurinn er skipulagður af vinnuhóp á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Auk rannsóknarskipsins Árna Friðrikssonar, taka rannsóknarskip frá Noregi, Færeyjum, Danmörku og Rússlandi þátt í verkefninu.

Leiðangurinn hefur verið farinn árlega síðan 1995 og gefa niðurstöður mikilvæga tímaröð bergmálsmælinga sem notaðar eru við stofnmat og veiðiráðgjöf norsk-íslenska síldarstofnsins innan Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Leiðangurinn hefur verið farinn árlega síðan 1995 og eru niðurstöður nýttar við gerð stofnmats fyrir norsk-íslenska síld. */VH*

Ástralía:

Óþekkt fisktegund í matinn

Lífríki hafsins er fjölbreytt og annað slagið finnast áður óþekktar tegundir í sjónum. Það er þó sjaldgæft að menn finni stórar tegundir fiska sem ekki hafa verið greindar áður

Íbúar í Suðaustur-Ástralíu hafa í talsverðan tíma verið að veiða og borða fisk, sem sagður er vera bragðgóður, sem þar til fyrir skömmu hefur ekki verið vísindalega greindur til tegunda.

Epinephelus fuscomarginatus.

Fiskurinn sem um ræðir hefur manna á meðal gengið undir heitinu rockcod en líkist fremur karfa en þorski. Fiskurinn vakti fyrst athygli þegar sjómaður sendi áströlskum fiskifræðingi mynd af fiskinum til greiningar sem hann þekkti ekki. Við nánari leit fann fiskifræðingurinn eintak af fiskinum á fiskmarkaði við Brisbane.

Í dag hefur tegundin fengið latínuheitið Epinephelus fuscomarginatus og sagt að búsvæði hennar sé við Kóralrifið mikla út frá strönd Queensland á um 220 metra dýpi. */VH*

HROSS & HESTAMENNSKA

Afkvæmaverðlaun í hrossarækt

Þorvaldur Kristjánsson
ábyrgðarmaður í hrossarækt
thk@rml.is

Í kjölfar breytinga á kynbótamati í hrossarækt, sem kynnt var í blaðinu fyrir skömmu, voru reglur um afkvæmaverðlaun og -sýningar teknar til endurskoðunar. Þessar nýju reglur voru samþykktar í fagráði nú nýverið og eru kynntar hér.

Ein af breytingunum í nýja kynbótamatinu er sú að nú er metið kynbótagildi fyrir svokallaða aðaleinkunn án skeiðs (þar sem vægi skeiðs er tekið út úr útreikningi á aðaleinkunn og dreift hlutfallslega yfir á aðra eiginleika hæfileika). Þótti rétt að horfa einnig til þessarar aðaleinkunnar án skeiðs við verðlaunun á afkvæmahrossum. Nú ná því hryssur heiðursverðlaunum með 5 fimm dæmd afkvæmi og 116 stig í aðaleinkunn eða aðaleinkunn á skeiðs. Ennfremur ná stóðhestar fyrstu verðlaunum með 15 dæmd afkvæmi og heiðursverðlaunum með 50 dæmd afkvæmi og 118 stig í aðaleinkunn eða aðaleinkunn án skeiðs. Þessi breyting er sannarlega til framfara þar sem nú er horft til fleiri hestgerða þegar afkvæmahross eru heiðruð en afkvæmahross sem eru að gefa að uppistöðu úrvals klárhross með tölti eru sannarlega verðmætir ræktunargripir.

Sýningar á heiðursverðlauna hryssum með afkvæmum á stórmótum voru aflagðar fyrir nokkrum árum og var síðast gert á landsmóti 2006. Nú eru þær og hafa verið verðlaunaðar á árlegri haustráðstefnu fagráðs í hrossarækt. Hvað varðar afkvæmaverðlaun stóðhesta er nú breyting á að ekki er lengur krafa að hesturinn sé sýndur með afkvæmum á stórmóti (lands- eða fjórðungsmóti) eða landssýningu til að hljóta afkvæmaverðlaun. Í framtíðinni munu því allir stóðhestar sem ná afkvæmaverðlaunum hljóta viðurkenningu á haustráðstefnu fagráðs. Á aðalfundi FEIF 2018 voru settar alþjóðlegar reglur um hvaða verðlaunastig afkvæmahrossa í öllum löndum FEIF birtast í WorldFeng og var miðað við reglur Íslands um verðlaunastig fyrir afkvæmahross. Hvað stóðhestana varðar eru nú sömu viðmið alls staðar í FEIF löndunum; 118 stig og 15 dæmd afkvæmi til fyrstu verðlauna og 118 stig og 50 dæmd afkvæmi til heiðursverðlauna. Eini munurinn var að ekki eru gerðar kröfur erlendis um að stóðhestarnar séu sýndir með afkvæmum á stórmótum til að hljóta verðlaunin eins og gert hefur verið hér á landi. Það þótti ekki raunhæft að gera þá kröfu erlendis þar sem afkvæmi hestanna gætu verið í fleiri en einu landi og því afar erfitt að koma afkvæmasýningu við. Þetta á nú einnig við hér á landi. Sýning afkvæmahesta með afkvæmum á stórmótum er því valkvæð. Þegar stóðhesturinn nær fyrrgreindum verðlaunastigum fara upplýsingarnar inn í Worldfeng og eigandinn getur ákveðið sjálfur hvort hann stillir upp hópi afkvæma á stórmóti eða landssýningu. Að mæta með hóp á stórmót eða landssýningu verður engu að síður skilyrði verðlauna á mótinu og verður t.d. handhafi Sleipnisbikarsins að mæta með hóp á stórmót.

Arður frá Brautarholti hlaut Sleipnisbikarinn á Landsmóti á Hólum 2016. Mynd / GHP

Skuggi frá Bjarnarnesi var fyrsti handhafi Sleipnisbikarsins og hlaut hann á Landbúnaðarsýningu í Reykjavík 1947.

Sýningar á afkvæmahópum stóðhesta

Hvað varðar sýningar á afkvæmahópum stóðhesta á stórmótum var einnig farið yfir þann fjölda afkvæma sem þarf að fylgja hestunum. Niðurstaðan var sú að hafa áfram 6 afkvæmi sem fylgja hestum til fyrstu verðlauna en fækka afkvæmum sem fylgja heiðursverðlauna hestum úr 12 í 10. Aðalástæðan fyrir fjölda viðmiðum í þessum afkvæmahópum er að gefa ræktendum góða yfirsýn yfir þá hestgerð sem hver hestur er að gefa. Þó sýningar á afkvæmum stóðhesta séu nú valkvæðar eins og fyrr segir eru þær engu að síður afar verðmætar fyrir ræktunarstarfið, þar sem ræktendur geta borið saman afkvæmahópana og áttað sig enn betur á kynbótagildi hestanna; fyrir utan hvað þær eru gríðarlega skemmtilegar. Reglur um afkvæmaverðlaun og -sýningar eru birtar í heild sinni hérna.

Reglur um afkvæmaverðlaun og -sýningar.

Lágmörk til verðlauna fyrir afkvæmi eru sem hér segir:

- **Stóðhestar 1. verðlauna fyrir afkvæmi:**
  118 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn eða aðaleinkunn án skeiðs og a.m.k. 15 dæmd afkvæmi
- **Stóðhestar heiðursverðlaun:**
  118 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn eða aðaleinkunn án skeiðs og a.m.k. 50 dæmd afkvæmi
- **Hryssur heiðursverðlaun:**
  116 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn eða aðaleinkunn án skeiðs og a.m.k. 5 dæmd afkvæmi

Hryssur koma ekki til sýningar með afkvæmum, heldur eru þeim hryssum sem ná heiðursverðlaunum fyrir afkvæmi veittar viðurkenningar á árlegri haustráðstefnu fagráðs í hrossarækt. Stóðhestar sem ná fyrstu- eða heiðursverðlaunum fyrir afkvæmi hljóta einnig viðurkenningu á haustráðstefnu fagráðs.

Afkvæmasýning á stóðhestum, sem hljóta fyrrgreind verðlaunastig, á stórmótum (s.s. lands- eða fjórðungsmótum) eða landssýningum er valkvæð en er forsenda verðlauna á mótunum og byggir þá röðun hestanna innbyrðis á aðaleinkunn kynbótamatsins. Um sýningu á stóðhestum með afkvæmum gilda eftirfarandi reglur:

- Fjöldi afkvæma sem fylgja skal stóðhestum í afkvæmasýningu skal vera sem hér segir: stóðhestar til heiðursverðlauna 10; stóðhestar til 1. verðlauna 6.
- Um útfærslu á sýningu skal samráð haft við sýningarstjórn og mótshaldara á hverjum stað.
- Öll afkvæmi sem koma fram í afkvæmasýningu skulu hafa hlotið kynbótadóm.
- Afkvæmahestar geta einungis komið einu sinni til sýninga í hvert verðlaunastig á lands- og fjórðungsmótum þ.e. til 1. verðlauna og heiðursverðlauna og þeir þurfa að vera á lífi og staðsettir á Íslandi. Eignarhald skiptir engu um þátttöku né verðlaunun.
- Dómnefnd skal semja dómsorð er lýsi þeim meginþáttum sem einkenna afkvæmahópinn.
- Sömu reglur gilda almennt um búnað og annað við afkvæmasýningar og þær sem gilda um almennar kynbótasýningar. Hvað varðar járningar er þó heimilt að veita undanþágu frá þessum reglum þegar um er að ræða sýningahross í afkvæmahópi sem skráð er til þátttöku í gæðinga- eða íþróttakeppni á sama móti. Í slíkum tilvikum er heimilt að fara eftir reglum LH/FEIF um járningu. Þetta á þó eingöngu við um þátttöku hrossins í afkvæmasýningunni sjálfri en ekki ef um er að ræða sýningu þess til kynbótadóms.

Gæðingurinn Snæfinnur frá Sauðanesi

tekur á móti hryssum í Söðulsholti á Snæfellsnesi

Snæfinnur IS2014167171 frá Sauðanesi.

Snæfinnur frá Sauðanesi (8,15) verður í Söðulsholti á Snæfellsnesi í sumar eftir að hafa lokið sýningum.

Gjald fyrir hryssu er 45.000 kr. + girðingargjald og sónar.

Snæfinnur er sérstaklega fallega móvindóttur foli með frábært geðslag. Snæfinnur á nú þegar nokkur afkvæmi og ljóst er að liturinn og geðslagið hefur erfst vel.

Snæfinnur smellti sér í 1. verðlaun á síðasta ári í sinni fyrstu sýningu. Faðir Snæfinns er Spuni frá Vesturkoti (8,92) og móðir Sunna frá Sauðanesi (8,16).

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sigurðsson síma 899-5851.

Nánari upplýsingar um Snæfinn er að finna á heimasíðunni hans: www.snaefinnur.is

Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins:

Umsóknir um styrki þarf að skila fyrir 19. júní

Fagráð í hrossarækt starfar samkvæmt 15 gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Fagráð fer, meðal annarra verkefna, með stjórn Stofnverndarsjóðs sem starfræktur er samkvæmt ákvæðum í sömu lögum og reglugerð nr. 1123/2015 um sama efni.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til þróunar- og rannsóknaverkefna í hrossarækt. Verkefnin skulu stuðla að viðhaldi verðmætra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfðafjölbreytileika stofnsins og/eða auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans. Fagráð í hrossarækt auglýsir eftir umsóknum ár hvert og tekur ákvörðun um styrkveitingar.

Fagráð tekur ákvörðun um styrkveitingar í júní 2020. Nánari upplýsingar fást hjá Bændasamtökunum.

Frestur til að skila inn umsóknum er til 19. júní 2020 og skal umsóknum skilað til:

Fagráð í hrossarækt, Bændahöllinni v/Hagatorg, 107 Reykjavík.

Fagráð í hrossarækt.

Eigum **fjölda** véla á lager
til afhendingar **strax!**

AFLVÉLAR JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is
Vesturhrauni 3 // 210 Garðabær // 480 0000 // aflvelar.is // sala@aflvelar.is

SMÁHÝSI - 40 M² - 100 M²

NÝR VALKOSTUR - SMÁHÝSI ÚR STÁLGRIND

5 X 8 M - ÓEINANGRAÐ SMÁHÝSI - 1.400.000 KR. M/VSK.
5 X 8 M - EINANGRAÐ SMÁHÝSI - 1.800.000 KR. M/VSK.

Smáhýsi úr Z - stálgrind. Fæst með tvenns konar klæðningum. Stærð grunngerðar er 5 x 8 m / 40 m². Vegghæð 2,8 m. Stærð á hurðargati 3 x 2,5 m.




EINFÖLD HÚS - AUÐVELD UPPSETNING

GRÓÐURHÚS

Tryggðu þér gróðurhús í sumar!

Margar gerðir gróðurhúsa - fást í ál lit, svörtu og grænu. 4 mm hert gler eða 10 mm ylplast

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

TÖLVUPÓSTUR
sala@bkhonnun.is
SÍMI
865-9277
VEFFANG
www.bkhonnun.is

ÍSTEKA

Tekjumöguleiki - Blóðgjafir fylfullra hryssa

Ísteka óskar eftir samstarfi við bændur um söfnun á blóði úr hryssum.
Miklir tekjumöguleikar fyrir bændur sem eiga eða geta komið sér upp hrossastóði.

Sauðfjárbændur athugið að hér gæti verið tækifæri til að fækka fé og fara í hrossarækt.
Lítill upphafskostnaður.
Ísteka veitir stuðning og ráðgjöf.

Frekari upplýsingar fást hjá Ísteka í síma 581-4138
eða með fyrirspurn á netfangið blodgjof@isteka.com

Hjá Ísteka ehf. er unnið við þróun og framleiðslu á próteinlyfjum (biologics) og mælisettum (diagnostic kits) fyrir erlenda markaði. Starfsemin er GMP vottuð og framleiðsluferlar og starfshættir samþykktir af lyfjastofnunum út um allan heim, m.a. af FDA í USA.
Ísteka er á lista Creditinfo um framúrskarandi fyrirtæki.

FRÉTTASKÝRING

Losun gróðurhúsalofttegunda úr framræstu mýrlendi á Íslandi sagt jafngilda 60% til 72% af heildarlosun Íslands:

Fullyrðingar byggðar á ágiskunum en ekki vísindalegum gögnum

– Eftir rúmlega fimm mánaða yfirlegu gat umhverfisráðuneytið ekki vísað í nein vísindagögn sem staðfesta margendurteknar fullyrðingar

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Fullyrt er af umhverfisráðuneytinu og þar með íslenskum stjórnvöldum að um 60% (áður 72%) af heildarlosun Íslands á koltvísýringsígildum komi úr framræstu mýrlendi. Einnig er áætlað að grafnir hafi verið „að lágmarki“ 34.000 kílómetrar af skurðum. Ráðuneytið leggur þó ekki fram neinar óyggjandi tölur eða vísindagögn sem staðfest geta þessar fullyrðingar.

Þetta má m.a. lesa úr svari umhverfisráðuneytisins við fyrirspurn Bændablaðsins um þessi mál. Ansi drjúgan tíma tók að fá svör við spurningum blaðsins sem sendar voru 22. nóvember 2019. Svar barst loks frá ráðuneytinu fimmtudaginn 30. apríl 2020, eða 7 dögum eftir að umboðsmaður Alþingis hafði krafið ráðuneytið um skýringar á þessum seinagangi. Það var á 121. degi, eða rúmum fimm mánuðum eftir að fyrirspurnin var gerð.

Mikill áróður hefur verið rekinn fyrir ágæti þess í baráttunni gegn hlýnun loftslags að moka ofan í framræsluskurði í sveitum Íslands. Gefin hefur verið út viðamikil aðgerðaráætlun um bætta landnýtingu vegna loftslagsmála. Þar er m.a. tekið á endurheimt votlendis, en engin töluleg óyggjandi visindagögn virðast þó vera til sem staðfesta fullyrðingar um losunartölur og ekki einu sinni um lengd skurða. Þá hefur verið staðfest á Alþingi að mokstur í skurði hafi engin áhrif á losunarkvóta Íslands í loftslagsmáum. Mynd / Skýrsla stjórnarráðs Íslands

Göfug markmið að draga úr mengun

Vart ætti nokkur að þurfa að efast um jákvæð áhrif þess að draga úr loftmengun af mannavöldum. Ekki frekar en að efast um gildi þess að koma í veg fyrir mengun náttúrunnar af öllu tagi, líka í landbúnaði. Á þetta hlýtur allt hugsandi fólk að leggja áherslu þó deila megi um aðferðafræðina hverju sinni.

Endurheimt votlendis er líka göfugt markmið í sjálfu sér, m.a. til að endurvekja lífríkið sem á bólstað í mýrlendi. Þá eru það líka rök í málinu að með því að vatnsmetta landið sé hægt að hægja á losun kolefnis- og köfnunarefnissambanda.

Landgræðsla er ekki síður áhugavert markmið og með því má einnig binda umtalsvert af margumræddum gróðurhúsalofttegundum og skapa tekjur í leiðinni. Samkvæmt tölum úr Aðgerðaáætlun ríkisins um bætta landnýtingu í þágu loftslagsmála frá 2019 er talið að landgræðsla muni aukast úr 6.000 hekturum á ári í 12.000 hektara frá 2019 til 2022. Þá muni það auka bindingu CO_2 ígilda um 27.000 tonn á árinu 2022.

Skógrækt er þó af mörgum talin áhrifaríkasta leiðin til kolefnisbindingar. Í aðgerðaráætlun er gert ráð fyrir að skógrækt aukist úr 1.100 hekturum árið 2018 í 2.300 hektara á árinu 2022. Talið er að aukningin muni skila bindingu sem svarar 33.000 CO_2 ígildum árið 2022.

Þetta verður þó væntanlega allt að gera á réttum og vísindalegum forsendum en varast að láta slagorðafrasa og „popúlísk“ vinsældamál duga sem rökstuðning fyrir aðgerðum.

Miklir fjármunir í húfi og líka skattfé almennings

Gríðarlega viðamikil verkefni af margvíslegum toga hafa verið sett á laggirnar um allan heim undir þeim formerkjum að verið sé að berjast gegn hlýnun jarðar. Kolefnisjöfnun og endurheimt votlendis eru þar ofarlega á blaði. Um þetta er meira að segja búið að þróa sérstakt hagkerfi sem veltir gríðarlegum fjármunum á hverju ári. Þarna hafa fjárfestar líka séð mikil tækifæri til skjótfengins gróða. Víða er þetta stutt dyggilega með fjármunum úr ríkissjóðum viðkomandi ríkja, m.a. á Íslandi.

Einföld krafa um rökstuðning fyrir endurheimt votlendis

Opinber stuðningur af hvaða toga sem er við verkefni eins og baráttuna gegn hlýnun loftslags, hlýtur að byggjast á ákvörðunum lýðræðislega kjörinna fulltrúa. Á bak við það er þá væntanlega meirihlutavilji kjósenda. Þegar skattfé almennings er notað í slíkum tilgangi, hlýtur samt að vera lágmarkskrafa að við ákvörðunartöku sé byggt á vísindalegum rökum, staðreyndum og gögnum, en ekki ágiskunum og órökstuddum fullyrðingum.

Til að fá það staðfest að hér á landi væri örugglega byggt á staðreyndum og vísindalegum rannsóknum við ákvarðanatöku um að moka í stórum stíl ofan í framræsluskurði til að endurheimta votlendi, gerði Bændablaðið fyrrnefnda fyrirspurn til umhverfisráðuneytisins. Því miður er ekki hægt að sjá í þeim svörum að niðurstaðan styðji þær fullyrðingar sem látlaust hefur verið hamrað á um umfang skaðseminnar af framræstu landi og hlutfall losunar þeirra af heildarlosun hér á landi á gróðurhúsalofttegundum.

Haldið áfram að bera á borð margítrekaðar fullyrðingar

Bændablaðið sendi umhverfisráðuneytinu 17 spurningar um þessi mál.

Spurning 1:
– Hversu mikið hefur verið grafið af skurðum til framræslu á vatni úr túnum og votlendi á Íslandi í kílómetrum?

Í svari ráðuneytisins kemur fram áætluð tala en ekki er vísað í neinar staðfestar mælingar um lengd skurða, en þar segir:

„Heildarlengd skurða á Íslandi er áætluð 34.000 kílómetrar hið minnsta en Landbúnaðarháskóli Íslands vinnur að nýju mati sem stendur.“

Bændablaðið hefur ítrekað fjallað um þessi mál. Þar hafa sérfræðingar bent á að víða geti verið skekkjur varðandi fullyrðingar um losun íslenskra mýra á gróðurhúsalofttegundum. Hvergi er getið í svari ráðuneytisins hvar talan 34 þúsund kílómetrar af skurðum „hið minnsta“ er fengin. Áður hefur verið talað um 32.000 km.

Þá hafa bæði dr. Þorsteinn Guðmundsson, þá prófessor í jarðvegsfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands, og dr. Guðni Þorvaldsson, prófessor í jarðrækt við LbhÍ, bent á í Bændablaðinu mikla óvissu varðandi fullyrðingar um stærð mýra og losun.

Íslenskar mýrar steinefnaríkar

Í grein í Bændablaðinu í febrúar 2018 bentu þeir á að ekki sé tekið nægt tillit til breytileika mýra og efnainnihalds. Þar sagði m.a.:

„Íslenskar mýrar eru yfirleitt steinefnaríkari en mýrar í nágrannalöndunum, m.a. vegna áfoks, öskufalls, mýrarrauða og vatnsrennslis í hlíðum, og lífrænt efni er að sama skapi minna.“

Þá benda þeir á að samkvæmt jarðvegskortum LbhÍ og Rala sé lítill hluti af íslensku votlendi með meira en 20% kolefni, en nær allar rannsóknir á losun sem stuðst hafi verið við séu af mýrlendi með yfir 20% kolefni.

„Það þarf að taka tillit til þessa mikla breytileika í magni lífræns efnis þegar losun er áætluð úr þurrkuðu votlendi,“ segir m.a. í greininni.

Telja stærð áhrifasvæðis skurða ekki standast

Þorsteinn og Guðni telja líka að mat á stærð lands sem skurðir þurrki ekki standast. Í stað 4.200 ferkílómetra lands sé nær að áætla að þeir þurrki 1.600 ferkílómetra. Þá sé nokkuð um að skurðir hafi verið grafnir á þurrlendi til að losna við yfirborðsvatn þannig að ekki sé allt grafið land votlendi. Mat sitt á umfangi votlendis byggja þeir m.a. á því að algengt bil á milli samsíða framræsluskurða á Íslandi sé 50 metrar en ekki 130 metrar eins og miðað er við í útreikningum sem umhverfisráðuneytið hefur greinilega byggt á. Áhrifasvæði skurðanna geti því vart verið meira en 25 metrar en ekki 65 metrar út frá skurðbökkum.

50 ára gamlir skurðir hættir að valda losun

Í meistararitgerð Gunnhildar Evu Gunnarsdóttur við Háskóla Íslands frá 2017 var reynt að meta losun kolefnis í þurrkuðum mýrum. Niðurstöður hennar benda til að losun sé mest fyrstu árin en sé síðan hlutlaus að 50 árum liðnum. Það er ekki í samræmi við þær viðmiðunartölur sem yfirvöld á Íslandi styðjast við í sínum aðgerðaráætlunum. Það þýðir væntanlega að losunartölur geti verið stórlega ýktar og mokstur í stærstan hluta skurða á Íslandi kunni því að þjóna litlum sem engum tilgangi. Jarðraskið sem af því hlýst gæti hins vegar allt eins leitt til aukinnar losunar.

Ofmat á framræstu landi

Í forsíðufrétt Bændablaðsins 13. júní 2019 kemur fram að á ráðunautafundi Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) á Hvanneyri 7. júní 2019 hafi Jón Guðmundsson, lektor við LbhÍ, greint frá nýrri hnitun á skurðakerfi landsins, sem ætlað er að meta upp viðbætur á framræstu landi frá fyrri hnitun. Einnig greindi hann frá innleiðingu Vistgerðarkorts Náttúrufræðistofnunar Íslands við mat á framræstu landi. Samkvæmt því var áætlað að framræst land sé rúmlega 70 þúsund hektara minna en áður var talið.

Þegar lagt er mat á það hversu mikið tiltekið framræst land losar af kolefni þarf að taka mið bæði af flatarmáli og losun á flatareiningu – áður en það er hægt að reikna það út. Þegar verið var að ræsa fram land voru ekki samhliða gerð nein kort af því landi sem var ræst fram. Hér á landi vantaði því mat á umfangi framræslu sem hægt væri að leggja fram í alþjóðlegu samstarfi um loftslagsmál. Á það ekki bara við um stærð þeirra svæða sem hafa verið framræst, heldur einnig gögn um flokkun jarðvegsgerða þeirra sem Þóroddur Sveinsson, lektor við LbhÍ, fjallaði um á fundinum.

Spurning 2:
– Hversu mikil er að mati ráðuneytisins losun gróðurhúsalofttegunda úr íslenskum mýrum sem grafnar hafa verið út? Bæði magn og hlutfall af heildarlosun Íslendinga á ígildi koltvísýrings?

Í svari ráðuneytisins kemur fram fullyrðing sem ekki byggir heldur á staðfestum vísindalegum mælingum á Íslandi, en þar segir:

„Samkvæmt loftslagsbókhaldi Íslands var heildarlosun vegna framræsts lands um 8.429 kt CO_2 koldíoxíðígilda árið 2017 (kílótonn, þ.e. um 8,4 milljónir tonna; innskot blm.). Það jafngildir um 60% af heildarlosun Íslands það ár.“

Fyrri opinberar fullyrðingar, sem nú er reyndar að mestu hætt að vitna til, miðuðu við að 72% hlutfall losunar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi kæmi úr framræstum mýrum.

Í svari við fyrirspurn Sigríðar Á Andersen á Alþingi Íslendinga 2015 kom fram að losun frá framræstu mólendi næmi 9,47 milljónum tonna af CO_2 ígildum og 2,16 milljónum tonna úr framræstu ræktuðu landi. Þar kemur líka fram að losun úr framræstu landi er ekki hluti af Kyoto-bókuninni um loftslagsmál.

Í fréttaskýringaþættinum Kveik í Sjónvarpinu í október 2016 er þessari tölu m.a. haldið á lofti. Þar var Jóhann Þórsson, líffræðingur hjá Landgræðslunni, spurður út í hvort vitneskja sé um að þessi tala sé rétt. Hann játar því hvorki né neitar.

Byggt á erlendum rannsóknum

Spurning 3:
– Á hvaða rannsóknum eru þær tölur byggðar og hvar fóru þær mælingar fram?

Í svari ráðuneytisins er ekki stuðst við eða vísað í íslenskar vísindarannsóknir heldur mat út frá erlendum gögnum og stöðlum um mýrar í sama loftslagsbelti og Ísland. Samkvæmt heimildum vísindamanna sem Bændablaðið hefur rætt við er í slíkum stöðlum líka tekið mið af mælingum, m.a. í Þýskalandi, sem vart er hægt að telja til sama loftslagsbeltis. Einnig er í svarinu stuðst við mat á stærð framræsts lands á Íslandi og formúlu sem menn hafa gefið sér um áhrif losunar út frá skurðum sem bæði dr. Þorsteinn Guðmundsson og dr. Jón Þorvaldsson hafa gagnrýnt. Í svari ráðuneytisins segir:

„Tölurnar sem notaðar eru í loftslagsbókhaldi Íslands eru annars vegar byggðar á mati á stærð hins framræsta lands og hins vegar stuðlum sem Milliríkjanefnd SÞ um loftslagsbreytingar (IPCC, 2014) gefur út og byggja á rannsóknum á framræstum mýrum á sama loftslagsbelti og Ísland. Mat á stærð framræsts lands byggir á kortlagningu skurða og áhrifasvæði út frá hverjum skurði. Eins og áður segir vinnur Landbúnaðarháskólinn að nýju mati á heildarmagni skurða hér á landi.“

Erlendir staðlar um mýrar ekki taldir henta við íslenskar aðstæður

Í ítarlegum Kveiksþætti Sjónvarpsins, undir stjórn Þóru Arnórsdóttur, í október 2016 var doktorsneminn Súsanna Mökel spurð hvort við gætum yfirfært alþjóðlega staðla um útreikning og losun og bindingu mýra yfir á íslenskt votlendi. Hún svaraði:

„Ég held því fram að við getum það væntanlega ekki. Við höfum eldvirknina hér og mjög tíð eldgos, þannig að mýrarnar hér á landi eru steinefnaríkari en í öðrum löndum, þær fá mikil vindborin efni sökum gjóskufalls og líka frá þessum stóru auðnum sem við höfum í landinu. Það hefur mikil áhrif á kolefnisbindingu, niðurbrotsferli og kolefnishringrásina í heild. Ég held ekki að þessi staðlar séu hentugir fyrir íslenskar aðstæður.“

Engin tæmandi gögn eru til um losun né bindingu íslenskra mýra

Þáttastjórnandi Kveiks spurði Súsönnu þá:

„Þannig að eins og er, þá vitum við kannski ekki alveg nákvæmlega hversu mikið þær binda og hversu mikið þær losa.“ - Súsanna svaraði:

„Nei, það eru rannsóknir í gangi um það og ég held að það sé smám saman að komast mynd á það, en við þurfum klárlega frekari rannsóknir á því.“

Samsetning jarðvegs

Spurning 4:
– Eru áætlanir um endurheimt mýra byggðar á rannsóknum varðandi samsetningu íslenskra mýra með tilliti til foksands og gosösku og losunargildi ólíkra jarðvegstegunda?

Spurningin var m.a. hugsuð út frá viðbrögðum Súsönnu Mökel sem vísað er til hér að framan. Í svari ráðuneytisins við þessari spurningu segir:

„Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á hvaða áhrif samsetning jarðvegs hefur á losun frá framræstum mýrum og er samsetning jarðvegs meðal þeirra atriða sem skoðuð eru sérstaklega þegar ráðist er í endurheimt votlendis. Fjölmargir aðrir þættir koma einnig til álita, s.s. áhrif endurheimtarinnar á búsvæði fugla, temprun vatnsflæðis o.s.frv.“

Þetta er athyglisvert svar. Þrátt fyrir að engin tæmandi gögn séu til um losun né bindingu á framræstu landi á Íslandi, þá halda íslensk stjórnvöld og ráðherra umhverfismála áfram að halda á lofti fullyrðingum um slíkt. Líka þótt vísindamenn telji að ekki sé hægt að yfirfæra erlenda staðla um mýrar yfir á íslenskar aðstæður, né að hægt sé að fullyrða hvað framræstu mýrarnar séu yfir höfuð að losa.

Sex milljónir til Votlendissjóðs 2018

Spurning 5:
– Hversu há hafa framlög ríkissjóðs verið til þessa og samkvæmt fjárlögum fyrir 2020, annars vegar í kolefnissjóð Kolviðar og hins vegar í Votlendissjóð?

Hér er spurningunni ekki svarað beint, en sagt:

„Votlendissjóður fékk stuðning frá Landgræðslunni á stofnári sjóðsins 2018 að upphæð 6 milljónir. Síðan hefur Landgræðslan lagt Votlendissjóði til þekkingu við undirbúning og mat á verkefnum.“

Spurning 6:
– Hvaða áætlun er byggt á varðandi endurheimt votlendis? Hvernig landsvæði er þar í forgangi og á hvaða landsvæðum?

Þarna er vísað í mikið plagg um merkilega aðgerðaráætlun. Að verkefninu eiga að koma fjölmargir aðilar, m.a. bændur. Þar er samt nær einungis vísað á áætlaðar tölur um losun og ávinning. Þar kemur þó fram að á árununum 2016–2018 hafi verið endurheimtir að meðaltali 45 hektarar á ári og áætlað er að 2022 verði endurheimtin komin í 500 hektara á ári. Í svarinu segir:

„Ríkisstjórnin kynnti sl. sumar aðgerðaáætlun um bætta landnýtingu í þágu loftslagsmála. Þar eru m.a. kynnt markmið og aðgerðir stjórnvalda varðandi kolefnisbindingu og samdrátt í losun frá landi. Síðan hefur ríkið aukið fjárframlög til endurheimtar votlendis m.a. til að styrkja bændur og aðra landeigendur til slíkra aðgerða.

Þegar ákvörðun er tekin um endurheimt votlendis er annars vegar horft til fýsileika (s.s. ávinnings og hversu auðveld endurheimtin er í framkvæmd) og hins vegar aðgengis að landi þar sem vilji landeigenda er ráðandi þáttur. Við mat á fýsileika er horft til losunar gróðurhúsalofttegunda en einnig annarra atriða, s.s. vatnsbúskapar landsins, stærð og samfellu svæðisins, áhrifa á nærliggjandi svæði, áhrifa á lífríki ofl,“ segir í svari ráðuneytisins.

Varðandi fjármögnun verkefna segir í skýrslunni að fjármálaáætlun 2019–2023 geri ráð fyrir verulegri aukningu í fjárframlögum ríkisins til að hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Þar af er gert ráð fyrir að á árunum 2019–2022 verði varið alls 2,1 milljarði til verkefna sem fela í sér aukna kolefnisbindingu og sem stuðla að samdrætti í losun frá landi.

Engar samanburðarmælingar gerðar á einstökum verkefnum

Í svörum við spurningum 7–9 hér á eftir kemur fram að engar mælingar fara fram á gaslosun úr framræstu landi áður en mokað er ofan í skurði á einstökum stöðum. Ekki eru heldur gerðar samanburðarmælingar eftir að mokað hefur verið ofan í skurði á hverjum stað þrátt fyrir að samsetning jarðvegs geti verið mjög ólík. Einungis er stuðst við tilteknar staðbundnar mælingar sem Landgræðslan heldur utan um og þær yfirfærðar á öll önnur verkefni. Fullyrt er að niðurstöður verði birtar en engar upplýsingar gefnar um hvar megi leita að slíkum gögnum.

Þetta hlýtur að teljast afar döpur niðurstaða og alls ekki í samræmi við það vísindalega yfirbragð sem menn hafa reynt að sveipa um þessa umræðuna um endurheimt votlendis.

Spurning 7:
– Eru gerðar mælingar á losun þess lands þar sem ætlunin er að endurheimta mýrar hverju sinni, áður en mokað er ofan í viðkomandi skurði?

„Eins og viðgengst í öðrum svipuðum aðgerðum s.s. landgræðslu og skógrækt eru stundaðar rannsóknir/vöktun á ákveðnum svæðum og niðurstöður sem fást þaðan yfirfærðar á önnur svæði. Landgræðslan stundar vöktun á fjórum svæðum þar sem fylgst er með breytingum á lykilþáttum vistkerfis við endurheimt votlendis. Sterk fylgni er á milli vatnshæðar og losunar gróðurhúsalofttegunda og fylgst er með því hvort og hversu mikið vatnshæð hækkar við endurheimt allra stærri svæða.

Rétt er að benda á að Landgræðslan kemur ekki að öllum verkefnum þar sem unnið er að endurheimt votlendis. Landeigendur geta og hafa t.a.m. endurheimt votlendi á sínum jörðum án þess að nokkur annar komi þar að, rétt eins og landeigendur græða upp land og rækta tré á eigin forsendum.“

Spurning 8:
– Verða gerðar reglulegar mælingar yfir einhverra ára tímabil á losun þess lands sem endurheimt er eftir að mokað hefur verið ofan í skurði til að meta árangur aðgerða?

„Já á vöktunarsvæðum, sjá svar við spurningu 7.“

Sterkar líkur eru á að það þjóni litlum sem engum tilgangi í baráttunni gegn losun gróðurhúsalofttegunda að moka ofan í áratugagamla skurði eins og þessa á Ingjaldssandi. Mynd /HKr.

Spurning 9:
– Ef svo er, verða slíkar mælingar aðgengilegar?

„Niðurstöður úr slíkum mælingum verða birtar.“

Kaup á kolefnisvottorðum veitir engan eignarrétt í landi

Spurning 10:
– Hver er lögformleg staða lands þar sem mokað hefur verið ofan í skurði og seldar kolefnisjöfnunarviðurkenningar fyrir?

„Endurheimt votlendis hefur engin áhrif á eignarréttarlega stöðu lands. Það er samningsatriði hverju sinni hvort og þá hve miklar takmarkanir eru á landnýtingu í kjölfar endurheimtar.”

Sagt í valdi landeigenda að ákveða hvort votlendi sé aftur tekið í landnýtingu

Spurning 11:
– Er hægt að taka það land í notkun aftur t.d. fyrir landbúnað?

„Rétt eins og með skógrækt og landgræðslu eru mismunandi samningar um mismunandi svæði. Yfirleitt eru bindandi samningar um ákveðinn árafjölda og að þeim tíma loknum er það landeiganda að ákveða hvað hann gerir við landið.“

Spurning 12:
– Ef svo er, þurfa bændur þá að kaupa það til baka, þá af hverjum og hvaða forsendur verður þá lagðar fyrir verðlagningu þess lands?

„Eignarrétturinn á landinu breytist ekki og er það sambærilegt við land þar sem landgræðsla eða skógrækt til kolefnisjöfnunar er stunduð.“

Spurning 13:
– Eiga þeir sem keypt hafa kolefnisbindingarvottorð í endurheimt mýra, tilkall í það land, eða hver á það land lögformlega eftir að mokað hefur verið ofan í skurði?

„Nei, ekki við það eitt að kaupa sér kolefnisbindinguna, ekki frekar en þau sem kaupa sér kolefnisbindingu með skógrækt eða landgræðslu eiga tilkall í land sem nýtt er í þeim tilgangi.“

Farið yfir frágang svæða sem endurheimt eru

Spurning 14:
– Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja að ekki myndist hættur fyrir dýr og fólk á ógirtu landi þar sem mokað hefur verið ofan í skurði? Liggja fyrir leiðbeinandi reglur um frágang eftir slíkar framkvæmdir?

„Á framkvæmdartíma eru svæðin ekki heppileg undir dýrahald frekar en önnur framkvæmdarsvæði. Við framkvæmd er hugað að öryggi dýra og fólks sem kann að sækja svæðin heim. Í leiðbeiningum um endurheimt votlendis sem samstarfsaðilar Landgræðslunnar fá er farið yfir frágang svæðanna, s.s. varðandi frágang uppfyllinga og opinna vatna sem myndast vegna endurheimtarinnar, í því skyni að minnka slysahættu eins og kostur er.“

Verður að fara að lögum

Spurning 15:
– Liggja fyrir reglur sem tryggja að einstakir landeigendur trufli ekki eðlilega framrás vatns neðar í landinu og hver er lagaleg staða landeigenda þar ef tjón verður hjá þeim vegna lokunar skurða og annarra vatnsrása ofar í vatnakerfinu?

„Landeigendur þurfa í þessu ferli (líkt og varðandi annars konar breytingar á landnýtingu) að fara eftir gildandi lögum. Staða einstakra landeigenda, sem framkvæmdir kunna að hafa áhrif á, hvort sem um er að ræða þurrkun lands eða endurheimt votlendis, er skoðuð í hverju tilfelli fyrir sig. Rétt er að benda á að ákvæði vatnalaga veita í þessum málum ákveðna leiðsögn.“

Ekki sögð þörf á að vinna sérstakt deiliskipulag fyrir endurheimt votlendis

Spurning 16:
– Falla framkvæmdir við lokun skurða undir deiliskipulag sveitarfélaga?

„Ekki er þörf á að vinna sérstakt deiliskipulag fyrir svæði þar sem til stendur að endurheimta votlendi. Nánar má lesa um endurheimt votlendis og skipulagsmál í sérstökum leiðbeiningum sem Skipulagsstofnun hefur gefið út, sjá http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Um_endurheimt_votlendis.pdf.”

Fellur ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum?

Spurning 17:
– Geta landeigendur krafist umhverfismats vegna moksturs í skurði á aðliggjandi landi?

„Endurheimt votlendis fellur ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þótt endurheimt votlendis falli ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum er fullt tilefni til að í tilkynningu til sveitarstjórnar um áformaða endurheimt votlendis sé gerð grein fyrir líklegum áhrifum verkefnisins á náttúru og vatnafar á framkvæmdasvæðinu og landi umhverfis það, sem og væntum ávinningi í loftslagsmálum,” segir í svari ráðuneytisins.

Það hlýtur að vekja athygli að endurheimt votlendis falli ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum ef áhrifin eru jafn stórfelld og yfirvöld telja þau vera í sínum yfirlýsingum.

LÍF & STARF

Laxárdalsbóndi sáir byggi í 170 hektara land í Gunnarsholti:

Einn hektari getur gefið af sér tæpt tonn af svínakjöti

– Bóndabaunir og sinnepsjurt í tilraunaræktun þetta sumarið

Einn umsvifamesti kornræktandi landsins er svínabóndinn Björgvin Þór Harðarson í Laxárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi á bökkum Stóru-Laxár. Hann og fjölskylda hans, sem stendur á bak við svínabúið, hefur á undanförnum árum markað sér heildstæða nálgun á búskapinn þar sem slagorðið er frá „akri í maga“. Að mestu leyti ræktar Björgvin sitt eigið svínafóður, þar sem bygg er stærsti hlutinn. Hann er líka óhræddur við að prófa aðrar fóðurtegundir sem þjóna mismunandi tilgangi í fóðursamsetningunni.

„Hér erum við með vetrarhveiti sem var sáð í byrjun ágúst í fyrra,“ segir Björgvin, þar sem við hittumst á athafnasvæði hans í Gunnarsholti rétt hjá höfuðstöðvum Landgræðslunnar, sem hann leigir ræktarlönd sín af. „Þetta lifði veturinn af þó hann hafi verið langur og kaldur, en það er allt í lagi fyrir vetrarhveiti ef það er ekki mjög rysjótt tíð. Það er líka mjög viðkvæmt fyrir kali, en hér háttar þannig til að það kelur ekki mikið. En þar sem landið liggur í smá lægðum sjáum við svolitlar skellur, þess vegna er mikilvægt að það séu góð næringarefni í jarðveginum fyrir veturinn.“

Björgvin sáir byggi 14. maí, en hann sáir ár hvert í um 160–200 hektara land í Gunnarsholti. Þetta ár sáir hann í 170 hektara, nepju í 40 hektara og vetrarhveiti í tæpa 40 hektara.
Myndir / smh

Hveitið er orkuríkt fóður í svínin

Björgvin er þó enginn nýgræðingur í ræktun á vetrarhveiti og hefur gert það með hléum í allmörg ár. Hann er með 37 hektara undir vetrarhveitið í þetta skiptið, en það er mjög orkuríkt fóður fyrir svínin. Það þarf að taka ýmislegt inn í reikningsdæmið þegar ákvörðun um ræktun á fóðurkorni er tekin, til dæmis staða íslensku krónunnar og heimsmarkaðsverð á fóðri. Ef þessar hagrænu aðstæður eru hagstæðar fyrir innkaup, borgar sig tæpast að rækta tegundir eins og vetrarhveiti. En það er einnig ákveðin spákaupmennska fólgin í slíkri ræktun, því á heildina litið tekur tvö ár að rækta vetrarhveiti; frá því að jarðvegurinn er undirbúinn þar til skorið er upp.

„Ég hef hins vegar haldið mig við sama magn af byggi, sáð í svona 160–200 hektara, auk þess sem nepjan er í stöðugri ræktun. Síðan er stundum einhver tilraunamennska í gangi hjá mér; í ár eru það bóndabaunir og sinnepsjurt. Bónabaunirnar er ég að prófa sjálfur og ef það heppnast vel gæti það orðið góður próteingjafi – sem valkostur með nepjunni við innfluttar sojabaunir. Sinnepstilraunin er hins vegar unnin í samvinnu við hjón í Fljótshlið sem langaði til að prófa þetta.

Björgvin og sonur hans, Auðunn Magni, í vetrarhveitiakrinum á Rangárvöllum, með fallega fjallasýn í bakgrunni.

Það eru ýmsir kostir við það að rækta eigið fóður og einn sá mikilvægasti er að mínu mati ferskleikinn – ekki síst í sambandi við nepjuna. Við nýtum olíuna og hratið úr henni. Við mölum nepjuna í hverja blöndu þannig að ekki er hætta á að olían eða hratið þráni. En það getur gerst ef nepjan er pressuð til að taka úr henni olíuna en hratið getur þá þránað á einni til tveim vikum, fer eftir hitastigi.

Úr henni fást líka góðar fitusýrur, sem við höfum fengið staðfest úr mælingum á okkar gripum,“ segir Björgvin.

Sjálfbærni eftirsóknarverð

„Maður vill reyna að vera sem mest að vera sjálfbær hér og sem minnst háður aðföngum sem gjarnan eru ræktuð á risastórum skala með tilheyrandi eiturefnanotkun. Ég held að það sé alltaf að þróast meira í þá átt að neytendur vilji ekki vörur þar sem notast hefur verið við erfðabreyttar plöntur í framleiðsluferlinu, sem eiga að þola tiltekin eiturefni.

Við komumst reyndar ekki hjá því að nota illgresiseyði eins og gert er í túnrækt í dag. En það er í mjög litlu magni. Við setjum 10 grömm af efni á hektara í júní. Þá eru tveir mánuðir í þreskingu.

Við erum með nokkur verkefni undir okkar hatti en afurðirnar okkar bera vörumerkið Korngrís frá Laxárdal. Það eru mikil verðmæti fólgin í því að geta ræktað svo mikið fóðurkorn sem raun ber vitni og til marks um það má segja að einn hektari af okkar kornakri getur gefið af sér um 800–900 kíló af svínakjöti. Við rekum okkar eigin kjötvinnslu í Árnesi undir merkinu Korngrís þar sem við framleiðum margs konar vörur; beikon, mismunandi skinkuafbrigði. Þar er mottó hjá okkur að nota engin aukaefni sem ekki er nauðsynlegt að nota við vinnsluna; ekkert soja, engin litar- eða bragðefni – já, bara eins hreinar vörur og hægt er að hafa þær. Þessar vörur eru bæði seldar beint til neytenda, en við notum þær líka sem álegg fyrir Pizzavagninn sem fer um þéttbýliskjarna í sveitum hér,“ segir Björgvin.

Hveitið fer hægt af stað

Þegar blaðamaður var á ferð í

Lífræn hreinsistöð

- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Stóra kornsílóið í Laxárdal var reist árið 2009 og hefur vel sannað gildi sitt að sögn Björgvins. Það er rúmlega 13 metra hátt og tekur um 400 tonn.

Gunnarsholti var hveitigrasið komið aðeins af stað, en vegna þess hversu vorið hefur verið kalt er heldur hægur vöxturinn. „Það þarf nú að þroskast vel í sumar, gæti náð einum og hálfum metra í hæð. Svo skríður það í júlíbyrjun, myndar fræ og verður skorið í september.

Þetta er mjög gott fóður, en þú bakar nú held ég ekki úr þessu brauðmeti til manneldis. Við höfum hins vegar í vinnslunni okkar blandað þessu saman við byggið okkar og gert rasp úr því. Síðan höfum við sett þetta á svínasnitsel og selt viðskiptavinum okkar," segir Björgvin.

Gras, rauðsmári og bygg

Björgvin nýtir sér rauðsmára við ræktun á túnum. Hann byrjar á því að skjólsá grasinu, þannig að hann sáir grasi, rauðsmára og byggi öllu samtímis að vori. Að hausti þreskir hann byggið, eftir stendur grasið sem verður að túni með grasi og rauðsmára næsta sumar. Aðganginn að því grasi selur Björgvin öðrum bónda sem þarf á því að halda næstu fjögur árin og svo á fjórða ári þá er tekinn fyrri sláttur og þá tekur hann við landinu aftur, plægir það og sáir hveiti í það. Þá hefur hann náð að hafa út úr því uppskeru öll árin þó hann sé með tvíært hveiti. Rauðsmárinn safnar köfnunarefni í jarðveginn sem hveitið nýtir svo árið eftir.

Björgvin segir að hann telji að Íslendingar eigi heilmikið inni í kornrækt. „Bændur þurfa bara að átta sig á þeim möguleikum sem þeirra land býður upp á og gefa sér smá tíma til að komast til botns í verkefninu. Að rækta korn þannig að það gefi uppskeru og það verði ekki allt of mikil vinna. Menn mikla þetta gjarnan of mikið fyrir sér. Stundum eru þeir að gera þetta í of litlum mæli, en ég bendi á að stærðarhagkvæmnin getur stundum alveg átt rétt úr sér." */smh*

Eigum **fjölda** véla á lager
til afhendingar **strax!**

AFLVÉLAR JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is
Vesturhrauni 3 // 210 Garðabær // 480 0000 // aflvelar.is // sala@aflvelar.is

Vortilboð út mai:

Steinn og sökkull, grátt granít
Grafskrift og skrautmynd (efst)
Uppsetning á höfuðborgarsvæði og N-landi
Frí sending um allt land

STEINSMIÐJA AKUREYRAR
s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is
minnismerki.is

Tilboð 1

Blómarammi - innanmál 45 cm

Verð:
Sett eins og á mynd : 445.000
Sett án blómaramma : 345.000
Steinn : 245.000

Tilboð 2

Blómarammi - 45 cm innanmál

Verð:
Sett eins og á mynd : 530.000
Sett án blómaramma : 430.000
Steinn : 330.000

Tilboð 3

Hægt að setja 2 nöfn

Verð:
Sett eins og á mynd : 295.000
Steinn án aukahluta : 199.000

Tilboð 4
113 eða 111

nr 113

nr 111

Verð:
Sett eins og á mynd : 180.000
Steinn án aukahluta : 140.000

HUGVIT & NÝSKÖPUN

Félagarnir úr HR sem hyggja á vinnslu á keratíni úr sauðfjárhornum og klaufum. Talið frá vinstri: Fannar Leó Örvarsson, nemandi í tölvunarfræði, Hildigunnur Hauksdóttir viðskiptafræðinemi, Magnea Björg Friðjónsdóttir sálfræðinemi, Valur Hólm Sigurðarson tölvunarfræðinemi og Einar Baldvin Gunnarsson vélaverkfræðinemi. Mynd /HKr.

Nýsköpunarhugmynd nemenda í Háskólanum í Reykjavík gæti undið upp á sig:

Stefna á stofnun fyrirtækis til að vinna keratín í snyrtivörur úr hornum og klaufum sauðfjár

Unnið er að stofnun fyrirtækis með það að markmiði að vinna keratín úr hornum og klaufum sauðfjár og nýta það í framleiðslu á snyrtivörum. Þegar er komið nafn á fyrirtækið sem kemur til með að heita Ovis Cosmetics.

Að þessu koma fimm einstaklingar sem stundað hafa nám við Háskólann í Reykjavík (HR), þau Einar Baldvin Gunnarsson, Fannar Leó Örvarsson, Hildigunnur Hauksdóttir, Magnea Björg Friðjónsdóttir og Valur Hólm Sigurðarson. Er verkefnið sprottið upp úr áfanga í HR sem heitir Nýsköpun og stofnun fyrirtækja.

Ætlunin að vinna keratín úr hornum og klaufum

„Hugmyndin er að nýta betur þau dýr sem slátrað er á hverju ári. Við erum í sambandi við sláturhús sem hafa sýnt þessu mikinn áhuga enda mögulega sparað þeim fjármuni, bæði með minnkun förgunar og með bættri nýtingu afurða sem kemur vonandi bændum líka til góða. Hugmyndin rímar einnig vel við þær áherslur sem háskólinn hefur tileinkað sér síðustu ár með áherslu á sjálfbærni og nýtingu auðlinda,“ segir talsmaður hópsins, Valur Hólm Sigurðarson.

Hugmyndin kviknaði á Gautlöndum í Mývatnssveit

Hann er með góða tengingu við sveitina og er uppalinn á Gautlöndum í Mývatnssveit. Sagði hann hugmyndina upphaflega hafa kviknað í samræðum við föður sinn, Sigurð Böðvarsson, um hvernig hægt væri að nýta betur horn og annað sem til fellur í sauðfjárrækt.

„Síðan hefur hugmyndin þróast mjög mikið og við höfum öll fimm unnið náið saman að þessu.

Algengast er að vinna keratín úr ull en okkar plön lúta að því að vinna það úr hornum og klaufum á sauðfé. Það er ódýrara að því leyti að hráefnið sjálft kostar okkur lítið sem ekkert þar sem hornin og klaufarnar hafa verið lítið nýtt til verðmætasköpunar hér á landi.

Við erum búin að heyra í nokkrum sláturhúsum varðandi möguleg kaup á hráefnum og fengum að heyra að þau væru bara ánægð að losna við þetta, þar sem urðunargjaldið er mjög hátt. Sum sláturhús sögðust vera að selja hornin, önnur voru jafnvel til í að gefa þau frá sér. Öll sláturhús sem við höfum haft samband við sögðust senda klaufarnar til urðunar. Þau sögðu okkur einnig að við þyrftum að rannsaka það vel hvernig sé best að ná klaufunum af löppunum. Við erum að vega og meta nokkrar aðferðir til þess, en eigum enn eftir að rannsaka það til fulls.“

Nýta þekktar vinnsluaðferðir

„Við erum svo einnig búin að vera í sambandi við efnafræðing sem segir að horn séu heppileg til vinnslu keratíns, enda er vinnslan mjög keimlík þeim aðferðum sem nýttar eru nú þegar við að vinna keratín úr öðru hráefni. Við höfum aðeins skoðað vélar til þess að vinna það. Verðið á þeim er aðeins mismunandi en er að jafnaði um 4 milljónir, svo eru efnin sem þarf til vinnslunnar tiltölulega ódýr og aðgengileg.

Við þurfum ekki að finna upp hjólið efnafræðilega, þar sem þetta ferli er vel þekkt og við þyrftum aðeins að aðlaga það að því að nýta horn og klaufar í stað t.d. ullar, fiðurs og annars hráefnis.“

Góður stuðningur frá skólanum

Fimmmenningarnir voru að leggja lokahönd á verkefnið og klára viðskiptaáætlun, fjárhagsáætlanir, framtíðarplön og frumgerð og vefsíðu í síðustu viku. Var það svo kynnt á föstudaginn og eru þau bjartsýn á að hægt verð að fjármagna slíkt nýsköpunarverkefni. Enda eru mikil tækifæri í nýtingu á keratíni.

Ekki er auðvelt að finna tölur um framleiðslu og sölu á keratíni á heimsmarkaði, enda halda snyrtivöruframleiðendur og aðrir sem það nýta spilunum þétt að sér varðandi miðlun upplýsinga. Eitt virðist þó víst að markaðurinn fyrir keratín fer ört vaxandi.

Félagarnir segja að skólinn hafi stutt vel við bakið á þeim í þessu ferli.

„Þeim leist mjög vel á hugmyndina og eru búin að hjálpa okkur mikið,“ sagði Hildigunnur Hauksdóttir. Þá nefndi Einar Baldvin að yfirleiðbeinandinn væri Guðmundur Hafsteinsson, sem þekktur er fyrir vinnu sína við að koma Google Maps á markað. Ellen Ragnars Sverrisdóttur hafi líka liðsinnt þeim mikið, en hún vann m.a. hjá snyrtivöruframleiðandanum Bio Effect.

/HKr.

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

CLAAS

CLAAS rúlluvélar og heyvinnutæki til afgreiðslu strax

CLAAS Rollant Uniwrap rúllusamstæður
Þar sem afköst, magn og gæði fóðurs í rúllum skipta máli.

CLAAS Disco sláttuvélar
Vinnslubreidd 2 - 10,7 metrar með og án knosara.

CLAAS heyvinnutækin eru þekkt fyrir framúrskarandi hönnun, gæði og áreiðanleika.

CLAAS Volto heytætlur
Vinnslubreidd 4,5-13 metrar, drag- og lyftutengdar.

CLAAS Liner múgavélar
Vinnslubreidd 3,2-15 metrar.

VÉLFANG *- VERKIN TALA*

Framúrskarandi fyrirtæki

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri

Fé við Mjóavatn á Auðkúluheiði. Mynd / HKr.

Húnaþing vestra:

Mótmæla lækkuðu framlagi í viðhald varnargirðinga

Landbúnaðarráð Húnaþings vestra hvetur Matvælastofnun til að endurskoða fjárveitingar til varnagirðinga í héraðinu. Málið var rætt á fundi ráðsins á dögunum.

Samkvæmt upplýsingum frá verktaka sem sér um viðhald sauðfjárveikivarnagirðinga að stórum hluta í Húnaþingi vestra hefur honum verið tilkynnt að fjárframlög til viðhalds á varnargirðingum verði lækkuð á árinu 2020. Það leiðir til þess að nauðsynlegt viðhald verður í lágmarki sem gerir það að verkum að varnir gegn smitsjúkdómum búfjár verða illviðráðanlegar.

Skýtur skökku við

Landbúnaðarráð Húnaþings vestra mótmælir harðlega þessari þróun og finnst skjóta skökku við að þetta sé gert eftir snjóþungan vetur og á sama tíma og umræða um smitsjúkdóma, matvælaöryggi og mikilvægi öruggrar matvælaframleiðslu er áberandi í heiminum og þá ekki síður í ljósi þess að stór hluti mannkyns hefur verið girtur af og hólfaður niður til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma. Því hvetur ráðið Mast til að endurskoða fjárveitingar sínar til varnagirðinga í Húnaþingi vestra.

/MÞÞ

Byggðarannsóknarsjóður:

Tíu milljónir til fjögurra verkefna

– Fjórða iðnbyltingin, fasteignamarkaður, örorka og dreifbýlisverslun

Fjögur verkefni hljóta styrk úr Byggðarannsóknasjóði á þessu ári, en þau verkefni sem fá styrk í ár snúast um áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar, fasteignamarkað, kortlagningu örorku og verslun í dreifbýli.

Byggðarannsóknasjóður er fjármagnaður af byggðaáætlun og með framlagi frá Byggðastofnun og hefur þann tilgang að efla byggðarannsóknir og bæta þannig þekkingargrunn fyrir stefnumótun og aðgerðir í byggðamálum. Alls bárust sjóðnum 14 umsóknir, samtals að upphæð 38 milljónir króna. Til úthlutunar voru 10 milljónir.

Þekkingarnet Þingeyinga fékk 2,5 milljónir króna í styrk vegna verkefnis sem heitir Byltingar og byggðaþróun: hlutverk þekkingasetra í byggðaþróun fjórðu iðnbyltingarinnar. Markmið rannsóknarinnar er að greina áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar í byggðum landsins og mögulegar leiðir til að nýta innviði þekkingarsetra til að mæta áskorunum og tækifærum byltingarinnar.

Fasteignaverð og barnafjölskyldur

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi fengu 2 milljónir vegna verkefnis með heitinu Fasteignamarkaður og foreldrar um land allt: Getur hátt fasteignaverð fælt barnafjölskyldur af landsbyggðinni eða haldið þeim frá? Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hvað hefur áhrif á búferlaflutninga fólks á barneignaraldri og að styrkja fyrri greiningu á þessum þáttum svo auðveldara sé að hanna íbúaþróunarlíkön fyrir sveitarfélög. Í þriðja lagi að auka skilning á þeim áhrifum sem mikil sókn utanbæjarmanna í íbúðir fjarri heimahögum þeirra kunna að hafa.

Þá fékk Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri styrk að upphæð 2,5 milljónir króna vegna kortlagningar örorku á Norðurlandi eystra. Markmiðið með verkefninu er að kortleggja umfang og þróun örorku á Norðurlandi eystra í samhengi við þróun vinnumarkaðar og lýðfræðilegra þátta. Þá er markmið að unnt verði að nýta niðurstöður rannsóknarinnar í þágu þeirra sem vinna að atvinnuþróun, vinnumarkaðsúrræðum, menntamálum endurhæfingu fólks á vinnumarkaði og byggðaþróun og að verkefnið stuðli að aukinni þekkingu.

Emil B. Karlsson hlaut 3 milljón króna styrk vegna verkefnis sem heitir Verslun í heimabyggð: greining á sóknarfærum dreifbýlisverslana. Markmið rannsóknarinnar er að leiða í ljós hverjar eru skilvirkustu stuðningsaðgerðir við litlar verslanir í dreifbýli. Niðurstöðum er jafnframt ætlað að sýna hvaða þættir í rekstri dreifbýlisverslana skipta mestu til að lifa af í samkeppni við stærri verslanakeðjur.

/MÞÞ

ATVINNULÍFIÐ ER LÍF OKKAR ALLRA

Þegar þú ferð með fjölskylduna í ísbíltúr tekur atvinnulífið kipp. Þegar íssalinn lætur flísaleggja baðherbergið kemur annar kipp. Flísarinn lætur standsetja gamla hjólið sitt fyrir sumarið og enn kemur kippur, sem heldur áfram þegar hjólaviðgerðarmaðurinn kaupir íslenskan trúlofunarhring handa kærustunni. Loksins. Allt í einu er allt komið af stað á ný.

SA

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Nýr gestaprófessor bætist í hóp LbhÍ:

Úr hitabeltinu í kennslu á Hvanneyri

Í byrjun maímánaðar bættist Jan Axmacher gestaprófessor við starfslið Landbúnaðarháskóla Íslands. Axmacher segist hafa áhuga á samtölum við bændur um þeirra sýn á framtíðina og þær áskoranir og breytingar sem von er á í þeirri von að aðlaga rannsóknir sínar að þeim vandamálum sem geta steðjað að hinu einstaka íslenska umhverfi.

Axmacher er menntaður í vistkerfisfræði. Hann fékk snemma áhuga á hitabeltisumhverfi og regnskógum og dvaldi hálft ár við rannsóknir í Andesfjöllum í Ekvador. Hann vann doktorsverkefni sitt um líffræðilegan fjölbreytileika við hæsta fjall Afríku, Kilimanjaro. Við Kilimanjaro og í návígi við garða Chagga-ættbálksins óx áhugi hans á landbúnaðarkerfum og notkun ræktarlands, fjölbreytileika plantna og smádýra. Auk þess sem hann hefur unnið rannsóknir á sléttum Norður-Kína í landbúnaðarhéraði temprða beltisins í austurhluta Kína.

Í framhaldi af því flutti Axmacher til Bretlands þar sem hann starfar nú sem dósent við University College London.

Jan Axmacher, gestaprófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Líffræðileg fjölbreytni og sjálfbær landbúnaður

Axmacher segist enn hafa áhuga á viðhaldi líffræðilegs fjölbreytileika en einnig sjálfbærum landbúnaði, vistþjónustu, innfluttum ágengum tegundum og almennum umhverfisvísindum. Axmacher stefnir að áframhaldandi rannsóknum á landbúnaði og skóglendum Kína og Bretlands ásamt því að stofna til nýrra rannsókna í samstarfi við vísindamenn við Landbúnaðarháskóla Íslands á málefnum í tengslum við landbúnað og verndun lands á Íslandi.

Óskar eftir samræðum við bændur

Að sögn Axmacher eru umhverfisbreytingar á Íslandi örar og bjóða loftslagsbreytingar upp á nýja möguleika sem geta þó verið áhættusamar fyrir viðkvæmt umhverfið og landbúnaðinn.

„Samhliða hlýnun og auknum möguleikum á að rækta nýjar tegundir til uppskeru geta innlendar tegundir haft hag af hlýnandi loftslagi og orðið vandamál í ræktun. Einnig gæti aukinn fjöldi innfluttra tegunda orðið ágengar og náð yfirhöndinni yfir innlendar tegundir og tegundir í hefðbundnum landbúnaði hér á landi.

Þar sem bændur eru þeir fyrstu sem taka eftir þeim breytingum sem ég nefni hef ég áhuga á að tala við þá og læra af þeim meira um landbúnað, garðyrkju og skógrækt. Ég hef bæði áhuga á samtölum við fólk um þeirra sýn á framtíðina og þær áskoranir og breytingar sem von er á í þeirri von að aðlaga rannsóknir mínar að þeim aðkallandi vandamálum sem geta steðjað að hinu einstaka íslenska umhverfi,“ segir Jan Axmacher, gestaprófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

/VH

Bændablaðið
Kemur næst út
4. júní

LÍF & STARF

Guðríður Eva vinnur mikið í tölvu við að sinna ýmsum erindum áður en hún fer í vitjanir á sveitabæi eða tekur á móti fólki með veik gæludýr á stofuna sína eða til að afgreiða í versluninni sinni.
Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Guðríður Eva Þórarinsdóttir er nýr dýralæknir á Flúðum:

Ætlaði sér alltaf að verða dýralæknir enda með ólæknandi áhuga fyrir dýrum

Guðríður Eva Þórarinsdóttir hefur nýleg stofnað sitt eigið dýralækningafyrirtæki, sem sjálfstætt starfandi dýralæknir með starfsaðstöðu á Flúðum.

Hún er fædd í Hrunamannahreppi og býr á Flúðum með kærastanum sínum, Jóni William. Guðríður Eva er frá bænum Reykjadal sem er rétt fyrir ofan Flúðir. Guðríður er elst af fjórum systkinum og á þrjá yngri bræður.

„Ég fór beint í Menntaskólann að Laugarvatni eftir grunnskóla og þaðan beint til Kaupmannahafnar í dýralæknanám. Ég var rétt að verða 20 ára þegar ég flutti til Danmerkur og hafði stundað alls konar sumarvinnu og vinnu með skóla t.d. garðyrkju, afgreitt í búðinni, verið barþjónn á Útlaganum, unnið á sambýli og í reiðskóla svo eitthvað sé nefnt," segir Guðríður Eva.

Ekki erfið ákvörðun

Guðríður Eva segir það ekki hafa verið erfiða ákvörðun að fara í nám í dýralæknum og verða þar með dýralæknir. Nei, ég man bara aldrei eftir mér öðruvísi en að ætla að verða dýralæknir. Ólæknandi meðfædd dýrasýki hefur líklega ráðið mestu þar um. Ég get því ekki sagt að ákvörðunin hafi verið erfið, en það var smá þröskuldur að þurfa að fara utan í nám. Ég er heimakær sveitastelpa og það var aðeins út fyrir þægindarammann að fara ein og flytja út. Ég lærði í Kaupmannahöfn og námið tók mig 6 ár í það heila. Ég bjó úti í 5 ár en var svo á Íslandi á meðan ég skrifaði lokaverkefnið mitt."

Dýralæknir í sjö ár

Guðríður Eva hefur starfað í sjö ár sem dýralæknir. Frá því að hún flutti heim vann hún á Dýralæknamiðstöðinni á Hellu í blönduðum praksis. Veturinn 2013–2014 var hún í hlutastarfi og með því skrifaði hún lokaverkefnið sitt og var svo í fullu starfi eftir að hún útskrifaðist vorið 2014.

„Dýralæknamiðstöðinni á Hellu var lokað í lok árs 2019 og í framhaldi ákvað ég að fara út í sjálfstæðan rekstur af því að mér fannst það bara mjög spennandi og ákvað því að taka stökkið og prófa að sjá um mig sjálf. Það var engin stofa á Flúðum eða hérna í næsta nágrenni og þetta var því bara spennandi tækifæri," segir Guðríður Eva aðspurð af hverju hún hafi ákveðið að fara út í sjálfstæðan rekstur.

Fjölbreytt verkefni

Á Flúðum er Guðríður Eva með litla dýralæknastofu þar sem hún er með góða aðstöðu fyrir sig og það sem starfseminni fylgir. Hún getur tekið á móti smádýrum þar í daglegar skoðanir, eftirlit og minniháttar aðgerðir. Hún er líka með smáverslun með gæludýrafóðri, hestavörum og bætiefnum fyrir kýr og kindur. Síðan er Guríður Eva með vel búinn bíl og keyrir til bænda sem eru með hross, kýr og kindur.

Hún er líka með fínt hesthús heima í Reykjadal þar sem hún hefur tekið til sín hross, sem t.d. slasast illa og þurfa að vera í langri meðhöndlun. „Ég fer víða um Suðurland í vitjanir, en er vissulega mest hér í uppsveitum Árnessýslu. Þó að starfsstöðin mín hafi flutt frá Hellu og á Flúðir þjónusta ég enn þó svolítið af fólki fyrir austan í Rangárvallasýslu."

Guðríður hefur komið sér vel fyrir með stofuna sína á Flúðum í húsi sem heitir Steðji en afi hennar heitinn var m.a. með starfsemi í húsnæðinu. Gæludýraeigendur fá heilsufarsbók hjá Guðríði Evu þar sem heilsa dýranna er skráð samviskusamlega í bókina.

Týpískur sveitadýralæknir

Þegar Guðríður Eva er spurð hvar hennar svið liggi helst í dýralæknum er hún fljót að svara.

„Já, ég er svona þessi týpíski sveitadýralæknir í blönduðum praksis. Sinni þessu öllu í bland, hestum, kúm, hundum köttum og sauðfé og fjölbreytileikinn er einmitt það allra besta við starfið. Það leiðinlegasta við starfið er að taka fastar hildir úr kúm en það skemmtilegasta eru vorverkin, sauðburðurinn og svo finnst mér afskaplega gaman af öllu sem tengist hryssunum; sónarskoðanir, sæðingar og allt það sem viðkemur ræktun og frjósemi hrossa. Það er líka svo gaman fyrir hrossaræktaráhugamanneskju eins og mig að sjá öll fololdin, hitta ræktendur og geta forvitnast undan hvaða hestum þau eru. Þá fær maður oft hugmyndir um hvaða hesta maður vill sjálfur nota á sínar hryssur," segir hún og bætir við: „Í fyrra var ég í fyrsta skipti í samstarfi með hjónunum í Hemlu með sæðingarstöð fyrir hryssur. Hulda Jónsdóttir, þáverandi samstarfsskona mín á Hellu, var með mér í þessu og við sæddum um 80 merar við stóðhestinum Ský frá Skálakoti, það var ótrúlega skemmtilegt starf. Við erum núna að undirbúa okkur að byrja aftur á Hemlu og í sumar verða tveir hestar í Hemlu, Skýr frá Skálakoti og Pensill frá Hvolsvelli."

Vorið mikill álagstími

„Vorið er mikill álagstími hjá dýralæknum, það er alltaf einhver vinna við sauðburð, nokkrir keisaraskurðir og burðarhjálp. Það kemur líka törn í folageldingum á vorin og svo fara folöld að fæðast og allt sem tengist stóðhestahaldi. Þetta er vissulega mjög annasamur tími en líka svo ótrúlega skemmtilegur," segir Guðríður Eva þegar hún var spurð um mesta álagstíma dýralækna.

Dýrin eru uppáhalds áhugamálið

Guðríður Eva segir að þó það hljómi kannski einkennilega þá séu dýrin, hestar og hundar hennar aðaláhugamál.

„Við erum líka með litla hrossarækt og reynum að sinna hrossunum og ríða út eins mikið og tími gefst til. Svo eigum við 3 ástralska fjárhunda og erum aðeins að fikra okkur áfram í hundarækt líka. Svala, yngsta tíkin okkar, er okkur fædd, en við vorum með 8 hvolpa í fyrrasumar og héldum henni eftir."

Að lokum er vert að vekja athygli á heimasíðu dýralækningaþjónustu Guðríðar Evu en slóðin á hana er www.dyralaeknirinn.com. Á síðunni er hægt að finna allar aðrar upplýsingar eins og símanúmer, netfang og þess háttar hjá henni.

/MHH

TIL Á LAGER. CLT EININGAHÚS—GRUNNFLÖTUR 5,7m x 5,7m

MILLILOFT 2,5m x 5,7m. SÝNILEG ÁFERÐ ÚR LERKI OG FURU





4.700.000kr m/vsk—Verk og burðarþolsteikningar innifaldar







Skipulag að innan eftir þínu höfði

Ýmsir möguleikar

STRÚKTÚR

STÁLGRINDARHÚS—Z-STRÚKTÚR HÚS —LÍMTRÉSHÚS—CLT HÚS

STRÚKTÚR ehf | Stangarhyl 7 | 110 Reykjavík | struktur@struktur.is | Sími: 588 6640

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Ferðaþjónustubændur skoða hvað hægt sé að gera í ferðaþjónustu í skugga COVID-19:

„Menn eru að reyna að átta sig á hvað búi í íslenska markaðnum“

– segir Sölvi Arnarsson, formaður stjórnar Félags ferðaþjónustubænda

Sölvi Arnarsson, ferðaþjónustubóndi í Efstadal í Bláskógabyggð, situr í viðbragðsteymi Bændasamtaka Íslands. Þar er m.a. verið að skoða hvað hægt sé að gera í ferðaþjónustu í sveitum landsins til að fást við nær algjört hrun í ferðamennsku vegna COVID-19.

Auk fjárhagsvanda sem stafar af stöðnun á tekjuinnstreymi, þá þurfa ferðaþjónustubændur nú nær alfarið að reiða sig á íslenska ferðamenn í sumar.

„Menn eru að reyna að átta sig á hvað búi í íslenska markaðnum og hvað íslenskir ferðamenn eru tilbúnir að gera. Í okkar félagsskap, Félagi ferðaþjónustubænda, þá hafa gestirnir undanfarin ár verið að 99% hluta erlendir ferðamenn. Á meðan þeir eru ekki að koma er róðurinn afar þungur og greinin er í rauninni stopp í augnablikinu,“ segir Sölvi, sem jafnframt er formaður stjórnar Félags ferðaþjónustubænda.

Sölvi Arnarsson. Mynd / HKr.

Stjórn Félags ferðaþjónustubænda, talið frá vinstri: Friðbjörg Matthíasdóttir, Karl Jónsson, Einar Þór Jóhannsson, Sölvi Arnarsson og Arna Björg Bjarnadóttir.

Tilbúin til að taka á móti gestum en vilja fara varlega

Hann segir að opnun landamæra Íslands fyrir komu ferðamanna með ákveðnum skilyrðum veki vissulega vonir, en þar verði menn líka að horfa raunsætt á málið.

„Ferðaskrifstofur hafa haldið að sér höndum, en verið tregar til að afbóka alveg strax þær pantanir sem fyrir lágu í von um að úr rætist. Enn eru margir af okkar félagsmönnum því með mikið gistipláss frátekið fyrir sumarið. Ég held að við þurfum samt að vera svolítið raunsæ. Ef maður lítur bara í eigin barm, þá myndi maður ekki hafa ánægju af því að ferðast eins og er meðan maður þarf mögulega að lúta sóttkví eða öðrum takmörkunum. Tíminn mun bara leiða það í ljós hvað fólk er tilbúið til að gera. Við erum allavega opin og tilbúin til að taka á móti gestum þó við viljum alls ekki fá eitthvert bakslag í þessum faraldri.

Ég held að flestir séu farnir að undirbúa sig undir að þetta verði ónýtt ár fyrir ferðaþjónustuna og farnir að horfa á næsta ár. Við erum öll að hugsa á þann hátt að fara varlega í þessum efnum svo við töpum ekki því trausti sem við höfum verið að byggja upp.“

Glíma við afleiðingar tekjuhruns

Sölvi segir stöðuna einnig grafalvarlega þegar litið er á fjárhagshliðina. Fjölmargir hafi verið að byggja upp og séu því mjög skuldsettir.

„Það er um 90–95% tekjuhrun hjá hótelum og gististöðum innan raða ferðaþjónustubænda. Eitt af því sem Félag ferðaþjónustubænda setti í gang var samstarf við Ráðgjafarþjónustu landbúnaðarins (RML) um að fá þaðan fjármálaráðgjöf. Lögð var áhersla á að menn leituðu allra þeirra leiða í ráðgjöf sem í boði eru. Þar er RML með puttann á púlsinum og vita hvað hægt er að gera og hvernig á að standa að hlutunum. Við höfum því bent okkar félagsmönnum á að nýta sér þá aðstoð sem er gríðarlega mikilvæg.

Margþætt úrræði

„Úrræðin eru vissulega margþætt og stjórnvöld fá toppeinkunn frá mér fyrir hvernig tekið hefur verið á málum.“

Fasteignagjöld eru eitt af stóru málunum

„Innan viðbragðsteymis BÍ hefur verið rætt hver aðkoma sveitarfélaganna gæti verið, fasteignagjöld eru eitt af stóru málunum innan ferðaþjónustunnar sem ekki hafa enn verið leyst. Gríðarlega stór gjaldaliður sem ferðaþjónustan þarf að greiða meðan engar eru tekjurnar, að fresta greiðslum er ekki endanleg lausn fyrir okkur.

Formaður BÍ, Gunnar Þorgeirsson, standur þétt við bakið á ferðaþjónustubændum að lausn finnist, því þar þarf að gera eitthvað svo ekki fari illa. Þetta þarf að vera samvinna milli sveitarfélaganna og ferðaþjónustunnar því hagsmunir beggja eru í veði.

Auðvitað er þetta sárt og vont að kljást við þetta þegar við eigum að vera að detta inn í aðal ferðamannatíma ársins. Við erum samt vön að takast á við áföll og að kljást við alls konar storma. Því munum við fást við þennan vanda eins og allt annað.“

Hey Ísland með mikla reynslu að baki

Sölvi telur gott samstarf meðal ferðaþjónustubænda um leiðir til að fást við vandann. Þá séu bændurnir stór hluthafi í ferðaskrifstofu sem heitir Hey Ísland, eða Hey Iceland og var áður Ferðaþjónusta bænda hf. Fyrirtækið var stofnað í júlí 1991, en forsaga fyrirtækisins nær þó allt aftur til ársins 1965 þegar erlendum ferðamönnum var fyrst boðið að dvelja á íslenskum sveitaheimilum gegn gjaldi. Nýja vörumerkið „Hey Ísland“ var tekið í notkun 2016.

„Þar innandyra er gríðarlega mikil reynsla, undir stjórn Sævars Skaptasonar framkvæmdastjóra vinnur fólk með gríðarlega mikla reynslu og hefur staðið í framlínunni í áratugi. Á bak við þetta eru um 150–160 bæir ferðaþjónustubænda um allt land og við stöndum þétt að baki því söluneti sem við eigum þar. Þessir staðir eru að tala saman og leita leiða til að takast á við þann vanda sem við erum nú í.

Mikilvægasta skrefið núna í átt að bata er að ferðaþjónustubændur hópist saman í kringum bókunarkerfi Hey Ísland með því að auka framboðið og ekki síður að tengjast Travia til að raunframboð sé aðgengilegt á hverjum degi inn á heyiceland.is.“

– Er samt ekki töluverð hætta á að einhverjir fari illa út úr þessu fjárhagslega?

„Ég held að þetta komi til með að rista djúpt hjá öllum sem eru í ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan í heild sinni var búin að spenna bogann allavega til hálfs og þegar það verður tekjuhrun, þá er hálft kannski bara of mikið.“

Bændur vanir að takast á við svona hluti

„Það vill þó til að ferðaþjónustubændur eru margir hverjir í blönduðum búskap og hafa þannig dreift áhættunni sem hjálpar vissulega til. Margir eru t.d. í sauðfjárrækt, nautgriparækt eða hrossarækt. Ég vona að allir mínir félagsmenn standi þennan storm af sér. Ef einhverjir eru vanir að takast að við svona hluti, þá eru það bændur,“ segir Sölvi Arnarsson. */HKr.*

Drangey. Mynd / HKr.

Styrkur til að smíða flotbryggju í Drangey

Drangeyjarferðir ehf. hafa fengið úthlutað 13 milljónum króna í styrk sem nýta á til að smíða og styrkja flotbryggju í Drangey. Styrkurinn fékkst úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Bryggjan sem fyrir var brotnaði í óveðri og þarf að styrkja hana á ýmsan máta, setja niður festur þannig að haldi, steypa undir viðlegukant sem fyrir er og styrkja. Smíða landganga bæði frá flotbryggju og einnig frá viðlegukanti, einnig að setja upp handrið til að tryggja öryggi ferðalanga.

Verkefnið er þannig mikilvægt öryggisverkefni á sögufrægum og áhugaverðum ferðamannastað, en styrkurinn er veittur með því skilyrði, að tryggt sé óhindrað aðgengi allra að flotbryggjunni. */MÞÞ*

Skagaströnd

Hugmyndir um heitar laugar og sjóböð við Hólanes

Fram hafa komið hugmyndir um að hanna og byggja upp heitar laugar og sjóböð við Hólanes á Skagaströnd. Málið var til umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar nýverið. Kostnaðaráætlun upp á 5,6 milljónir króna liggur fyrir en hún er vegna forgreiningar og húsrýmisáætlunar vegna verkefnsisins.

Sveitarfélagið Skagaströnd hefur síðustu misseri unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu meðal annars með þátttöku í Cruise Iceland með það fyrir augum að fá skemmtiferðaskip til þess að koma við á Skagaströnd, að því er fram kemur á vefnum huni.is. Þar er einnig haft eftir sveitarstjóra, Alexöndru Jóhannesdóttur, að nauðsynlegt þyki að styrkja innviði ferðaþjónustunnar og laða að ferðamenn, bæði erlenda og innlenda. Heitar laugar og sjóböð ættu að skapa aðdráttarafl bæði fyrir Skagaströnd og eins fyrir fjórðunginn í heild. Verkefnið er á frumstigi, en næstu skref eru að gera forkönnun á aðstæðum og húsrýmisáætlun fyrir væntanleg mannvirki til að fá betri sýn á umfang þess. */MÞÞ*

Skagaströnd. Heitar laugar og sjóböð við Hólanes ættu að skapa aðdráttarafl bæði fyrir Skagaströnd og eins fyrir fjórðunginn í heild. Mynd / HKr.

Forsvarsmenn meirihluta fyrirtækja í ferðaþjónustu á Norðurlandi telja frekar eða mjög líklegt að þau muni komast í gegnum það ástand sem COVID-19 veirufaraldurinn hefur skapað og munu hafa opið hjá sér í sumar.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu á Norðurlandi:

Munu flest lifa af ástandið af völdum heimsfaraldurs

– Munu nýta úrræði stjórnvalda, einkum hlutabótaleiðina

Forsvarsmenn meirihluta fyrirtækja í ferðaþjónustu á Norðurlandi telja frekar eða mjög líklegt að þau muni komast í gegnum það ástand sem COVID-19 veirufaraldurinn hefur skapað og munu hafa opið hjá sér í sumar. Meirihluti ferðaþjónustufyrirtækjanna nýtir sér úrræði ríkisstjórnarinnar, flest hlutabótaleiðina.

Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar sem Markaðsstofa Norðurlands gerði í byrjun maí. Könnunin var gerð dagana 5.–11. maí og bárust svör frá 172 fyrirtækjum en bróðurpartur þeirra hefur verið starfandi í 10 ár eða lengur.

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsskrifstofu Norðurlands, segir niðurstöðu könnunarinnar betri en fyrirfram var búist við.

„Brúnin hefur aðeins verið að lyftast á mönnum í ferðaþjónustunni, bæði vegna þeirra aðgerðapakka sem boðið er upp á vegna ástandsins og eins því að menn eygja það nú að landið muni opnast á ný innan tíðar," segir hún.

Íslenski markaðurinn fyrirtækjunum mikilvægur

Arnheiður segir eigendur fyrirtækjanna á fullu þessa dagana í vöruþróun og að aðlaga starfsemi sína að breyttu umhverfi á komandi sumri, markaðurinn sé annar þegar viðskiptavinir verði að stærstum hluta Íslendingar. Um 20% af innkomu norðlenskra fyrirtækja árlega hefur komið til vegna Íslendinga svo augljóst er að flest missa stóran spón úr aski sínum. Engu að síður er íslenski markaðurinn norðlensku fyrirtækjunum mikilvægur, en 59% þeirra sem svöruðu nefndu að svo væri.

„Þrátt fyrir að félögin sjái fram á mun lægri tekjur en vant er heyrist mér ekki annað en að hófleg bjartsýni ríki meðal þeirra sem stunda ferðaþjónustu. Þeir ætla sér að komast upp þessa brekku og eru í óða önn að laga sína starfsemi að þeim breytingum sem orðið hafa," segir hún.

58% nýta úrræði stjórnvalda

Fram kemur í könnun Markaðsskrifstofunnar að 58% norðlensku fyrirtækjanna nýta sér úrræði stjórnvalda, langflest hlutabótaleiðina, eða 87%. Færri nýta önnur úrræði eins og brúarlán, lokunarstyrki, frystingu lána og eða frestun opinberra gjalda. Ríflega

„Ef allt gengur að óskum sjá menn fram á að erlendir ferðamenn komi hingað til lands síðsumars."

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsskrifstofu Norðurlands.

20% fyrirtækjanna sögðu úrræði stjórnvalda ekki henta og 14% þeirra þurftu ekki á þeim að halda. Þá er nokkur hópur einungis með sumarstarfsemi og 16% svarenda sögðu fyrirtæki sitt of lítið til að úrræði stjórnvalda nýttust því.

Arnheiður segir þá ánægjulegu niðurstöðu hafa fengist úr könnuninni að flest fyrirtækjanna ætla sér að hafa opið árið 2020, eða 91% þeirra sem svöruðu þeirri spurningu. Einungis 1,2% svöruðu neitandi og 8% kváðust ekki vita það. Þeir sem svöruðu þessari spurningu játandi ætla að hafa opið í júní, júlí og ágúst, eða yfir 90%. Meirihluti svarenda, eða yfir 60%, þeirra sem svöruðu, ætla að hafa opið þá mánuði sem eftir eru ársins.

Nýjar bókanir hafa borist

„Ef allt gengur að óskum sjá menn fram á að erlendir ferðamenn komi hingað til lands síðsumars. Það eru margir sem eiga pantað í lok júlí og ágúst sem ekki hafa afbókað sig þannig að margir halda í vonina um að komast í sitt ferðalag til Íslands þrátt fyrir allt og afbóka ekki fyrr en í lengstu lög. Þá hefur það einnig gerst að nýjar bókanir hafa borist sem sýnir að fólk er ákveðið í að koma um leið og færi gefst," segir Arnheiður.

Veðrið ræður för Íslendinga

Hún segir á þessari stundu ómögulegt að segja fyrir um sumarið. Vissulega sé mikill hugur í Íslendingum og gera megi ráð fyrir að þeir verði meira á ferðinni en oft áður. Þeir hins vegar ferðast oft eftir veðri og sækja þangað sem sólin skín hverju sinni. Þannig geti brugðið til beggja vona, því verði norðlenska sumarið ekki upp á sitt besta má búast við að höfuðborgarbúar fari um skemmri veg í sín sumarfrí. „Við auðvitað vonum bara það besta," segir Arnheiður og bendir á að það sé jákvætt upp á ferðalög landsmanna að fleira fólk má nú vera á tjaldsvæðum en í fyrstu var gefið út.

Myndin breytist

„Það liggur fyrir að staðan er erfið og tekjur fyrirtækjanna í ár verða mun minni en áður," segir Arnheiður. Hún segir að þó séu dæmi um að fyrirtæki hafi farið í þrot, slíkt blasi líka við einhverjum og ljóst að einhverjir muni hætta rekstri. Þá megi búast við breytingum á eignarhaldi fyrirtækja í kjölfar ástandsins. „Við horfum upp á breytta mynd, það er alveg ljóst en almennt ríkir hins vegar bjartsýni í hópi norðlenskra ferðaþjónustufyrirtækja og flestir telja að þeir muni komast yfir þetta með tímanum." /MÞÞ

Matarstígur Helga magra:

Kvenfélögin verða með á bændamörkuðum

Stjórn Matarstígs Helga magra hefur samþykkt að veita kvenfélögum Eyjafjarðarsveitar aðild að matarstígnum. Kvenfélögin í sveitarfélaginu eru þrjú talsins.

Kvenfélögin eru hornsteinn góðgerðarmála í samfélaginu og hafa aflað fjár m.a. með sölu matvæla og handverks á Handverkshátíð sem nú hefur verið aflýst þetta árið. Til að koma til móts við þarfir kvenfélaganna og styðja við þeirra mikilvæga starf býður matarstígurinn að þau fái að starfa á bændamörkuðum sumarsins.

Afla tekna fyrir góðgerðarstarf

Í ljósi sérstöðu þeirra munu þau hafa heimild til að selja ekki bara matvörur heldur líka handverk. Fyrir utan það að glæða markaðina meira lífi fá félögin tækifæri til að afla tekna fyrir sitt góðgerðarstarf, segir í tillögu stjórnar Matarstígs Helga magra sem samþykkt var á síðasta fundi.

Bændamarkaðir verða í Eyjafjarðarsveit í sumar og hefjast að líkindum í júlí en vera má að sleppi til að einn verði í júní. /MÞÞ

Laus er til umsóknar staða nýdoktors í gerð vistkerfislíkana við Landbúnaðarháskóla Íslands

Landbúnaðarháskóli Íslands hlaut öndvegisstyrk frá Rannís fyrir verkefnið Fiskveiðar til framtíðar í samstarfi við Hafrannsóknastofnun og Háskóla Íslands. Verkefnið fjallar um þróun vistkerfislíkana fyrir hafið en vistkerfislíkön geta verið gagnleg við fiskveiðistjórnun og til að svara vistfræðilegum spurningum. Þá hafa þau líka verið notuð til að skoða félagsleg og hagræn áhrif af nýtingu sjávarauðlinda. Nýdoktornum er ætlað að starfa við smíði vistkerfislíkans fyrir hafsvæðið í kringum Ísland.

Um er að ræða þriggja ára stöðu styrkta af Rannís þar sem nýdoktornum er ætlað að vinna að uppsetningu á fiskveiði- og haglíkani fyrir vistkerfislíkanið Atlantis. Þá mun verkefnið einnig fela í sér vinnu við að tengja Atlantis við stofnmatslíkön. Þá mun nýdoktorinn sjá um gerð stjórnendastefnuhermanna og koma að vinnu við að nota Atlantis líkanið til að kanna áreiðanleika einfaldari líkana. Verkefnið mun nýta lífmælingagögn safnað af Hafrannsóknastofnun auk upplýsinga um landaðan afla, úr afladagbókum og frá fiskmörkuðum. Æskilegt er því að umsækjendur hafi góðan grunn í gagnagreiningu og líkanagerð. Nýdoktorinn mun vinna með hópi sérfræðinga á sviði líkanagerðar, tölfræði, hagfræði og fiskifræði frá LbhÍ (Dr. Erla Sturludóttir), Hafró (Dr. Pamela J. Woods og Dr. Bjarka Þór Elvarsson) og HÍ (Dr. Gunnar Stefánsson og Dr. Sveinn Agnarsson).

Nýdoktorinn mun einnig starfa með öðrum nýdoktorum og doktorsnemum er tengjast verkefninu.Umsækjendur þurfa að hafa lokið doktorsprófi í líffræði, auðlindastjórnun, hagfræði, verkfræði, tölfræði, hagnýtri stærðfræði eða skyldum greinum.

ÆSKILEGT ER AÐ UMSÆKJANDI HAFI:

- Sýnt fram á kunnáttu í tölfræði auk meðhöndlunar og úrvinnslu stórra gagnasetta
- Reynslu af smíði hag-, vistfræði- eða lífræðilíkana
- Góða þekkingu á forritunarumhverfinu R auk almennar forritunarkunnáttu
- Birtingar í ritrýndum fræðitímaritum
- Reynslu af þverfaglegri teymisvinnu
- Getu til að vinna sjálfstætt og sem hluti af hóp

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag íslenskra náttúrufræðinga hafa gert. Með umsókn skulu fylgja kynningarbréf, starfsferilskrá og nöfn tveggja meðmælenda með upplýsingum um hvernig er hægt að ná í þá.

Nánari upplýsingar veitir

Erla Sturludóttir erla@lbhi.is 694 2149 og **Guðmunda Smáradóttir**, mannauðs- og gæðastjóri, **gudmunda@lbhi.is** sími 433-5000

Umsóknarfrestur er til 4. júní 2020

Við ráðningu skal leggja fram staðfestingu á doktorsgráðu. Sótt er um starfið gegnum ráðningarkerfi ríkisins á **www.lbhi.is/storf**

Bændablaðið
Kemur næst út 4. júní

Lely Center Ísland

ALTERNATORAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Hótel Breiðavík er kjörinn áningarstaður á leiðinni út á Látrabjarg:

„Vonum bara að við fáum gott veður í sumar“

– segir Keran ST. Ólafsson ferðaþjónustubóndi en hvetur fólk samt til að fara mjög varlega vegna COVID-19 því bakslag megi ekki verða

Hjá Hótel Breiðavík í Vesturbyggð á norðvesturhorni landsins hafa hjónin Keran ST. Ólason ferðaþjónustubóndi og Birna Mjöll Atladóttir hótelstjóri rekið ferðaþjónustu síðan 1999. Þau vonast til að sumarið fram undan verði gott en hvetja fólk samt til að fara mjög varlega vegna COVID-19.

Keran og Birna Mjöll keyptu Breiðavík árið 1999 og ráku þar myndarlegt sauðfjárbú um árabil með mest um 1.000 fjár á fóðrum. Árið 2011 ákváðu þau svo að hætta fjárbúskapnum og snúa sér alfarið að ferðaþjónustunni. Breiðavík liggur mjög vel við fyrir ferðamenn sem eiga leið á Látrabjarg. Þar er því kjörinn áningarstaður.

„Hjá okkur hefur verið lokað frá því í endaðan september ár hvert og fram yfir mánaðamót apríl-maí. Þannig að samdráttur vegna COVID-19 hefur ekki haft nein bein áhrif á okkar rekstur enn þá. Bókunarstaðan fyrir maí var ágæt og mun betri en í fyrra. Það hvarf þó allt saman vegna faraldursins og við ákváðum þá að hafa lokað út maí, enda dýrt að halda hótelinu opnu.“

Frá Breiðavík. Myndir / HKr.

Það er stutt að fara að skoða fuglana í Látrabjargi fyrir gesti sem koma til Breiðavíkur.

Útkoman í sumar veltur mikið á veðrinu

Varðandi væntingar fyrir komandi sumar segir Keran að þar þurfi alfarið að treysta á að Íslendingar verði duglegir að ferðast um landið. Við séum öll vön því að elta sólina og fara þangað sem veðrið er best hverju sinni. Það sé mjög ólíkt ferðamáta útlendinga sem séu búnir að panta allt fyrirfram og láti veðrið ekki á sig fá þó það blási og rigni. Útkoman í sumar velti því mjög á veðrinu en veðrið í fyrrasumar hafi verið einstaklega gott.

„Vonum bara að við fáum gott veður í sumar, bæði vegna ferðamanna og ekki síður vegna geðheilsu fólks.“



Keran ST. Ólason, ferðaþjónustubóndi í Breiðavík. Hann bendir þeim sem hug hafa á að ferðast til Vestfjarða að kaupa nýjustu bók Ferðafélags Íslands.

Besta sumarið til þessa var 2016

„Við toppuðum sumarið 2016 með metfjölda ferðamanna. Síðan hefur verið jafnt og þétt samdráttur í seldum gistinóttum. Á móti kemur aukning í matsölu. Það er bæði fólk á svæðinu sem hefur verið duglegt að koma til okkar og fólk sem er á ferðinni og gistir annars staðar á svæðinu hefur gjarnan komið við í Breiðavík að fá sér að borða. Það segir manni að það hefur ekki orðið fækkun á ferðamönnum inn á svæðið, heldur eru fleiri möguleikar í boði varðandi gistingu en áður var. Maður sér þetta líka á umferðartölum frá vegagerðinni að umferðin á leiðinni út á Látrabjarg er síst minni en áður.“

Birna Mjöll Atladóttir hótelstjóri.

Fjölmargir áhugaverðir staðir

Keran segir að ef fólk hafi áhuga á að koma vestur, þá sé kjörið að kaupa nýjustu bók Ferðafélags Íslands sem er uppfull af fróðleik um áhugaverða staði í gamla Rauðasandshreppi sem nú tilheyrir Vesturbyggð. Á þessu svæði má finna mjög fjölbreytta náttúru og hvergi á landinu er að finna jafn mikið af hvítum sandi og í fjölmörgum víkum sem þarna er að finna. Þá er Látrabjarg einstakt á heimsvísu og er iðandi af bjargfugli, m.a. lunda, sem sem auðvelt er að komast í návígi við.

Keran segir að auðvelt ætti að vera að fá gistingu á svæðinu. Þar er Hótel Breiðavík auk þess sem boðið er upp á gistingu í Örlygshöfn og í Hænuvík.

Opna í júní en leggja áherslu á að fólk fari varlega vegna COVID-19

„Við erum að skoða stöðuna varðandi opnun hótelsins í júní. Ég er nú samt þannig þenkjandi að við eigum að fara varlega í að létta á höftum vegna COVID-19 og að opna landið fyrir ferðamönnum. Við megum alls ekki fá niðursveiflu í þetta aftur og skelfilegt ef slíkt gerðist. Þó ég hafi mína lífsafkomu af að þjónusta ferðamenn, þá vil ég samt hafa meira lokað en minna. Það er betra að allt sé í lagi þegar þetta er opnað, en enn meira högg ef sjúkdómurinn fer aftur að grassera. Það má bara ekki gerast,“ segir Keran ST. Ólason. */HKr.*

Regnsett fyrir útileguna

Regnsett sem er fóðrað með slitsterku og endingargóðu Jersey efni. Efnið er teygjanlegt sem auðveldar hreyfingu. Hetta með smellum. Endurskinsborðar á öxl og hálsi. Buxurnar eru með teygju í mitti og vasa að framan með flipa.

Stærðir: XS - 3XL.
Efni: 100% pólýúretan með jersey fóðri, 170 g/m².
Litir: Blátt og svart.

Verð: kr. 12.390,-

KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

Lely Center Ísland

STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið
Auglýsingasíminn er 56-30-300

Hríseyjarferjan Sævar á leið út í eyju. Mynd / HKr.

Ferðamálafélag Hríseyjar:

Vill ókeypis í ferjuna einn mánuð í sumar

Ferðamálafélag Hríseyjar hefur sent Akureyrarbæ bréf þar sem fram kemur að rekstraraðilar í ferðaþjónustu í eynni hafi áhyggjur af komandi sumri.

Hafin er vinna við að búa til skemmtilegar pakkaferðir til Hríseyjar með góðum afslætti fyrir fólk sem kýs að nota ferðaávísun, sem ríkisstjórnin ætlar að gefa út í Hrísey.

Til að styðja við átak eyjarskeggja og renna styrkari stoðum undir atvinnulífið í eynni fer ferðamálafélagið þess á leit við Akureyrarbæ að hann styrki félagið með því að greiða fargjöld í Hríseyjarferjuna fyrir alla í einn mánuð í sumar.

„Slík ráðstöfun myndi skila miklu til eyjarinnar og yrði gott markaðsátak sem hægt væri að ráðast í vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Við erum þess fullviss að margir íbúar á Norðurlandi sem ekki hafa komið í Hrísey myndu nýta sér þetta tilboð og einnig aðrir landsmenn,“ segir í erindi Ferðamálafélagsins. */MÞÞ*

Hugur í íbúum Árneshrepps á Ströndum:

Nýstofnuð Ferðamálasamtök Árneshrepps blása til sóknar

– Góð gistiaðstaða og auðvelt að ferðast norður á Strandir með felli- og hjólhýsi

Héðinn Birnir Ásbjörnsson, formaður nýstofnaðra Ferðamálasamtaka Árneshrepps, segir að mikill hugur sé í Strandamönnum að halda áfram uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

„Ef það er einhvern tíma ástæða til að heimsækja Árneshrepp, þá er það núna,“ segir Héðinn. „Margir hafa látið það sitja á hakanum að ferðast hingað og tími kominn til þess hjá mörgum. Við erum ekki óvön því hér að glíma við mótlæti, því erum við mjög ánægð með að það náðist almenn þátttaka í þessu nýstofnaða hagsmunafélagi okkar. Innan þessa félags eru í raun allir sem tengjast ferðaþjónustu í hreppnum.

Þar kemur einnig að Ungmennafélagið sem rekur sundlaugina í Krossnesi. Þá kemur hreppurinn að þessu óbeint í gegnum kaffihúsið, Kaffi Norðurfjörð, sem Sara Jónasdóttir rekur. Ekki má heldur gleyma Verzlunarfjelagi Árneshrepps í Norðurfirði sem er framtak heimamanna og velunnara hreppsins. Sá rekstur var settur í gang í júní á síðastliðnu sumri, þannig að þetta er annað rekstrarsumarið. Fólk þarf því ekki endilega að koma klyfjað af vistum hingað norður, því hér má fá helstu nauðsynjavörur.“

Héðinn Birnir Ásbjörnsson, formaður nýstofnaðra Ferðamálasamtaka Árneshrepps, með dóttur sína Herdísi Kolku í fjallgöngu, en hún verður 5 ára í ágúst.

Blásið til kynningar á Árneshreppi

„Við ætlum okkur að blása til átaksverkefnis sem kynnir Árneshrepp sem vænlegan áningarstað fyrir ferðafólk. Þá erum við að horfa á að kynna fleira en gististaði, því við munum tjalda öllu til hvað varðar afþreyingu og annað. Við erum þar m.a. með eitt flottasta minja- og handverkshús á landinu í Kört í Árnesi og að okkar mati flottustu sundlaug í heimi í Krossnesi. Við ætlum að benda á alla þá kosti sem hér er upp á að bjóða fyrir fjölskyldufólk og aðra sem hyggja á ferðalög um Ísland.

Auðvitað er veðrið þó alltaf stærsta breytan í þessu fyrir íslenska ferðamenn. Þeir eru vanir að fara þangað sem veðrið er gott.“

Vegurinn kom vel undan vetri

Héðinn segir að vegurinn norður Strandir hafi komið ágætlega undan vetri. Þá hafi verið gert talsvert í endurbótum á veginum úr Ingólfsfirði í Ófeigsfjörð sem sé vel fær fjórhjóladrifnum bílum.

„Það er vel ferðarinnar virði að fara í Ófeigsfjörð og kynna sér af eigin raun þetta margumtalaða svæði fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar.“

Ekkert að því að ferðast norður á Strandir með tjald-, felli- og hjólhýsi

„Vegurinn norður Strandir er annars með betra móti og í fyrra var hann mjög fínn nánast allt sumarið, enda mjög þurrt í veðri. Það er ekkert að því að ferðast í Árneshrepp með tjaldvagna, felli- eða hjólhýsi og vel fært öllum bílum.“

Héðinn segir að góð aðstaða sé fyrir tjöld, tjaldvagna, felli- eða hjólhýsi hjá Ferðaþjónustunni Urðartindi hjá Arinbirni Bernharðssyni í Norðurfirði. Þá hafi líka verið aðstaða þar rétt hjá, eða við Finnbogastaðaskóla í Norðurfirði, en sú aðstaða verði ekki starfrækt í sumar, enda vart þörf á því. Svo er boðið upp á gistingu á Hótel Djúpavík, einnig er boðið upp á góða svefnpokagistingu hjá Gunnsteini Gíslasyni og Margréti Jónsdóttur á Bergistanga í Norðurfirði. Þá verða Strandferðir með siglingar frá Norðurfirði og norður í Reykjafjörð.

„Það verður því þjónusta á svæðinu sem flestir ættu að geta nýtt sér,“ segir Héðinn Birnir Ásbjörnsson. */HKr.*

Verzlunarfjelag Árneshrepps í Norðurfirði sér nú um rekstur verslunar í gamla Kaupfélagshúsinu á Krossnesi. Þar geta ferðamenn keypt helstu nauðsynjar þegar lagt er í ferð um Árneshrepp á Ströndum. Mynd / HKr.

Árið 1988

Árið 1988 fór fyrsta flugnanetið í glugga frá mér í einbýlishús. Síðan eru liðin mörg ár og margt breyst síðan.

Flugnanetið hefur meðal annars farið í:

fiskvinnsluhús, heilsugæslustöð
saltverksmiðju, mjólkurhús,
hótel, gistiheimili, veitingahús
bændagisting, iðnaðar eldhús,
ótal sumarhús svo og
einbýlishús og fjölbýli.

Varanleg lausn.

Hringdu eða sendu tölvupóst.
Kem á staðinn og veiti persónulega ráðgjöf. Lúsmý, engin fyrirstaða.

Lausn til framtíðar.

Sími 8959801
email: flugnanet@gmail.com

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

RAFGEYMASALAN
GÓÐ ÞJÓNUSTA, GÆÐI OG GOTT VERÐ

GETUM ÚTVEGAÐ ALLAR TEGUNDIR **LYFTARASELLA** Á **GÓÐU VERÐI**

FÁÐU TILBOÐ
VIÐ LEYSUM ÞETTA SAMAN

Dalshrauni 17 - 220 Hafnarfirði - Sími og fax: 5654060 - Netfang: sala@rafgeymar.is

Trésmiðjan Akur

AKURShús - timbureiningahús
Afhent samsett á byggingarstað eða ósamsett í einingum
– Við allra hæfi –

60 ÁR Í REKSTRI

Kannaðu málið á akur.is og pantaðu frían húsabækling

Margar stærðir og gerðir frá 93-227m²



Smiðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Hótel Lækur hefur misst viðskiptavini sína og sækir nú á mið Íslendinga:

Eru með margar perlur Suðurlands innan seilingar

Ferðaþjónustubændur á Íslandi eru nú sem óðast að undirbúa þá einstöku tíma sem fram undan eru í ferðaþjónustunni. Flestir þurfa að breyta algjörlega um kúrs og ná í viðskiptavini meðal landa sinna í sumar. Hótel Lækur á Rangárvöllum, rétt ofan við Gunnarsholt, hefur frá stofnun árið 2011 sótt viðskiptavini sína að nánast öllu leyti út fyrir landsteinana, en til að halda sjó í sumar á tímum kórónuveirufaraldurs er lagt á ráðin með markaðssetningu á svæðinu fyrir Íslendinga. Margar af einstökum náttúruperlum landsins eru innan seilingar frá Hróarslæk, sem hótelið kennir sig við.

Sturla Norðdahl og Sif Ólafsdóttir í hlaðinu á Hótel Læk.

„Ég var sjálfur í námi, var að vinna sem bókari og í ýmsu öðru áður, en svo fyrir rúmum tveimur árum síðan þá ákveðum við Sif, kona mín, að flytja í sveitina og koma inn í reksturinn," segir Sturla Norðdahl. „Núna sjáum við að mestu um daglegan rekstur á hótelinu."

Hefðbundnum bóndabæ breytt í hótel

Hótelið hefur byggst upp í nokkrum áföngum, en áður var þar hefðbundinn bóndabær og blandaður búskapur. „Foreldra mína, þau Gunnar Norðdahl og Emilíu Sturludóttur, langaði til að flytja í sveitina en þau áttu sumarbústað hér í nágrenninu og þekktu til staðarins. Þau voru í verslunarrekstri í borginni og langaði til að söðla um," segir Sturla um forsögu þess að fjölskyldan sest að þarna á bökkum Hróarslækjar.

„Þabbi ólst upp í sveit og mamma er mikil hestakona, þannig að þetta var ekkert óeðlileg ákvörðun hjá þeim, að taka sig upp úr borginni," bætir hann við.

Fyrst var tekið til við að breyta bæjarhúsinu og útihúsi í það sem núna er aðalbygging hótelsins. Það var árið 2011. Í upphafi átti þetta bara að vera lítið gistiheimili með fáein herbergi, en síðan uxu hugmyndirnar á framkvæmdastigunum. Síðar komu svo gulu gistihúsin. „Já, herbergjunum fjölgaði jafnt og þétt og nú eru herbergin 21 og gulu húsin fjögur að auki. Þá bættist veitingastaður líka við á leiðinni. Við erum með svolítinn hobbí-búskap með kindur og hesta og notum lambakjötið okkar fyrir veitingastaðinn.

Hér eru 24 ær sem gefa okkur um 40 lömb á ári. Við höfum ekki lagt í að bjóða upp á hrossakjöt enn þá, enda er fólk frá ákveðnum löndum mjög viðkvæmt fyrir hrossakjötsáti og því betra að fara varlega í þeim efnum. Þetta eru mikilvægir viðskiptavinahópar.

Við leggjum mikið upp úr því að fá hráefni úr nágrenninu, notum mikið lax og silung til dæmis líka, auk okkar eigin afurða."

Sauðburður á Hróarslæk, hér er horft yfir sveitahótelið og Hekla er í baksýn.

Hótel Lækur á Rangárvöllum. Mynd / Úr einkasafni

Heppileg tímasetning að opna hótel

„Já, það má segja að það gat ekki verið heppilegri tími – það þurfti bara að opna dyrnar og ferðamennirnir streymdu inn," segir Sturla um tímasetningu foreldra hans á því að opna hótel á stað þar sem háttar til eins og við Hróarslæk. „Þau voru eitthvað að vandræðast með markaðssetninguna á hótelinu – hvað ætti að leggja áherslu á – en það reyndust óþarfa áhyggjur og þetta hefur nánast selt sig sjálft. Við höfum frá upphafi verið nánast eingöngu með erlenda ferðamenn – kannski nálægt 99 prósentum," segir hann.

Reksturinn á Hótel Læk hefur gengið vel síðustu ár sem þau þakka ekki síst góðum umsögnum og einkunnum á ýmsum ferðaþjónustuvefjum. Til dæmis eru þau með 9,6 í einkunn á hotels.com og eru afar vel metin á Tripadvisor meðal sambærilegra sveitahótela.

Skipulagðar ferðir

Auk þess að vera með hótelreksturinn er boðið upp á skipulagðar ferðir út frá Hróarslæk. „Já, við erum í samvinnu við leiðsögumenn og ferðaskrifstofur – og bjóðum upp á ferðir héðan í samvinnu við þá aðila. Hóparnir eru frekar litlir, þannig séð, og ferðirnar eru mest jöklaferðir, snjósleðar, ofurjeppar og hellar. Við leggjum talsvert upp úr norðurljósaferðum fyrir ákveðna hópa, enda hentar þetta svæði vel til að skoða þau með víðernin hér og fjarri ljósmenguninni. Svo myndar fjallgarðurinn fallega umfjörð, en það er kostur að vera ekki alveg ofan í þeim."

„Í byrjun maí setti Sturla tilboð á gistingu á Hótel Læk inn á Facebook-síðu hótelsins, í því markmiði að kynna Íslendingum fyrir þessum ferðaþjónustumöguleika á Suðurlandi. „Já, það liggur fyrir að

Á Keldum er einstök torfhúsaheild, í um sex kílómetra fjarlægð frá Hróarslæk.

Náttúruperlur í næsta nágrenni

Hótel Lækur er á Rangárvöllum í Rangárþingi Ytra og vel í sveit sett fyrir Íslendinga sem vilja kynnast áhugaverðum stöðum á Suðurlandinu; hvort heldur í sögulegu samhengi eða vegna náttúrufegurðar.

Að sögn Sturlu hafa erlendir gestir hótelsins mest sótt í eftirfarandi ferðir út frá hótelinu:

- Gullni hringurinn
- Suðurstrandavegur
- Landmannalaugar
- Þórsmörk
- Vestmannaeyjar
- Þjórsárdalur
- Fjallabaksleið syðri

Annað sem gæti vakið áhuga Íslendinga:

- Njáluslóðir og sögusetrið á Hvolsvelli
- Seljalandsfoss
- Skógafoss og Skógasafn
- Seljavallalaug
- Hekla
- Keldur

Útihúsunum á Hróarslæk var breytt í hótel árið 2011. Mynd / Úr einkasafni

við þurfum að reyna að fá fólkið í landinu til okkar að einhverju leyti í stað útlendinganna sem munu ekki koma. Við vitum að tilboðin eru kannski ekki alveg við allra hæfi en flestir ættu að ráða vel við þau verðtilboð sem við kynntum. Þetta er talsverð lækkun hjá okkur og við hugsum þetta í raun bara einungis til að geta haldið sjó í gegnum sumarið í það minnsta. Við höfum fengið frábærar viðtökur við tilboðunum og tilkynning okkar virðist hafa farið víða," segir Sturla um það hvort til standi að fara í eitthvert markaðsátak fyrir Íslendingana.

„Um leið settum við af stað Facebook-leik, happdrætti þar sem þátttakendur geta unnið gistingu með morgunverðarhlaðborði og við ætlum vafalaust að gera þetta oftar til að vekja athygli á okkur."

Rafhjólaferðir um náttúruperlur

„Við erum svo að skipuleggja svolítið skemmtilegt verkefni með lítilli ferðaskrifstofu, sem eru hjólaferðir hér um helstu náttúruperlur á svæðinu á rafhjólum. Stefnan verður á að fara inn í Þórsmörk og eftir Fjallabaksleið syðri til dæmis, en leiðsögumennirnir verða á trukkum og taka hjól og fólk upp í þegar fara þarf yfir ár og yfir lengri kafla. Slíkar ferðir geta hentað öllum sem geta eitthvað hjólað, því rafmagnshjólið hjálpar þér erfiðustu hjallana. Þessar ferðir verða sérstaklega auglýstar á Facebook-síðu hótelsins og verðar settar í samhengi við einhverja pakka sem við munum bjóða upp á. Þá ætlum við að vera með nýbreytni í sumar á viðburðardagatalinu okkar, sem verður svona kvöldstund úti við varðeld – bara hérna niðri við læk. Þar ætlum við að reyna að búa til stemningu, enda viljum við bjóða upp á eitthvað umfram gistinguna hérna á hótelinu – til dæmis líka sérstaka upplifun með dýrunum," segir Sturla.

Búið var að bóka nokkur herbergi fyrir síðustu helgi og því má segja að hið óvenjulega ferðasumar 2020 á Hótel Læk hafi þá formlega hafist, en hótelið hafði verið lokað alveg frá miðjum mars. */smh*

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Mathús Milli Fjöru & Fjalla opnað á Grenivík í sumar:

Láta slag standa með bjartsýni að vopni

– Kjötvinnsla sett upp í húsnæði veitingastaðarins sem vinnur vörur úr afurðum Fagrabæjarbúsins

„Við förum af stað með þetta verkefni með bjartsýnina að vopni. Við höfum fengið jákvæð viðbrögð frá heimamönnum og okkar viðskiptavinum um landið. Við hlökkum til að hefja þessa starfsemi," segir Halla Sif Guðmundsdóttir, sem ásamt Ágústi Loga, bróður sínum, og sambýlismanni sínum, Einari Rafni Stefánssyni, vinnur nú að undirbúningi þess að opna veitingastað á Grenivík í Grýtubakkahreppi.

Staðurinn hefur fengið heitið Mathús Milli Fjöru & Fjalla og er tilvísun í heiti á fjölskyldufyrirtækinu í Fagrabæ, Milli Fjöru og Fjalla. Foreldrar Höllu og Ágústar reka sauðfjárbú í Fagrabæ í Grýtubakkahreppi og var félagið Milli Fjöru & Fjalla stofnað haustið 2017. Halla segir að fjölskyldan standi að fyrirtækinu saman og vinni fjölbreyttar vörur úr lamba- og kindakjöti.

„Okkar markmið var að gera lambakjötinu hærra undir höfði, lyfta því á þann stall sem það á skilið að vera á og fá fólk til að bera virðingu fyrir sauðfénu og þeim afurðum sem það gefur," segir Halla.

Margrét Melstað og Guðmundur Björnsson, bændur í Fagrabæ.
Myndir / Úr einkasafni

Einar Rafn, Ágúst Logi og Halla Sif á fjárhúsbarnum á sauðburðarvaktinni.

Margt breyst til batnaðar

Hún bendir á að hlutir hafi færst til betri vegar hin síðari ár, en á tímabili var lambakjöt iðulega selt í heilum og hálfum skrokkum og umbúðir oftar en ekki lítt aðlaðandi.

„Svona fyrirkomulag er ekki til þess fallið að fólk beri virðingu fyrir vörunni og afurðum sauðkindarinnar. Sem betur fer hefur margt breyst og nú geta menn keypt lambakjöt í hentugri umbúðum og fjölbreyttari og betri bita kjósi þeir það," segir Halla.

Markmiðið að auka virði vörunnar

Það leiðarljós hafi þau haft í sinni framleiðslu, kjötið er í handhægum og passlega stórum einingum og mikið lagt upp úr að umbúðir séu fallegar. Varan er tilbúin til eldunar og er án allra íblöndunarefna.

„Við reynum að auka virði þeirrar vöru sem við framleiðum, bjóðum holla og góða vöru beint frá býli og höfum náð góðri tengingu við okkar viðskiptavinahóp. Við sendum hvert á land sem er og mikið af okkar vörum fer suður á höfuðborgarsvæðið, en neytendur á heimamarkaði og á Akureyri fá sína pakka heim að dyrum. Það hefur fallið vel í kramið," segir Halla. Hún bætir við að áhersla sé lögð á fjölbreytni og að höfða til allra aldurshópa og bjóða þannig upp á mótvægi við skyndibita og fljóteldaðan mat.

Veitingastaðurinn á Grenivík verður þarna til húsa þar sem Kontórinn var áður. Kjötvinnsla verður sett upp í sama húsnæði, baka til. Mynd / Halla Sif

Færa út kvíarnar

Með því að opna veitingastað á Grenivík er fjölskyldufyrirtækið í Fagrabæ að færa út kvíarnar. Nú á næstu vikum verður unnið við nauðsynlegar breytingar áður en opnað verður á fyrstu dögum júlímánaðar.

Margrét, Halla Sif og Guðmundur á sýningunni Matur úr héraði sem haldin var í Hofi á Akureyri, en þar kynntu þau starfsemi Milli Fjöru & Fjalla.

„Það þarf aðeins að taka til hendinni og við fáum með okkur í lið fagmenn úr hópi heimamanna í það verkefni. Svo er verið að ganga frá kaupum á þeim tækjum sem til staðar þurfa að vera í eldhúsinu," segir Halla.

Hugmyndin að veitingastaðnum og útvíkkun starfseminnar hjá Milli Fjalla & Fjöru kvikaði í janúar og hefur verið að velkjast um í huga hennar síðan. Ástandið í kringum COVID-19 heimsfaraldurinn var sérkapítuli, en Halla segir að eftir miklar vangaveltur hafi niðurstaðan orðið sú að í þeim hremmningum öllum hafi verið fleiri tækifæri en hindranir. Því ákváðu þau að láta slag standa og hella sér út í rekstur-inn.

Auk þess að bjóða gestum og gangandi upp á veitingar verður sett upp kjötvinnsla til að vinna úr afurðum búsins og er verið að innrétta hana samhliða opnun veitingastaðarins.

„Þetta fer ágætlega saman og starfskraftar nýtast vel. Það verða alltaf einhver verkefni að vinna að á staðnum," segir Halla.

Nýta vörur af eigin búi og úr nærumhverfi

Hún segir hugmyndafræðina á bak við veitingareksturinn þá að bjóða upp á einfaldan matseðil, ekki vera með of margt í einu en hann verði lifandi og árstíðabundinn þannig að skipt verði um rétti eftir því hvað bjóðist hverju sinni. Rík áhersla verði lögð á að bjóða sem mest úr heimabyggð og nærumhverfi og sækja það sem til þarf að stórum hluta til Eyjafjarðar. Lambakjöt úr eigin framleiðslu verði að sjálfsögðu á boðstólum og eins verði í boði fiskréttir, pylsur sem búnar eru til á býlinu og hamborgarar svo eitthvað sé nefnt. Auk þess að bjóða mat og drykk er ætlunin að auðga menningarlífið á staðnum og er að sögn Höllu stefnt að því að hafa viðburði á Mathúsinu af og til yfir árið.

Margt að sjá og skoða

„Nú brettum við upp ermar og komum staðnum í gang, opnum einhvern af fyrstu dögunum í júlí. Það er ýmislegt sem dregið getur ferðafólk til okkar, Grenivík er vissulega endastöð en við búum svo vel að hafa í okkar bakgarði vinsælt útivistarsvæði sem margir leggja leið sína um bæði að sumri og vetri, fjallahjólaleiðir eru fjölbreyttar hér um kring, snjótroðaraferðir eru í boði á veturna og þá eru vinsælar hestaleigur í sveitinni sem bjóða upp á lengri og skemmri ferðir. Fólk getur leigt kajaka og ýmist farið í rólega ferð um víkina eða lagt út í meiri baráttu við hafið hér fyrir utan. Laufás er í næsta nágrenni með alla sína sögu og þá eru tvö tjaldsvæði, á Grenivík og í Ártúni ásamt fjölda annarra gistimöguleika bæði í sveitinni og í þorpinu. Sundlaugin á Grenivík er einstök fyrir sitt útsýni og þá hefur mikið verið gert hjá Úgerðarminjasafninu, bæði úti og inni. Þannig að það er heilmargt sem fólk getur gert sér til skemmtunar á svæðinu," segir Halla. /MÞÞ

Vinnsla lambshorna heimiluð sem naghorn fyrir hunda

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur fellt úr gildi synjun Matvælastofnunar um veitingu leyfis til „Fossa Enterprises ehf.“ fyrir vinnslu lambshorna sem nagvöru fyrir hunda.

Ráðuneytið hefur lagt það fyrir Matvælastofnun að meta hvort hornin séu hæf til nýtingar með tilliti til sýkingarhættu og heimila nýtingu þeirra ef svo er. Árið 2016 fékk Matvælastofnun vitneskju um flutning og geymslu lambshorna Fossa Enterprises ehf. í Bolungarvík sem ekki hafði verið sótt um leyfi fyrir. Nýta átti hornin sem hundafóður. Fyrirtækinu er núna heimilað að nota hornin, með því skilyrði að fyrirtækið geti sýnt fram á með viðurkenndum mælingum, að hornin séu hæf til nýtingar með tilliti til sýkingarhættu. Matvælastofnun á síðan að meta þær niðurstöður. /MHH

Hundar geta núna nagað lambshornin samkvæmt ákvörðun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Mynd/MHH

SIL-ALL 4x4+
MEIRA FÓÐUR, LYSTUGRA FÓÐUR
Nánari upplýsingar gefur:
Grétar Hrafn Harðarson
S: 892-1480
Nf: gretarhrafn@simnet.is

Comfort Slat Mat
GRÆNU VELFERÐARGÓLFIN
Nánari upplýsingar gefur:
Grétar Hrafn Harðarson
S: 892-1480
Nf: gretarhrafn@simnet.is

Handmjaltartæki
34.900kr m/vsk
Pantaðu á netverslun okkar
www.kb.is
BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI
- Fyrir ær og hryssur
- Sjálfvirkt sog
- Til að safna broddi
- Til að létta á bólgu
- Til að mjólka í lömb
- Eigum auka flöskur og varahluti

Deerhunter
Útivistarfatnaður
Frábærar buxur í alla útivist
Þægilegar, liprar, sterkar
4-way-stretch
hrinda frá sér vatni
teygja í streng við bak,
4 renndir vasar.
Litir Svartar #985
Brúnar og svartar #381
Kven- og karlasnið
MOOR PADDED jakki
Kr. 14.900
DEER PADDED jakki
Kr. 16.900
STRIKE buxur
Kr. 13.900
Vesturröst
Sérverslun veiðimannsins - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

Lely Center Ísland
Baggaspjót
Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Wendel
ÖFLUG VÖKVADRIFIN VERKFÆRI FRÁ HYCON
DÖNSK GÆÐASMÍÐI OG ÁRATUGA REYNSLA
Brothamrar
Kjarnaborvélar
Steypusagir
Niðurrekstarhamrar
Vatnsdælur
Glussadælur
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík / 551 5464 / wendel.is

UTAN ÚR HEIMI

Heimsfaraldur vegna COVID-19 hefur mikil áhrif á kjötviðskipti:

Ástralskir kjötframleiðendur búa sig undir langvarandi neikvæð áhrif

– Ljósi punkturinn er þó vaxandi sala á nauta- og kindakjöti til Kína

Kjöt- og búfjársamtök Ástralíu [Meat & Livestock Australia – MLA] hafa gert úttekt á áhrifum COVID-19 á söluhorfur á kjötmarkaði. Flestar vísbendingar eru þar frekar neikvæðar.

Nautakjötsútflutningur frá Ástralíu dróst saman um 2% í apríl miðað við mars og endaði í 92.500 tonnum. Kindakjötsútflutningur dróst hins vegar saman um 15% á milli mánaða og endaði í 32.718 tonnum, sem að hluta skýrist af ramadan-hátíð múslíma. Samdráttur í útflutningi til einstakra landa var í sumum tilfellum gríðarlegur. Þannig var 39% samdráttur í sölu lambakjöts til Malasíu og 50% samdráttur í kjöti af fullorðnu sauðfé.

Kjötframleiðendur hafa dregið mjög saman seglin til að mæta minnkaðri eftirspurn. Sem dæmi var 19% samdráttur í sölu nautakjöts til Bandaríkjanna á milli ára frá apríl 2019 til apríl 2020. Samt er aukning í sumum ódýrari skrokkbitum á meðan samdrátturinn hefur orðið allt að 25% í útflutningi á nautalundum.

Nautakjötsútflutningur frá Ástralíu dóst saman um 2% í apríl miðað við mars og endaði í 92.500 tonnum. Kindakjötsútflutningur dróst hins vegar saman um 15% á milli mánaða og endaði í 32.718 tonnum. Útflutningur á nautakjöti frá Ástralíu ti Kína jókst samt um 30% í apríl og fór í 24.000 tonn, sem sló metið sem sett var í desember 2019.

Ástralir hafa líka flutt umtalsvert af lifandi nautgripum til sláturhúsa í Kína. Hér er verið að lesta skip af lifandi nautgripum í Ástralíu.

Ljósi punkturinn er Kína

Fyrir ástralska kjötframleiðendur eru einna helst bundnar vonir við vaxandi áhuga kínverskra neytenda. Snöggur vöxtur varð á útflutningi á rauðu kjöti til Kína frá Ástralíu í apríl. Þannig jókst útflutningur á nautakjöti um 30% og fór í 24.000 tonn sem sló metið sem sett var í desember 2019. Þá hefur verið nokkuð stöðugur útflutningur á lambakjöti til Kína, en hann nam 7.000 tonnum í apríl, sem er um 2% aukning. Þá var líka sjáanleg aukning í sölu á kjöti af fullorðnu fé (ærkjöti) sem fór úr 3.300 tonnum í mars í 4.600 tonn í apríl. Þess má geta að Ástralir hafa líka flutt umtalsvert af lifandi nautgripum til sláturhúsa í Kína.

Spáð 3% samdrætti í hagkerfum heimsins

Horfur í efnahagsmálum heimsins hafa haldið áfram að vera undir fyrri spám á undanförnum mánuðum vegna COVID-19. Í apríl spáði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) um 3,3% hagvexti í heiminum árið 2020. Eftir endurskoðun í apríl var sú spá orðin þveröfug og sýndi 3,0% samdrátt. Aðrir eru enn svartsýnni á horfur um hagvöxt árið 2020.

Búist við samdrætti á 11 af 15 helstu kjötmörkuðum Ástrala

Nú er búist við samdrætti á 11 af 15 verðmætustu útflutningsmörkuðum á rauðu kjöti fyrir ástralskar afurðir á árinu 2020. Innlendi markaðurinn fyrir kjötvörur er enn mikilvægastur, en þar er einnig búist við samdrætti eftir þriggja áratuga samfelldan vöxt.

Landsframleiðsla í hinum ýmsu löndum segir ekki ein og sér til um eftirspurn eftir áströlsku rauðu kjöti. Hún endurspeglar hins vegar heilbrigði hagkerfa um allan heim og tekur mið af atvinnuleysi, trausti neytenda og tekna. Allt eru það þættir sem hafa bein áhrif á sölu á rauðu kjöti.

Talsmenn LMA reyna að meta hvaða ályktun megi draga af mögulegum 3% samdrætti í stöðu sem á sér engin fordæmi í sögunni. Alþjóðlega fjármálakreppan 2008 var að mestu leyti takmörkuð við þróuð hagkerfi – einkum Bandaríkin, ESB og Japan. Meðan á þeirri kreppu stóð hélt efnahagskerfið áfram að stækka mikið í Asíu, í skjóli mikils hagvaxtar í Kína. Staðan nú er þannig að samkvæmt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) er gert ráð fyrir að hagkerfi Kína muni vaxa aðeins um 1,2% árið 2020, samanborið við 9,4% árið 2009. Að auki hefur COVID-19 samtímis áhrif á hagkerfið og breytt því hvernig fólk kaupir og neytir vöru. Bæði kaupmáttur neytenda og hegðun mun breytast með þeim hætti sem ekki hefur sést í fyrri efnahagsáföllum.

Spáð breyttri hegðun neytenda

Reynslan sýnir að heilbrigði hagkerfa heimsins gefa vísbendingar um kaupmátt og kauphegðun íbúa hinna ýmsu þjóða þó það sé ekki eini áhrifavaldurinn. Samkvæmt mati LMA mun niðursveiflan vegna COVID-19 verða dýpri og vara lengur en áhrifin af efnahagshruninu 2008. Þá er líka talið líklegt að þessi heimsfaraldur muni hafa margvísleg áhrif á hegðun neytenda til lengri tíma. */HKr.*

Kjötútflutningur frá Bandaríkjunum:

Met var slegið í svínakjötsútflutningi til Kína í mars

– Mikill vöxtur í útflutningi á fyrsta ársfjórðungi en blikur á lofti vegna COVID-19

Útflutningur Bandaríkjamanna á svínakjöti til Kína sló öll met í mars skömmu áður en COVID-19 faraldurinn setti allt á annan endann. Jókst svínakjötsútflutningurinn um 38% frá sama mánuði í fyrra og var 291.459 tonn samkvæmt frétt á vefsíðu Global Meat.

Helstu markaðir Bandaríkjamanna fyrir svínakjöt eru Hong Kong í Kína, sem og Mexíkó, Japan og Kanada. Vegna svínapestarinnar sem leikið hefur kínverska svínarækt mjög illa á liðnum misserum, brugðu Kínverjar á það ráð að tryggja sér kjöt á mörkuðum um allan heim. Bandaríkin eru þar engin undantekning þótt ráðamenn þjóðanna hafi verið iðnir við að henda ónotum á milli sín.

Útflutningur á svínakjöti frá Bandaríkjunum til Kína sló öll met í mars og jókst hann um 38% frá sama mánuði í fyrra.

Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs nam svínakjötsútflutningur Bandaríkjamanna til Kína 838.118 tonnum sem var um 40% aukning frá sama tímabili í fyrra. Verðmæti þessa kjöts var 2,23 milljarðar dollara sem er 52% aukning á milli ára. Kemur það í kjölfar metútflutnings í desember 2019 sem síðan var slegið nú í apríl. Eins og fyrr segir nam útflutningurinn 291.459 tonnum í apríl og auk 38% magnaukningar þá nam verðmætaaukningin 47%, en selt var fyrir 764,2 milljónir dollara.

Útflutningur á nautakjöti frá Bandaríkjunum var einnig mikill í marsmánuði, eða 115.308 tonn sem er 7% aukning á milli ára. Verðmæti kjötsins var 702,2 milljónir dollara sem er 4% aukning frá sama mánuði 2019. Seld voru 334.703 tonn af nautakjöti á fyrsta ársfjórðungi 2020 sem er 9% aukning milli ára. Verðmæti þess var 2,06 milljarðar dollara sem er um 8% verðmætaaukning á milli ára. Var þessi aukna sala á nautakjöti að stórum hluta knúin áfram af söluaukningu til Japans í kjölfar undirskriftar á nýjum tollasamningi milli Japans og Bandaríkjanna.

Í dag er staðan á kjötsölu frá Bandaríkjunum öllu tvísýnni vegna COVID-19. Í raun veit enginn hvernig þau mál þróast, en þessi faraldur hefur líka skapað mikil vandamál á innanlandsmarkaði þar sem birgðir hafa hlaðist upp. Hefur Bandaríkjaforseti af þeim sökum lofað að ríkið kaupi allt kjöt af bændum. */HKr.*

UTAN ÚR HEIMI

Dýravelferð verulega ábótavant við sjóflutninga lifandi búfjár:

14.600 kindur drukknuðu

Samkvæmt nýrri skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er dýravelferð verulega ábótavant þegar kemur að sjóflutningum lifandi búfjár frá Evrópusambandinu.

Sláandi dæmi um vanrækslu af þessu tagi er frá því í nóvember á síðasta ári þegar um 14.600 sauðfjár drukknaði þegar rúmverskt flutningaskip, Queen Hind, lagðist á hliðina og sökk skömmu eftir að það lagði frá bryggju. Við nánari rannsókn á slysinu kom í ljós að búið hafði verið til falskt millidekk í lest skipsins til að fjölga gripum sem hægt væri að flytja. Rúmenía er stærsti útflytjandi lifandi búfjár í Evrópu og mest er flutt út þaðan til landanna fyrir botni Miðjarðarhafs og til Sádi-Arabíu.

Sláandi dæmi um vanrækslu við sjóflutninga búfjár er frá því í nóvember á síðasta ári þegar þegar rúmverskt flutningaskip Queen Hind lagðist á hliðina og sökk eftir að það lagði frá bryggju. Mynd / Animals Inrernational

Margar milljónir dýra á ári

Á hverju ári eru fleiri milljón lifandi búfjár, nautgripa, sauðfjár og geita, flutt sjóleiðina frá löndum Evrópusambandsins og mest af dýrunum fer til Mið-Austurlanda og norðanverðrar Afríku. Samkvæmt skýrslunni, Welfare of Animals Transported by Sea, hafa einungis 25% flutningaskipanna leyfi til búfjárflutninga eða með leyfi frá löndum utan Evrópusambandsins og áhafnarmeðlimir sjaldnast þjálfaðir til að huga að velferð dýranna. Mörgflutningaskip sem taka að sér búfjárflutninga eru upphaflega hönnuð til að flytja bíla og því ekki búin nauðsynlegum búnaði til að brynna eða skola undan dýrunum.

Búfjárflutningar á sjó fá falleinkunn í nýrri skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Í skýrslunni kemur fram að framkvæmd flutninganna sé oft illa skipulögð, ekki sé gert ráð fyrir að dýrin þurfi oft að þola mikla hita við flutningana og að fóður og vatnsgjöf sé iðulega í lágmarki. Í skýrslunni er einnig gagnrýnt að ekkert opinbert eftirlit sé með meðferð meðan á flutningunum stendur og ekkert sé vitað um afdrif eða meðferð þeirra á áfangastað.

Afleit skipulagning og takmörkuð ábyrgð

Fram kemur að vegna slæmrar skipulagningar hafi farmar með lifandi búfé verið sent á ranga áfangastaði og að upp hafi komið tilfelli þar sem ekki hafi verið gert ráð fyrir að dýrin þyrftu vatn eða fóður á leiðinni. Einnig er gagnrýnt að óvíst er hver ber ábyrgð á dýrunum á ólíkum stigum flutninganna, móttöku eftir flutninga á landi, lestun, velferð meðan á sjóflutningunum stendur, móttöku á áfangastað og eftirfylgni.

Einungis sex af þrettán stærstu útskipunarhöfnum lifandi búfjár eru sagðar hafa viðunandi aðstöðu við eða í nágrenni hafnanna til að taka á móti stórum förmum dýra til að hleypa þeim frá borði til að fóðra þau, gefa vatn og leyfa dýrunum að hvílast.

Írland og Portúgal eru þau lönd sem sögð eru standa sig hvað velferð dýranna í flutningum varðar þótt víða hefði mátt gera betur. *MH*

RÍKISKAUP
Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.is
Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið fasteignir@rikiskaup.is

AUGLÝSA EFTIRFARANDI EIGN TIL SÖLU:

BJARNARBRAUT 8, BORGARNESI – SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI

Um er að ræða 629,4 m² skrifstofuhúsnæði á 1. hæð við Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Eignin skiptist í tvö skrifstofurými, annars vegar 361,8 m² og hins vegar 267,6 m². Samtals 629,4 m².

Gengið er inn um bjarta tengibyggingu sem er í sameign.

Gott aðgengi er að húsinu og rúmgóð steypt bílastæði fylgja en stæðin eru ekki sérmerkt.

Frekari upplýsingar um eignina má finna á heimasíðu Ríkiskaupa: *www.rikiskaup.is.*

Verð: 112 mkr.

BRIGGS & STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

VÍKURVAGNAR EHF.
MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA

RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

Lely Center Ísland
GRAFAGRINDUR
GOTT ÚRVAL

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Twenty One
FLUGNAEITUR
Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt

Sölustaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Verslunun Eyri
Vélaval

STREYMI heildverslun
Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri
S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

LÍF & STARF

Deilieldhúsið Eldstæðið opnar í sumar

– Ætti að höfða til flestra matarfrumkvöðla

Á Facebook-síðunni Eldstæðið sameinast matarfrumkvöðlar og smáframleiðendur sem hafa áhuga á að vinna saman undir einu þaki að verkefnum sínum. Stofnandi hópsins er Eva Michelsen, sem hefur átt sér þann draum að reka slíkt deilieldhús undir merkjum Eldstæðisins þar sem félagar hennar í hópunum geta þróað hugmyndir sínar frekar. Hún er búin að fá húsnæði undir starfsemina og vonast til að geta opnað í sumar.

„Það væri draumur að opna í júní en við erum enn að standsetja allt saman í húsnæðinu og svo erum við að vinna með heilbrigðiseftirlitinu, sem fundar bara einu sinni í mánuði fyrir Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Svo mögulega erum við að horfa á júlí eða ágústmánuð, sjáum hversu öflug við erum og hvernig gengur með starfsleyfið.“

Eva var á fullu í undirbúningi að koma Eldstæðinu í stand þegar ljósmyndari kom í heimsókn. Hér er hún í málningarvinnu í tilvonandi skrifstofurými þar sem matarfrumkvöðlarnir geta sinnt pappírsvinnunni. Myndir / smh

Skortur verið á starfsaðstöðu

Að sögn Evu hefur verið skortur á slíkri aðstöðu undanfarin misseri enda hefur verið nokkur gerjun í þessum geira. „Ég hef nokkuð stöðugt og reglulega fengið fyrirspurnir síðustu tvö árin meðan ég hef verið að „djöflast“ í þessu – eins og einn orðaði svo skemmtilega um þetta brölt hjá mér um daginn. Við erum með rúmlega 100 manns í Facebook-hópnum sem ég stofnaði fyrir um tveimur árum svo það er að minnsta kosti áhugi á að fylgjast með. Það geta allir látið vita af áhuga sínum á því að fá aðgang að aðstöðunni, en formlegt umsóknarferli er ekki hafið.

Ég er þegar með einstaklinga og smærri rekstraraðila á biðlista, svo verður áhugavert að sjá hvort hafi orðið breyting þar á, eða hvort verði hreinlega enn meiri eftirspurn. Markmiðið er að hafa að minnsta kosti þrjár til fjórar virkar vinnustöðvar í einu – og húsnæðið aðgengilegt allan sólarhringinn. Svo það ætti að vera hægt að þjónusta að lágmarki 15–20 einstaklinga eða rekstraraðila hverju sinni. Þetta fer auðvitað eftir umfangi hvers og eins, sumir eru að framleiða í eitt skipti á ári og aðrir fjögur – og þurfa bara lager þess á milli. Aðrir eru mánaðarlega, vikulega, daglega og svo framvegis. Sumir þurfa eingöngu undirbúningsaðstöðu, aðrir framleiðslu og eldun. Þetta er auðvitað alveg splunkunýtt og af nokkuð stærri skala en tilraunaeldhúsin sem til eru svo þetta er ágætis lærdómskúrfa líka. Við verðum einnig með skrifstofuaðstöðu svo það verður hægt að sinna pappírsvinnunni sem fylgir og getur verið mikill kostur.

Það er margt fleira í bígerð varðandi aðstöðuna, þjónustuna og fríðindi sem frumkvöðlar njóta með því að vera með aðstöðu hjá okkur.“

Deilieldhúsið rekið undir Eldstæðinu

Að sögn Evu verður verkefnið rekið undir rekstrarfélaginu Eldstæðinu ehf. en eigendur þess eru hún sjálf og maður hennar. „Við fjármögnum þetta af eigin fé, en ég er með mjög góða aðila í kringum mig sem eru ómetanlegir í þessu ferli, þar á meðal góð vinkona sem hefur stutt mig gegnum þetta ferli. Fjölskyldan er auðvitað að hjálpa til eins og þau geta og vinir bíða eftir að komast að og hjálpa til,“ segir hún.

Horft inn í vinnslurýmið, stór kælir er í bakgrunni en í húsnæðinu var áður matvælavinnsla.

„Það hefur sannarlega verið að mörgu að huga í þessu ferli; að teikna upp aðstöðuna og finna hvernig þetta allt gengur upp saman með þeim hætti sem við leggjum upp með. Það er auðvitað þetta hefðbundna; mála og gera hugguleg en svo er að ákveða viðeigandi tækjakost, uppsetning á þurrlager, kælum, frystum og svo framvegis. Allt með það í huga að tryggja fæðuöryggi, hreinlæti og fleira sem ber að hafa í huga þegar kemur að matvælavinnslu. Fyrirtækin sem ég hef verið í samskiptum við hafa verið alveg frábær og taka vel í þetta klikkaða framtak. Þessu fylgir einnig að setja upp þjónustupakkana/verðskrá og hvað er innifalið í hverjum pakka. Við viljum geta aðstoðað stóra sem smáa og eftir tímasetningu, margir eru að prufa sig áfram meðfram vinnu og komast því bara á kvöldin og um helgar. Það verður því eitthvað á borð við grunnpakka, frumkvöðlapakka, helgarpakka, nátthrafnapakka og stóra pakkann. Við erum nokkurn vegin komin með þetta á hreint en viljum aðeins fínpússa áður en vefurinn fer í loftið með öllum upplýsingum.“

Flestir ættu að geta nýtt sér aðstöðuna

„Ég reikna með að ég sjái að mestu um reksturinn til að byrja með og ef allt gengur upp þá get ég vonandi ráðið fólk til starfa. Ég er svo heppin að búa að góðri reynslu úr Sjávarklasanum úti á Granda ásamt Lífsgæðasetri St. Jó í Hafnarfirði en bæði þessi húsnæði byggja á deilihagkerfinu og uppbyggingu á samfélagi kringum ákveðnar starfsgreinar,“ segir Eva. Hún bætir við að hún telji að flestir matarfrumkvöðlar ættu að geta nýtt sér þá aðstöðu sem verður í boði, en nauðsynlegt sé að passa upp á ofnæmisvalda.

„Gjaldskráin er alveg að verða klár, viljum leggjast aðeins betur yfir hana áður en hún er birt opinberlega,“ segir Eva.

Áhugasamir um framvindu verkefnisins geta fylgst með á Facebook-síðu Eldstæðisins, https://www.facebook.com/eldstaedid. */smh*

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VÆ HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Bændablaðið er mest lesna blaðið á landsbyggðinni

Lestur prentmiðla á landsbyggðinni



Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

41,9% á landsbyggðinni

21,9% á höfuðborgarsvæðinu

29,2% landsmanna lesa Bændablaðið

Heimild: Prentmiðlarannsókn Gallup. Könnunartímabil okt.-des. 2019.

Bændablaðið
Hvar auglýsir þú?



Bændablaðið / Bændahöllin við Hagatorg / Sími: 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

Nemendur 1. bekkjar í Kerhólsskóla í Grímsnes- og Grafningshreppi með sína hjálma, ásamt kennara sínum, Þóru Gylfadóttur. Mynd / MHH

45 þúsund hjálmar gefnir til allra nemenda í 1. bekk

Allir nemendur í 1. bekk í grunnskólum á Íslandi hafa í vor fengið gefins reiðhjólahjálma frá Kiwanis á Íslandi en þetta er 11. árið sem öllum 1. bekkingum landsins er afhentur hjálmur.

Þetta eru um 45.000 hjálmar sem afhentir hafa verið á landsvísu og 50.000 að meðtöldum hjálmunum, sem einstakir klúbbar afhentu áður. Markmið hjálmaverkefnis Kiwanis hefur frá upphafi verið að stuðla að öryggi barna í umferðinni með því að gefa nemendum reiðhjólahjálma og bæta þannig öryggi þeirra í umferðinni og koma í veg fyrir alvarleg slys og óhöpp. Eimskip er samstarfsaðili Kiwanis í verkefninu, sem kallast „Hjálmaævintýri Kiwanis.“ /MHH

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

Sjókvíaeldi Arnarlax í Ísafjarðardjúpi,

framleiðsla á 10.000 tonnum á ári

Arnarlax ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um sjókvíaeldi Arnarlax í Ísafjarðardjúpi, framleiðslu á 10.000 tonnum á ári.

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 13. maí.—26. júní á eftirtöldum stöðum: Á Safnahúsinu á Ísafirði, Þjóðarbókhlöðunni og Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 26. júní 2020 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS

Sjóþörungar mynda allt að 90% af súrefni jarðar og eru svifþörungar ábyrgir fyrir langstærstum hluta af þeirri framleiðni. Á strandsvæðum er hlutur botnþörunganna hins vegar mjög mikilvægur og er þar 40 til 50% af framleiðninni.

Þörungar mynda 95% af súrefni heims

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Þörungar er samheiti yfir tugþúsundir tegunda af vatna- og sjávargróðri. Meðal þeirra eru brún-, rauð- og grænþörungar sem vaxa á botni sjávar í fjörum og á grunnsævi. Samanlagt mynda þörungar stærstu skóga heims og eru skógarnir mikilvægar uppeldisstöðvar margra sjávarlífvera og uppspretta stórs hluta súrefnis í heiminum.

Þörungar er mikilvægur nytjagróður víða um heim og eiga nytjar á þeim eftir að aukast í framtíðinni.

Erfitt er að áætla heildarnytjar á þörungum í heiminum þar sem þeim er safnað í mismiklum mæli og magnið oft ekki skráð opinberlega. Áætlað er að þörunganytjar þeirra tíu þjóða sem safna mest af þörungum hafi verið tæp 2,2 milljón tonn af þurrefni árið 2018.

Auk þess að vera safnað þar sem þeir finnast í náttúrunni eru yfir 95% allra nytjaðra þörunga ræktaðir og eru meira en 30 milljón tonn af þörungum framleidd á ári með ræktun.

Mest er ræktað af þörungum í Suðaustur-Asíu, einkum í Kína, Indónesíu, Filippseyjum og Kóreu. Langmest er ræktað af rauðþörungum og fer sú ræktun aðallega fram í hitabeltinu. Í Kína er þari, kombu, einnig ræktaður í stórum stíl.

Af þeim löndum sem safna þörungum úr náttúrulegum stofnum eru Chile stærstir, síðan Kína og þá Noregur. Af þeim sem rækta eru Kína stærstir, þá Indónesía, Suður-Kórea og Filippseyjar.

Samkvæmt vef Hagstofu Íslands voru flutt inn árið 2019 tæplega 25,5 tonn af ferskum eða þurrkuðum sjávargróðri og þörungum til landsins. Þar af rúm 24 tonn af nýjum og þurrkuðum sjávargróðri og þörungum til manneldis. Mestur er innflutningurinn frá Kína, Póllandi, Bretlandseyjum og Danmörku.



Söl er rauðþörungur sem vex neðst í fjörum. Þau eru vínrauð á litinn, næringarrík og hafa verið nytjuð til matar í margar aldir á Íslandi.

Mikil fjölbreytni

Þörungar eru fjölbreyttur hópur lífvera sem flokkast í brún-, rauð- og grænþörunga auk þess sem til eru svifþörungar sem berast með straumum í sjó. Það eru til vatnaþörungar, sjóþörungar, votlendisþörungar og þörungar sem lifa í sambýli við sveppi og mynda fléttur. Einnig svifþörungar og botnþörungar og í öllum þessum hópum þörunga eru margar fylkingar. Á botni sjávar finnast að minnsta kosti átta fylkingar og mest áberandi meðal þeirra eru græn-, brún- og rauðþörungar.

Bóluþang.

Mynd / HKr.

Þörungar eins og aðrar plöntur þurfa sólarljós til að ljóstillífa og mynda allt að 90% af súrefni heimsins.

Þang er íslenskt heiti yfir stóra brúnþörunga sem vaxa í fjörum og tilheyra þangættinni. Tegundir eiga það sameiginlegt að þær eru botnfastar og ríkjandi í fjörum. Mest er af þangi í lygnum fjörum þar sem undirlag er fast, grjót eða klappir.

Rauðþörungar finnast nær eingöngu í sjó og telur fylkingin yfir 7000 tegundir. Langflestir rauðþörungar lifa í fjörum eða grunnum í sjó og eru þar botnfastir á klettum, steinum eða gróðri. Þeir eru yfirleitt nokkrir sentímetrar á lengd og breidd, þráð- eða blaðlaga. Fáir þeirra vaxa ofarlega í fjörum, en þegar neðar dregur ber meira á þeim. Þeir eru algengir á grunnsævi og ná lengst niður í djúpin af stórþörungunum.

Langflestar tegundir grænþörunga lifa í ferskvatni, einungis um 10% þeirra eru sæþörungar. Grænþörungar í sjó eru margir einfrumungar en einnig skorpur, himnur og ýmsir þræðir sem mynda strá eða skúfa. Um 8.000 tegundir grænþörunga eru þekktar í heiminum í dag.

Litarefni í grænþörungum eru þau sömu og í landplöntum. Enda hafa allar plöntur, landplöntur, vatna- og sjóplöntur, blómplöntur, grös, þörungar, mosar og byrkningar svokallaða a-blaðgrænu sem er eina litarefnið sem ljóstillífar. Mismunandi hópar plantna hafa mismunandi samsetningu af öðrum litarefnum.

Talið er að landplöntur hafi þró-

ast út frá fornum grænþörungum fyrir um hálfum milljarði ára.

Löng nytjasaga

Þörungar eiga sér yfir 2.500 milljón ára þróunarsögu og ekki ólíklegt að forfeður nútímamanna hafi nýtt sér þá til átu og annarra nota frá örófi alda og ættu í dag að flokkast sem Paleo-, steinalda- eða frummannafæða.

Þörungar brotna hratt niður í náttúrunni og því lítið um fornar minjar þeirra í tengslum við mannvistarleifar. Elstu minjar um nytjar manna á þörungum eru frá því um 12 þúsund fyrir Krist og fundust við fornleifarannsóknir í Monte Verde í Suðaustur-Síle. Búseta Clovis-fólksins við Monte Verde er jafnvel talin vera frá því 17.000 árum fyrir upphaf okkar tímatals og sé það rétt er líklegt að nytjar þörunga eigi sér einnig lengri sögu. Ekki er vitað fyrir víst hvernig íbúar Monte Verde nýttu þörungana en getgátur eru um að þeir hafi notað þá til að baka brauð eða til lækninga og til að fæða eld.

Fornleifarannsóknir, hinum megin Kyrrahafsins, á leirskálum sem fundust í Japan benda til að Jōmon-fólk sem byggði eyjarnar tíu þúsund árum fyrir Krist hafi borðað þörunga.

Ein af elstu rituðu heimildum um þang er að finna í Gilgameskviðu sem rituð var í Mesópótamíu, sem Halldór Laxness kallaði Millifljótlandið, 2100 fyrir Krist, og sagt vera elsta ljóð í heimi. Þar segir frá leit Gilgames konungs að eilífu lífi. Spekingurinn Utnapishtin segir Gilgames að á hafsbotni finnist þyrnótt planta sem við neyslu geri alla menn unga að nýju. Gilgames fann plöntuna með því að binda steina við fætur sína og sökkva sér á hafsbotn líkt og perlukafari. Hugmynd konungsins var að nota plöntuna til að yngja upp aldrað fólk og neyta hennar sjálfur en fyrst ákvað hann að fara í bað og þvo af sér saltið. Á meðan konungurinn skolaði af sér í lítilli tjörn skreið snákur að og át plöntuna og er það ástæðan fyrir því að slöngur hafa hamskipti.

Míonísk-menning eyjarinnar Krítar nær aftur til sjö þúsund fyrir Krist en blómatími hennar var 2700 til 1450 fyrir Krist og voru þörungar og annað sjávarlíf algengt myndefni á leirmunum og freskum eyjarskeggja.

Grikkir og Rómverjar til forna sýndu sjávargróðri lítinn áhuga og voru oft frábitnir neyslu hans enda þörungagróður ekki eins gróskumikill í Miðjarðarhafinu eins og í stóru úthöfunum. Hræðsla og óbeit Forn-Grikkja kom meðal annars fram í því að hár Pontus, guðs óveðra til sjós, sjávarskaða og þeirra sem drukknuðu, og dóttur hans Talassar var lýst sem þangflækju. Grikkir voru landkrabbar og menning þeirra byggði á landbúnaði.

Þrátt fyrir andstyggð Grikkja á sjávargróðri lýsir Grikkinn Theophratus, uppi 371 til 287 fyrir Krist, sem er kallaður faðir grasafræðinnar, því í bók sinni Historia Plantarum meðal annars að það vaxi gríðarstórir þangskógar á botni Atlantshafsins og nefnir sérstaklega það sem hann kallar sykurþang sem á að vera tröllvaxið og vaxa í grennd við Gíbraltarsund. Auk þess sem hann lýsir smávaxnari þörungum sem líkjast fjöðrum og vaxa á kræklingum.

Rómverski náttúrufræðingurinn Gaius Plinius Secundus, eða Plini eldri, uppi 24 til 79 eftir Krist, segir í riti sínu Naturalis Historia að þörungar séu góðir við þvagsýrugigt, bólgum og snákabiti.

Arabar sem sigldu um Indlandshaf og aðrir sjófarendur sem fóru um heimsins höf notuðu rek þangs til að meta sjávarstrauma og dýpt hafsins. Samkvæmt dagbókum Kristófers Kólumbusar tók fyrsta sigling hans yfir Atlantshafið til Nýja heimsins 35 daga og þar af lá skipið fast í Þanghafinu í 23 daga. Samkvæmt lýsingum skipverja breiddi þangið úr sér á hafinu eins og engi á landi.


Þari ræktaður á Asíu.

Þörungar í Austurlöndum

Elstu heimildir um nytjar á þörungum til lækninga eru um það bil 5000 ára gamlar og frá Kína, Japan og Indlandi. Samkvæmt kínverskum sögnum var það goðsagnakeisarinn Shen Nung sem fyrstur stundaði grasalækningar og notaðist hann við bæði plöntur á landi og úr sjó. Samkvæmt Shen Nung dró saltið í þörungunum vökva úr bólgum og hnúðum á húð.

Japanir eru sú þjóð í heiminum sem þekktust er fyrir nytjar á sjávargróðri til manneldis og þar í landi er neysla hans talin holl og mannbætandi. Í japönskum ljóðum frá sjöttu og sjöundu öld er ort um sjómannskonur sem safna þangi og þara í fjörum eftir stórsjóa og öldugang til að búa til salt og greiða með því skatta. Samkvæmt alfræðibók frá árinu 934 vaxa við landið 23 tegundir af ætu þangi og þara auk þess sem í ritinu eru lýsingar á því hvernig skal matreiða þá. Japanir færa guðunum þang sem brennifórn í musterum sínum og litið er á það sem tákn um frjósemi og góða uppskeru. Haldið er upp á 6. febrúar víða í Japan sem hátíðardag þangsins.

Íbúar eyjanna í Pólinesíu hafa nýtt og borðað þang frá því að elstu menn muna. Þar er þangið ræktað í litlum sjávargörðum og um 70 tegundir þekktar og annaðhvort borðaðar eða þær tengjast helgihaldi eyjarskeggja.

Þangnytjar í Norður-Evrópu og Skandinavíu

Nytjar á þangi og þara eiga sér langa sögu við strendur Bretlandseyja, Noregs og Íslands. Sagt er að írskir munkar á tólftu öld hafi safnað þangi og gefið fátækum. Víða í þessum löndum var þangs neytt til matar, haft sem fóður og til beitar. Það var tuggið eins og skro, notað sem áburður á slægjur og sem eldiviður. Þang og þari var einnig notað til lækninga og sagt gott við iðraormum, kulda og draga úr heimþrá ef hún greip ungar konur.

Á Læsö-eyju við Danmörku eru svokölluð tangtag eða þangþök á húsum. Þau eru ekki gerð úr þangi heldur er notaður marhálmur í þökin. Marhálmur er grastegund sem vex í sjó.

Þörungaverksmiðja á Reykhólum. Mynd / HKr.

Þari ræktaður á Indónesíu.

Á Læsö-eyju við Danmörku eru svokölluð tangtag eða þangþök á húsum. Þau eru ekki gerð úr þangi heldur marhálmi.

Þang hefur verið nýtt í iðnaði. Í byrjun 17. aldar var það notað til að framleiða kalí og sóta sem var aftur notaður í sápu- og glergerð og seinna til að framleiða joð og gúmmíefni, algín, til matvælaframleiðslu. Sagt er að efni úr þangi geri gler frá Feneyjum einstaklega gegnsætt.

Ræktun

Elstu heimildir um ræktun þörunga er frá Kóreu og Japan frá því á 15. og 16. öld þar sem því er lýst hvernig þörungabændur veiddu þara af hafsbotni með löngum bambusstöngum. Einnig eru til frásagnir sem lýsa því hvernig bændur söfnuðu þörungum og fluttu þá á milli ræktunarsvæða.

Sjávargróður við Ísland

Karl Gunnarsson, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir að dæmi um þang, brúnþörunga, sem vex við Ísland og er mest áberandi í kletta- og grjótfjörum við landið séu dvergþang, klapparþang, skúfþang, sagþang, klóþang og bóluþang.

„Neðan við neðstu fjörumörk er það sem við köllum þari og er hópur brúnþörunga sem hefur greinótta festusprota sem festir þarann við grjót eða klöpp. Upp af festunni vex stilkur og efst á honum er blaðka og dæmi um það eru stórþari, beltisþari, hrossaþari, marinkjarni og dílablaðka. Allt eru þetta tiltölulega stórar tegundir sem eru ríkjandi neðan fjörunnar frá neðri fjörumörkum og allt niður á 30 metra dýpi þar sem sjór er tærastur við landið og birtan nær lengst niður.

Af öðrum algengum botnþörungum, brúnum, grænum og rauðum, eru allmargar nytjategundir. Algengar tegundir rauðþörunga í fjörum eru til dæmis fjörugrös, söl og purpurahimna.“

Sýslumannskonan og sölvaslæðan

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er saga sem segir frá sýslumannskonu sem ekki mátti sjá kynsystur sína bera klæði eða skart án þess að ágirnast það. Þessi árátta hennar bar góðan árangur og sjaldnast sneri sýslumannskonan heim af mannamótum á þess að hafa eitthvert skart með sér.

Einu sinn hugkvæmdist fátækri stúlku í nágrenni frúarinnar að gera sér slæðu út sölvablöðum og bar stúlkan slæðuna næst þegar hún fór í kirkju. Blaut sölvaslæðan var einkar ásjáleg enda blöðin lifrauð að lit. Sýslumannafrúnni þótti slæðan falleg og hugði hana vera úr rauðu silki. Að messu lokinni kom frúin að máli við stúlkuna og gekk fast eftir að kaupa slæðuna og linnti ekki látum fyrr en hún hafði sitt fram. Eftir að stúlkan afhenti sölvaslæðuna og sýslumannskonan sá úr hverju hún var löðrungaði hún stúlkuna og gekk snúðug burt.

Sagan segir að eftir þetta hafi kona sýslumanns ekki látið sölvablöð villa um fyrir sér og lagt af þann leiða vana að ágirnast skart og klæði sem hún sá aðrar konur bera.

Nytjar á Íslandi

Af þeim um 300 tegundum þörunga sem vaxa á botninum við Ísland eru 10% sem hafa verið, eru eða væri hægt að nýta til matar, efna- eða áburðarvinnslu eða á annan hátt.

Rauðþörungar hafa löngum verið eftirsótt fæða um allan heim og þekkja Íslendingar þar af best sölin, sem hafa á seinni tímum verið eini þörungurinn sem hafður eru til matar hér á landi.

Söl teljast til rauðþörunga. Þeirra er getið í íslenskum heimildum um miðja 13. öld og töldust verðmæt hlunnindi á Íslandi fyrr á tímum. Grágás nefnir réttinn til að tína söl og réttinn til að neyta sölva frá landi annarra sem sýnir að sölin voru borðuð fersk.

Í Egils sögu Skallagrímssonar er fremur skondin lýsing á því þegar Egill ætlar að svelta sig til dauða vegna sonarmissis. Þorgerður dóttir hans lagðist við hlið föður síns og fór að tyggja söl og freistar föður síns til að smakka þau. Sölin vöktu upp þorsta hjá Agli og var honum þá færð mjólk og hungurdauðinn misheppnaðist og í staðinn orti hann Sonatorrek.

Til loka 19. aldar voru söl algengar vistir og fluttar um langan veg og seldar fyrir ull, kjöt og fleiru til bænda í uppsveitum.

Sölvaverkun til manneldis var lítið þekkt í Noregi á fyrri öldum. Hún þekktist hins vegar á Írlandi og hugsanlegt að íslensk verkmenning við sölvaverkun sé þaðan komin. Um miðja 14. öld gaf maður í Saurbæ í Gilsfirði brúði sinni á brúðkaupsdaginn hálfa sölvafjöru og var gjöfin metin til mikils fjár. Heimildir allt frá því að Grágás var skrifuð á 13. eða jafnvel 12. öld benda til samfelldrar sölvatínslu á landinu. Samfelld sölvatínsla var í einhverjum mæli á Eyrarbakka og Stokkseyri og í Vestmannaeyjum til 1980. Á áttunda áratugnum mátti oft sjá fjölda fólks við sölvatínslu í góðu veðri um stórstraum í ágúst.

Í heimild frá 18. öld er greint frá því að fólk borði söl með hvannarót og ólseigum harðfiski. Ýmiss konar önnur neysla sölva er einnig þekkt, til dæmis að þeirra hafi verið neytt sem sjálfstæður réttur með smjöri eða flautum. Þá voru þau notuð til að drýgja mjöl í grauta og bakstur auk þess sem því var blandað við skyr.

Brúnþörungum safnað í Kanada.

Þörungaverksmiðjan á Reykhólum

Þörungaverksmiðjan á Reykhólum var stofnuð árið 1975.Verksmiðjan nýtir þörungagróður á grunnsævi Breiðafjarðar og jarðhitann til að þurrka þang- og þaramjöl. Mest er nýtt af klóþangi og hrossaþara sem er skorið og safnað af sláttuprömmum og þurrkað í mjöl. Langstærstur hluti framleiðslunnar er fluttur úr landi og notað til iðnaðar- og matframleiðslu. Þörungaverksmiðjan hefur lífræna vottun sem grundvallast meðal annars á sjálfbærri nýtingu á þangi og þara úr Breiðafirði.

UTAN ÚR HEIMI

Grænmeti ,sem ekki hefur verið hægt að uppskera vegna mannfæðar út af COVID-19 né koma á markað, hefur eyðilagst í stórum stíl á ökrum bænda í Bandaríkjunum.

Amerísk matvæli beint í ruslið

Kórónufaraldurinn hefur alvarlegar afleiðingar fyrir ameríska bændur sem eru vanir að selja í stóru magni til veitingastaða, hótela og skóla sem allt er lokað nú um mundir. Um 14 milljónum lítra af mjólk er daglega hellt niður, fleiri tonnum af eggjum er kastað í hverri viku og grænmeti er plægt aftur niður í jörðu. Nýjar áskoranir hafa beðið bænda og dreifingaraðila vestanhafs.

Samkvæmt New York Times eru dæmi um að bóndi í Idaho hafi þurft að henda hálfu tonni af lauk á meðan sumir eggjabændur hafi fargað 750 þúsund eggjum á einni viku. Kúabændur verða sérstaklega illa úti enda ferskvara og venjan er að fleiri hundruð kýr séu á kúabúum í Bandaríkjunum.

Eftirspurnin önnur í dag

Margir halda að eftirspurnin sé svipuð og áður enda hefur Ameríkönum ekki fækkað en sú er ekki raunin. Sem dæmi keypti kaffihúsakeðjan Starbucks um 51 þúsund lítra af mjólk af mjólkursamlagi í Cleveland en um miðjan apríl var magnið komið niður í 17 þúsund lítra þriðja hvern dag. Til að byrja með reyndu mjólkursamlögin að geyma umframmjólkina en lagerplássið varð mjög fljótt yfirfullt.

Ameríkanar eru vanir að borða úti að minnsta kosti einn dag í viku og þá fylgir gjarnan grænmeti með. Nú þegar flestir eru heima er ekki jafn rík áhersla á það alls staðar að hafa grænmeti með matnum. Þar að auki eiga milljónir Bandaríkjamanna erfitt fjárhagslega og þá eru margir sem hafa ekki grænmeti og ávexti í forgangi.

Matvælabankar aldrei vinsælli

Landbúnaðarráðuneytið í Flórída reiknar með að um 113 milljónir kílóa af tómötum muni enda sem jörð aftur en vandamálið er ekki skortur á mat heldur að maturinn er á einum stað en eftirspurnin á öðrum. Í Bandaríkjunum eru margir matvælabankar sem tryggja mat til fólks sem hefur ekki efni á að kaupa allan þann mat sem það þarf. Slíkir bankar reiða sig meðal annars á gjafir frá bændum og öðrum. Kórónakrísan hefur aukið eftirspurn fólks í matvælabankana um 70 prósent. Fræðilega séð væri hægt að fylla bankana af matnum sem annars er kastað en það eru því miður margir flöskuhálsar.

Í sumum ríkjum eins og Kaliforníu og í Flórída er búið að stofna stafræna staði fyrir fólk að hittast á þar sem framleiðendur með offramboð geta fundið matvælabanka á sínu svæði og aðra sem þurfa mat en það eitt og sér nær ekki að leysa vandamálið með öllum þeim mat sem er hent. Bandaríska landbúnaðarráðuneytið hefur verið gagnrýnt fyrir sinnuleysi, meðal annars fyrir að vera seint til að kaupa umframvörur til fólks sem lifir við fátæktarmörk. */ehg - NRK*

COVID-19 skapar fjölþætt vandamál í landbúnaði:

Víðtækar áskoranir fyrir bændur um allan heim

Alheimssamtök bænda, WFO, hafa sent stjórnvöldum aðildarlanda sinna áskorun til að styðja við landbúnað í hverju landi fyrir sig til að tryggja að engar fjölskyldur þurfi að svelta á kórónutímum eða eftir að þeir líða hjá.

Einnig hafa þau farið af stað með alþjóðlega herferð sem snýr bæði að neytendum og framleiðendum, þar sem áhersla er lögð á minnstu og veikustu hlekkina í keðjunni.

Hér verður farið yfir stöðuna hjá nokkrum aðildarlöndum samtakanna sem eru 71 talsins í dag.

Það er engum blöðum um að fletta að Ítalir hafa farið einna verst út úr faraldrinum í Evrópu og þar með talinn landbúnaður í landinu. Aðalvandamál ítalskra bænda á þessum krísutímum er að útvega starfsfólk tímabundið við framleiðsluna en um milljón manns starfa árlega á Ítalíu á ákveðnum tímabilum við landbúnað, þar af eru um 400 þúsund erlendir verkamenn sem sjá um í kringum 25 prósent af matvælaframleiðslu landsins. Ítalskir bændur finna líka áþreifanlega fyrir minni útflutningi en stjórnvöld hafa ráðist í sérstaka herferð til að upphefja ítölsk matvæli erlendis eftir að margar afbókanir hafa borist erlendis frá. Ferðaþjónustubændur verða illa úti hér sem og annars staðar en um 79% fyrirtækja í þessum geira eiga erfitt uppdráttar. Kúabændur horfa fram á lækkandi verð á sínum afurðum ásamt ávaxta- og grænmetisbændum sem hafa misst 1/3 af sínum viðskiptum vegna lokana á hótelum, veitingastöðum og börum, sömu sögu má segja um vínframleiðendur sem horfa fram á algjört hrun bæði á Ítalíu og eins í útflutningi á sínum vörum.

Innflytjendur að störfum í landbúnaði í Úganda. Mynd / UN

Lítil aðstoð við bændur í Úganda

Enn sem komið er hafa fá smit greinst í Úganda í Afríku en bændasamtökin þar í landi hafa sett á fót öryggissjóð til að greina mismunandi þætti matvæla- og næringaröryggis þjóðarinnar nú og eftir heimsfaraldurinn. Þetta er gert til að samhæfa betur framleiðsluþætti, uppskeru, ferla, dreifingu ásamt sölu á matvælum í landinu og erlendis. Aðaláhyggjuefni í landbúnaði þar í landi er að um 40 prósent bænda höfðu ekki náð að planta fræjum áður en landinu var lokað vegna COVID-19 faraldursins. Einnig er fjárhagsstaða margra bænda mjög slæm og hafa þeir í raun í engin hús að venda þar sem bankastofnanir koma ekki til aðstoðar frekar en stjórnvöld. Bændur í Úganda eru sumir hverjir að missa húsdýr sín vegna hafta í ferðalögum dýralækna og víða er erfitt að verða sér úti um lyf fyrir dýrin. Ljósið í myrkrinu er þó að talið er að skortur verði á ávöxtum í Evrópu næstu þrjá mánuði og þar gætu bændur í Úganda framleitt fyrir þann markað og flutt út. Telja samtökin að eitt af því sem faraldurinn muni leiða af sér er að fólk verði enn frekar hvatt til að rækta meira heima hjá sér og nýta til þess alla mögulega staði eins og til dæmis húsþök.

Lifa við fátæktarmörk í Kambódíu

Flestir bændur í Kambódíu lifa við fátæktarmörk og því hefur krísan haft mikil áhrif á greinina þar í landi. Helstu áskoranir hafa verið í því að bændur komast ekki líkt og áður á markaði til að kaupa fræ og önnur tæki til sinnar iðkunar. Bændurnir eiga erfitt með að selja vörur sínar sem þeir hafa oft og tíðum selt á mörkuðum sem nú eru lokaðir og því hefur innkoma margra þeirra fallið gríðarlega. Margir bændur í landinu búa á afskekktum svæðum og hafa ekki allir netsamband eða snjallsíma. Bændasamtökin þar í landi reyna að miðla upplýsingum til þeirra sem hægt er í gegnum nýtt upplýsingaapp en langt frá því allir hafa aðgang að því. Einnig hafa samtökin sent út sápur og sótthreinsiefni til sinna félagsmanna og vinna að því að koma á aðstoð við flutning á vörum frá bændum til viðskiptavina ásamt því að koma upp leigumiðlun með landbúnaðartæki. Ljóst er að þessi aðstoð verður ekki nægileg vegna fátæktar í landinu og biðla nú samtökin til stjórnvalda að koma á varanlegu beingreiðslu- og stuðningskerfi til þess að bændur geti áfram haldið sinni matvælaframleiðslu.

Áhyggjuefni að fá nægilegt fólk til starfa

Í Austurríki líkt og í flestum öðrum löndum er eftirspurn eftir erlendu verkafólki til starfa í landbúnaði og er það eitt helsta áhyggjuefni nú að fá inn rúmlega þrjú þúsund manns til starfa í ávaxta- og grænmetisræktinni.

Flestir koma til starfa frá Austur-Evrópu og er það vandkvæðum bundið nú um mundir. Þetta hefur mest áhrif í garðyrkju- og ávaxtaræktinni en einnig fyrir sláturhúsin. Nú fer landið að sigla inn í vafasamasta tímann fyrir garðyrkjuna þar sem 50–70 prósent af ársveltunni fer í gegn frá miðjum mars fram í júní.

Vegna ástandsins eru margar virðiskeðjur brotnar og í raun mikil óvissa um framhaldið. Kúabændur í landinu eru mjög áhyggjufullir vegna aðgangs að útflutningsmörkuðum eins og Ítalíu sem er meðal þeirra stærstu. Það sem hefur einnig áhrif er óregluleg sala þegar fólk byrjar að hamstra í búðunum.

Austurrísku bændasamtökin hafa nú sett á fót vinnumiðlun fyrir bændur og fyrirtæki í landbúnaði til að létta á þessari alvarlegu stöðu og virðist sem það hjálpi eitthvað í gegnum versta skaflinn. */ehg*

Hvað er í boði fyrir ferðamenn?

Nýtt auglýsingapláss í Bændablaðinu beinir sjónum að fjölbreyttri ferðaþjónustu innanlands. Býður þú upp á gistingu, mat eða afþreyingu? Komdu þinni þjónustu á framfæri á auðveldan og hagkvæman hátt í Bændablaðinu.

Verið velkomin í viðskipti

Þín auglýsing birtist í **32 þúsund eintökum** Bændablaðsins sem kemur út á tveggja vikna fresti.

Pakkatilboð: Birtingar í þremur tölublöðum Bændablaðsins á kr. 30.000 + vsk.

Stærðin er 81 mm (breidd) x 40 mm (hæð). Við aðstoðum við uppsetningu ef þarf gegn vægu gjaldi.

Auglýsingastjóri Bændablaðsins gefur nánari upplýsingar um birtingar í síma 563-0303 og netfangið gudrunhulda@bondi.is

Bændablaðið
Kemur næst út
4. júní

LÍF & STARF

Garðyrkjuskólinn í Hveragerði. Mynd /HKr.

Neita að gefa upp nöfn umsækjenda

Nýlega var starf garðyrkjustjóra auglýst laust til umsóknar við Landbúnaðarháskóla Íslands, en ekki verða gefin upp nöfn umsækjenda.

Haft var samband við Guðmundu Smáradóttur, mannauðs- og gæðastjóra skólans, til að fá upplýsingar um hve margir sóttu um stöðuna og hverjir það væru. Í svari hennar kemur fram að skólinn gefi ekki upp nafnalista umsækjenda um auglýst störf hjá skólanum eða fjölda umsókna til fjölmiðla. */MHH*

COBALT 550 MAX LTD
Götuskráð tveggja manna
Kr. 1.680.000
með vsk.

IRON 450 MAX LTD
Götuskráð tveggja manna
Kr. 1.480.000
með vsk.

AFLVÉLAR JÖTUNN
Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is
Vesturhrauni 3 // 210 Garðabær // 480 0000 // aflvelar.is // sala@aflvelar.is

LÍF & STARF

Vélfang komið með umboð fyrir Schäffer liðléttinga og hjólaskóflur

Vélfang ehf. mun framvegis sjá um sölu og þjónustu við Schäffer liðléttinga og hjólaskóflur á Íslandi. Er þetta samkvæmt samkomulagi sem gert hefur verið við Schäffer Maschinenfabrik GmbH.

Eyjólfur Pétur Pálmason, forstjóri Vélfangs, segir þetta stór tíðindi fyrir fyrirtækið.

„Schäffer bætist nú við gríðarsterka flóru vörumerkja og verður eitt af stóru vörumerkjunum ásamt Fendt, Claas, JCB, Kuhn og Kverneland. Vélfang hefur þegar hafið sölu á varahlutum og tækjum og eru fyrstu vélarnar á leiðinni til landsins.

Schäffer var fyrsti liðléttingurinn sem kom til landsins á sínum tíma og á sér gríðarstóran viðskiptavinahóp á meðal bænda og verktaka á Íslandi. Vélar sem oft eru kallaðar „liðléttingar“ eru litlar hjólaskóflur með og án skotbómu, notaðar við ýmsar aðstæður t.d. í landbúnaði, landslagsgerð, hellulögnum og annarri jarðverktöku. Allt frá minnstu vélum (1.400 kg) upp í liðstýrðar hjólaskóflur með skotbómu sem vega allt að 13.000 kg.

Schäffer liðléttingur að störfum.

Schäffer var stofnað 1956

Schäffer Maschinenfabrik GmbH er einn af stærstu framleiðendum á litlum og meðalstórum hjólaskóflum í heiminum í dag. Fyrirtækið var stofnað af Heinrich Schäffer árið 1956 og var heygaffall á dráttarvélar fyrsta framleiðsluvara fyrirtækisins. Kom gaffallinn á markað 1960.

Fyrsti liðléttingur fyrirtækisins kom fram á sjónarsviðið 1979. Það var Shäffer D25 og var sá fyrsti sinnar tegundar með vökvadrifi og hraðtengi. Var þetta vendipunktur í starfsemi fyrirtækisins.

Schäffer er í dag með gríðarlega breytt vöruúrval og er þekkt fyrir nýjungar og að laga sig að þörfum markaðarins. Schäffer hefur sett sér það markmið að smíða bestu liðléttingana og þá skipta gæðin öllu máli sem og áreiðanleiki, ending og lágur rekstrarkostnaður. Þá er hvert tæki smíðað með notkunarmöguleika, öryggi og þægindi ökumanns að leiðarljósi.

Vélfang ehf. stofnað árið 2004

Vélfang ehf. var stofnað árið 2004 og er sölu- og þjónustufyrirtæki fyrir vélar og búnað á sviði landbúnaðar og jarðverktöku. Fyrirtækið er með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og Akureyri og flutti nýlega í stórglæsilegt húsnæði á Óseyri 8 á Akureyri.

„Við hjá Vélfangi hlökkum til að takast á við þetta verkefni og bjóðum eigendur Schäffer velkomna til okkar á Gylfaflötina í Reykjavík og nýja starfsstöð okkar á Óseyri 8 á Akureyri,“ segir Eyjólfur Pétur Pálmason. */HKr.*

LESENDABÁS

Áríðandi upplýsingar varðandi tjón á túnum

Árið 2019 hófust greiðslur vegna tjóns af völdum álfta og gæsa skv. reglugerð 1260/2018 um almennan stuðning við landbúnað. Ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga frá því í nóvember 2018 náði til tveggja ára, og því verður sama fyrirkomulag fyrir árið 2020.

Þótt stórir gæsaflotar sjáist nú í túnum víða um land, þá hafa engar tjónaskýrslur ennþá skilað sér inn í Bændatorgið fyrir árið 2020. Í fyrrnefndri reglugerð segir að „framleiðendur skuli skila inn rafrænni tjónaskýrslu um leið og tjóns verði vart í opinbert skráningakerfi, þó eigi síðar en 20. október á því ári sem tjón verður“. Eftir að tjón hefur verið tilkynnt fá úttektaraðilar tilkynningu og skulu þeir taka út tjón í samræmi við 14. gr. reglugerðarinnar og samninga við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Það er mjög brýnt að þeir bændur sem verða fyrir tjóni af völdum ágangs álfta og gæsa tilkynni strax þegar tjóns verður vart á þeirra ræktarlandi. Ef langur tími líður frá tjóni og fram að tilkynningu getur verið mjög erfitt að meta umfang tjónsins og ekki víst að tjónaskýrslan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru varðandi greiðslur í reglugerðinni og samningum við úttektarmenn.

Bjarni Jónasson.

Að lokum er vert að minnast á að skráning bænda eru einu gögnin sem stjórnvöld og stofnanir hafa til að átta sig á umfangi tjóns af völdum álfta og gæsa. Ef bændur eru duglegir við að skrá inn tjón er það til þess fallið að varpa ljósi á vandann og styðja við frekari aðgerðir. Mjög erfitt er að rökstyðja aðgerðir þar sem engin gögn liggja að baki. Út frá skráningu síðustu ára mætti ætla að vandamálið sé ekki stórt, en margir eru því sjálfsagt ósammála.

Bjarni Jónasson



Bændablaðið
Kemur næst út
4. júní

Matur er manns gaman

Matur tengir fólk saman. Sama hvar maður drepur niður fæti í heiminum er alltaf hægt að brydda upp á samtali um mat því öll eigum við það sameiginlegt að þurfa á mat að halda og hafa meira að segja töluverða ánægju af því að borða hann.

Matvæli eru eitt af stóru viðfangsefnum stjórnmálanna og íslenskir stjórnmálamenn þurfa að svara stórum spurningum um málefnið s.s.: Hvaða skilyrði sköpum við innlendum matvælaframleiðendum og hvaða áhrif hefur framleiðslan á umhverfið? Neytendur spyrja sig spurninga á borð við: Hvaðan kemur maturinn sem við borðum, hversu hollur er hann, hvernig er hann framleiddur og hvernig förum við með matinn?

Baráttan gegn loftslagsbreytingum er og verður eitt stærsta mál samtímans. Við náum ekki árangri í þeirri baráttu nema huga að þætti matvæla og matvælaframleiðslu í aðgerðum okkar. Íslenskir bændur hafa tekið mikilvægt frumkvæði í samtölum sínum við stjórnvöld með því að setja loftslagsmál og kolefnishlutleysi á dagskrá. Það sama má segja um forsvarsmenn í íslenskum sjávarútvegi sem hafa sýnt metnað í þessum málefnum. Huga þarf að öllum þáttum tengdum matvælum til að unnt verði bæði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og binda meira kolefni. Allt frá því hvernig framleiðslu hjá frumframleiðanda er háttað að því hvernig framreiðslan á matarborð fjölskyldunnar er skipulögð. Það skiptir t.d. máli að draga úr matarsóun, að auka lífræna ræktun og að draga úr flutningum með matvæli milli heimshluta. Þá mun það einnig skipta máli að neyta meira grænmetis og minna kjötmetis til að sporna gegn loftslagsbreytingum.

Hér á Íslandi eigum við mikla möguleika á að rækta mun meira grænmeti en við gerum í dag, bæði með ylrækt og í útiræktun. Í nýundirrituðu samkomulagi ríkisins við garðyrkjubændur er sett fram metnaðarfullt markmið um 25% aukningu á framleiðslu íslensks grænmetis fram til ársins 2023. Tækifærin í garðyrkju eru fjölbreytt og ótrúlega spennandi en nýting tækni og gervigreindar mun skipta sköpum og ég hlakka til að fylgjast með bændum og frumkvöðlum á þessu sviði á næstu árum.


Katrín Jakobsdóttir.

Lýðheilsusjónarmið eru einnig mikilvæg í allri stefnumótun okkar um matvælaframleiðslu og neyslu. Löngu hefur verið sýnt fram á tengsl mataræðis og heilsu. Þar er hollustan lykilatriði. Innlend matvælaframleiðsla nýtur um margt sérstöðu, ekki síst vegna lítillar sýklalyfjanotkunar í íslenskum landbúnaði, sem er með því minnsta sem gerist. Til að mynda er sýklalyfjaónæmi í kjúklingum minnst hér á landi miðað við önnur Evrópulönd, samkvæmt Matvælaöryggisstofnun Evrópusambandsins. Íslenskir bændur hafa staðið vaktina, bæði þegar kemur að sýklalyfjanotkun og notkun ýmissa annarra efna, þannig að við eigum heilnæma matvælaframleiðslu á Íslandi. Sama má segja um íslenskar sjávarafurðir en MSC-vottun íslenskra sjávarafurða var mikið framfaraskref en hún snýst um sjálfbærni fiskveiða.

Ýmislegt má þó gera til viðbótar. Á Íslandi eigum við mikil tækifæri til að efla og auka lífræna ræktun. Þar liggja bæði miklir möguleikar til aukinnar kolefnisbindingar og til fjölbreyttrar framleiðslu á lífrænum landbúnaðarvörum. Þar má gera betur í stuðningskerfi hins opinbera. Umbúðir á innlendum matvælum eru líka að taka breytingum núna en margir kjósa matvæli sem ekki eru innpökkuð í plast. Það er ástæða til að fagna þeim nýmælum sem við höfum séð á þeim vettvangi að undanförnu en eigi að síður má gera betur. Þá liggja mikil tækifæri í auknum upprunamerkingum og með samstarfi bænda og verslunarmanna mætti leggja mun meiri áherslu á merkingar þannig að neytendur eigi skýrt val og hafi skýra vitneskju um uppruna matvælanna. Sama má segja um sjávarútveginn.

Bæta þarf öflun gagna og upplýsinga um innlenda matvælaframleiðslu og neyslu. Til að mynda er mikilvægt að hafa áreiðanlegar upplýsingar um matarsóun til þess að skilja vandamálið og geta brugðist við því. Nýleg rannsókn Umhverfisstofnunar bendir til þess að hver einstaklingur sói 90 kílóum af mat árlega. Matarsóun íslenskra heimila ætti samkvæmt því að vera sambærileg við það sem þekkist í öðrum Evrópulöndum þar sem um þriðjungi matvæla er sóað. Það er eins og að fara út í búð, kaupa þrjá poka af mat og henda einum á gangstéttina fyrir utan búðina! Þó við gerum ekki annað en að draga úr þessari óþörfu sóun leggjum við mikilvægt lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn loftslagsvánni. Þá er mikilvægt að allir hafi raunverulegt aðgengi og val um hollan og góðan mat á viðráðanlegu verði – þar skiptir öflugur stuðningur stjórnvalda við matvælaframleiðslu máli.

Á þessu kjörtímabili hafa stór skref verið stigin. Búvörusamningar hafa verið endurskoðaðir og þar er nú í fyrsta sinn fjallað um loftslagsmál. Framlög til innlendrar garðyrkju voru aukin um fjórðung í nýjum garðyrkjusamningi sem skapar ótrúleg ný tækifæri í þeim geira. Og nú nýlega var kynntur nýr Matvælasjóður sem ætlað er að efla nýsköpun og þróun í innlendri matvælaframleiðslu en Alþingi hefur samþykkt að hálfur milljarður renni í þennan sjóð á þessu ári. Hann getur orðið mikilvægur til að tryggja að innlend matvælaframleiðsla þjóni loftslagsmarkmiðum og til að skapa ný verðmæti við framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu matvæla úr landbúnaði og sjávarútvegi.

Framtíð íslenskrar matvælaframleiðslu er björt. Ný matvælastefna verður kynnt á næstunni og nú þegar hafa stjórnvöld sýnt einbeittan vilja í verki til að tryggja innlenda matvælaframleiðslu, til hagsbóta fyrir almenning og umhverfi.

Katrín Jakobsdóttir

LÍF & STARF

Vélfang ehf. flytur starfsemi sína á Akureyri

Á dögunum opnaði Vélfang á Akureyri dyrnar á nýjum húsakynnum fyrirtækisins á Akureyri. Nýja aðsetrið er vel staðsett að Óseyri 8.

Húsnæðið er tvöfalt stærra en fyrra húsnæði með frábærri aðstöðu á verkstæði og mun stærra útisvæði. Húsið er mikið endurnýjað og nú í lok vetrar hefur verið unnið að innréttingum þannig að það henti starfsemi Vélfangs enn betur.

Á Akureyri starfa fjórir starfsmenn hjá Vélfangi. Þeir eru tilbúnir að taka við viðskiptavinum með rjúkandi kaffibolla á nýju heimilisfangi fyrirtækisins Óseyri 8, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Vegna Covid-19 verður opnunarhátíð slegið á frest fram á haustið eða þegar aðstæður leyfa. Vélfang ehf. er m.a. umboðsaðili fyrir Schäffer, CLAAS, FENDT, JCB, Kuhn og Kverneland á Íslandi og fjölda annarra umboða fyrir verktaka og bændur. Höfuðstöðvar Vélfangs eru á Gylfaflöt 32 í Reykjavík.

Nýja aðsetur Vélfangs að Óspakseyri 8 á Akureyri.

Þórólfur í Grænuhlíð að taka á móti TUME KL-3000 sáðvél frá Vélfangi.

41,9% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2019. Aldur 12-80 ára.

Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

21,9% á höfuðborgarsvæðinu

41,9% á landsbyggðinni

29,2% landsmanna lesa Bændablaðið

Hvar auglýsir þú? Bændablaðið

Sími: 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

Allar stærðir af CAT raf-stöðvum:

CAT

Opnar stöðvar
Stöðvar í húsi
Stöðvar í gám
Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira
Öflug og góð þjónusta

Gerðu kröfur — hafðu samband við Karl í síma 590 5125 eða sendu línu á kg@klettur.is og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

Lely Center Ísland

SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir

HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 770
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

FISKNYTJAR & NÁTTÚRA

Áhættumat erfðablöndunar – Of fá veiðivötn skilgreind

Forsendur eru vafasamar eða beinlínis rangar í Áhættumati erfðablöndunar sem samþykkt var með lögum frá Alþingi Íslendinga árið 2019. Tveimur mikilvægum lykilforsendum er verulega ábótavant í Áhættumati erfðablöndunar sem gerir niðurstöður úr líkaninu marklausar, en þær eru:

- Dreifing strokulaxa er mun minni en gert er ráð fyrir.
- Veiðivötn með laxalykt sem strokulax gengur upp í eru mun fleiri en gert er ráð fyrir.

Valdimar Ingi Gunnarsson.

Hvannadalsá við Ísafjarðardjúp.

Ef stuðst er við réttar forsendur í líkaninu er varðar fjölda veiðivatna með laxi og dreifingu eldislaxa fæst allt önnur niðurstaða úr líkaninu en fékkst þegar Áhættumat erfðablöndunar var birt árið 2017 og aftur við endurskoðun árið 2020. Jafnframt mun alltaf vera mikil óvissa og áramunir í fjölda eldislaxa sem sleppa, lifun þeirra í sjó og fjöldi eldislaxa sem sækja upp í veiðivötn.

Veiðivötn með laxalykt á Vestfjörðum

Í Áhættumati erfðablöndunar er eingöngu gert ráð fyrir uppgöngu strokulaxa í fjögur veiðivötn á svæðinu frá Látrabjargi að Rit í norðanverðu Ísafjarðardjúpi. Hér er um að ræða veiðivötnin; Laugardalsá, Ísafjarðará, Langadalsá og Hvannadalsá sem eru allar í Ísafjarðardjúpi. Í raun eru fleiri, eða um um 25 veiðivötn með skráða laxveiði eða fundist hafa laxaseiði í nokkrum mæli og í Arnarfirði hefur komið fram í rannsóknum að laxaseiði finnist í sjö veiðivötnum. Eldislax sem sleppur leitar einkum í veiðivötn með laxalyst og þá sérstaklega í veiðivötn í þeim firði sem slysaslepping átti sér stað.

Dreifing strokulaxa ofmetin

Í Noregi er áhersla lögð á að leita eldislaxa í veiðivötnum í sama firði og slysaslepping átti sér stað sem betur verður gert grein fyrir í seinni greinum. Við slysasleppingu, t.d. í Arnarfirði, mun eldislaxinn leita í mestum mæli upp í veiðivötn í firðinum og í mun minna mæli í veiðivötn s.s. í Ísafjarðardjúpi. Áhættumat erfðablöndunar sýnir of mikla dreifingu á eldislaxi sem sleppur og er einfalt að fá slíka niðurstöðu ef ekki er kannað hlutfall eldislaxa í öllum veiðivötnum með laxalykt á eldissvæðum. Til að fá raunhæfa dreifingu á eldislaxi þarf að fara í öll veiðivötn með laxalykt og mæla hlutfall eldislaxa og þannig fást rétt gögn í líkanið sem stuðst er við í Áhættumati erfðablöndunar. – Af hverju er ekki grunnforsenda aflað?

Fjöldi veiðivatna með laxalykt

Í Áhættumati erfðablöndunar er gert ráð fyrir að ákveðnu hlutfalli eldislaxa sem sleppa, ákveðinni lifun í sjó og þannig geti skilað sér tiltekinn fjöldi eldislaxa í veiðivötn. Eldislaxarnir sem sleppa dreifa sér síðan í ákveðin veiðivötn. Sá alvarlegi vankanti er á Áhættumati erfðablöndunar að aðeins er gert ráð fyrir fjórum veiðivötnum með laxalykt á Vestfjörðum en þau eru í raun um 25. Með því að bæta við um 20 veiðivötnum inn í líkanið skila sér mun færri strokulaxar úr slysasleppingu t.d. í Arnarfirði í fjögur veiðivötn í Ísafjarðardjúpi. Ef miðað er við 4% hámarkshlutfall eldislaxa í veiðivatni eins og Áhættumat erfðablöndunar leggur til mun hlutfallið vera lágt í veiðivötnum í Ísafjarðardjúpi en hætta er á að farið verði vel yfir viðmiðunarmörkin í veiðivötnum á sunnanverðum Vestfjörðum.

Á að fórna veiðivötnum á eldissvæðum?

Í Áhættumati erfðablöndunar er látið þannig að minni veiðivötn á eldissvæðum með laxalykt s.s. á sunnanverðum Vestfjörðum séu ekki til af einhverjum óljósum ástæðum. Í umsögn Erfðanefndar landbúnaðarins við fiskeldisfrumvarpið á vorþingi 2019 kemur fram:

„Ef ætlun með frumvarpinu er sú að undanskilja ákveðna stofna úr áhættumatinu þarf það að vera skýrt. Enn fremur þarf að rökstyðja þá afstöðu, meðal annars m.t.t. líffræðilegra þátta og jafnræðisreglna. Með jafnræðisreglum er hér átt við jafnræði landeigenda sem eiga veiðirétt í laxám, hvort sem er í Arnarfirði, á Barðaströndinni, í Dölunum eða annars staðar.“

Ef fara á eftir Áhættumati erfðablöndunar munu litlir laxastofnar í veiðivötnum á eldissvæðum verða fyrir miklum neikvæðum áhrifum á meðan stærri laxastofnar fjær eldissvæðum verða fyrir litlum eða engum áhrifum. Hugsanlega hefur ákvörðun verið tekin að fórna minni veiðivötnum og ef svo er væri heiðarlegt að láta það koma fram.

MENNING & SAGA

Gyðjur, goðsagnir og hið góða samfélag kvennanna – seinni hluti

– Framhald fyrri hluta í síðasta tölublaði

Norður-ameríski bókasafnsfræðingurinn, Elizabeth Gould Davis (1910-1974), hafði ýmislegt um kvenyndissamfélagið að segja í bók sinni, „Úrvalskyninu“ (The First Sex). Hún segir m.a.: „Konur eru sjálft mannkynið ... hið öfluga úrvalskyn. Karlinn er lífeðlislegur bakþanki.“ ... „Fyrstu karlarnir voru stökkbrigði, viðrini, sem urðu til við tjón á erfðavísum. [Þau] orsökuðust hugsanlega vegna sjúkdóms eða heiftarlegrar geislunar frá sólinni.“

Arnar Sverrisson.

Móðirin er Elísabetu einnig hugleikin: „Æxlunarfæri konunnar eru miklu eldri og þróaðri, heldur en [æxlunarfæri] karlsins. ... Sönnun þess, að reðurinn varð til miklu síðar í þróunarsögunni, heldur en sköp kvenna, er rakin til ummerkja þess efnis, að karlinn sjálfur sé síðkomin stökkbreyting frá hinni upphaflegu kvenveru. Því er karlinn bara ófullkomin kona.“

Karlinn er einnig ófullkominn í þeim skilningi, að börn hans virða hann varla viðlits: „Hugmyndin um kvenvaldið hefur rækilega skotið rótum í mannlegri undirvitund. Þrátt fyrir að hafa um aldir búið við föðurrétt, líta börn sjálfkrafa á móðurina sem hið hæsta yfirvald. Barnið lítur á föður sinn sem jafningja í sömu skör settan og það sjálft. Það verður að kenna börnum að elska föður sinn, heiðra hann og virða. Það verkefni tekur móðirin venjulega að sér.“

En þrátt fyrir það þjáist karlinn af þrálátri afbrýði í garð konunnar, sem brýst út í niðurlægingu hennar: „Í menningarsamfélögum samtímans ... tekur snípöfund og skautafbrýði á sig óræðar myndir. Óseðjandi þörf karlsins til að smána konuna, auðmýkja hana, meina henni um jafnrétti og gera lítið úr afrekum hennar – eru tilbrigði við meðfædda afbrýði og ótta hans [gagnvart konunni].“

Hin nýju kvenvísindi

En höfundur elur þá von í brjósti, að aftur muni birta til í kvenheimum: „Í nýjum vísindum tuttugustu og fyrstu aldarinnar verður kraftur andans allráðandi á kostnað hins efnislega. Eftirspurn eftir efnislegum hæfileikum mun réna, en aukast eftir hæfileikum til huga og anda. Skynvit mun víkja fyrir yfirskilviti. Konan mun aftur sýna yfirburði á þessu sviði. Hún, sem einu sinni var dáð og dýrkuð af hinum fyrsta karli fyrir hæfileikann til að rýna í hið óræða, mun aftur verða þungamiðjan – ekki sem kynvera, heldur sem gyðja. Í hinni nýju menningu verður hún miðdepillinn.“ ... „Feðraveldið birtist í skráðri mannkynssögu. Látum framhaldið verða gagnbyltingu mæðraveldisins. Það er einasta vonin um að mannkynið lifi af.“

Geraldine Sharp kynnir í verki sínu, „Slóð sæðisins um aldirnar. Týndi hlekkurinn í kenningum um karlinn“ (A Trail of Semen Down Through the Ages. The Missing Link in the Theories of Male), svipaðar hugmyndir um valdarán karlkynsins og kúgun konunnar í kjölfarið:

Frummóðirin

„Í upphafi skóp hin Mikla móðir heiminn. Síðan útvegaði hún sér fylgdarsvein. Jafnræði var á með þeim. Síðan tókst honum að ríkja án hennar. Lokatakmarki allsherjardrottnunarinnar [yfir konum] var náð, þegar karlinn hrifsaði til sín fæðinguna. Karlinn áleit sig nú upphaf nýs lífs – skapari, drottnari alheimsins.“ ... „Konur hafa skipað stærsta kynþátt olnbogabarna í veröldinni. Sagan greinir einungis frá helmingi mannkyns – körlum. – Gagnrýninn lestur sögunnar dregur fram í dagsljósið grimmd og ofbeldi við sífelldar árásir karla á konur, allt frá barsmíðum á eiginkonum til nornaveiða, frá löskun kynfæra til morða.“

Hin mikla móðir var miðdepils alls, segir sálfræðingurinn, Shari L. Thurer. Hún var móðurgyðjan, allt í öllu, almáttug, breytti um ham, fæddi börn, dó og endurfæddist. Hinir dauðlegu fylgdu fordæmi hennar. Hún var móðir allra guða og gyðja. Hún samdi reglurnar. Þó hafði hún einnig síðri hliðar, gat verið órökrétt, óraunsæ, óskipuleg og tortímandi. Þegar skoðuð er gyðjudýrkunin í Catal Hüyük (Tyrklandi) á nýsteinöld er engu líkara en gjörvallt mannlífið hafi snúist um tilbeiðslu og dýrkun gyðjunnar, sem ýmist var ólétt og frjósöm eða grönn og geislandi af fjöri.

Móðurgyðjan velur sér elskhuga til fylgilags og hefur af þeim kynferðislega nautn. „Skilaboðin eru þau, að kynlíf móður – jafnvel utan hjónabands, í blóðskömm og án æxlunartilgangs – sé gott. Það er einnig athyglisvert, að karlguð ... er [bókstaflega] fórnarlamb, einnota afæta, kynnautnarleikfang konunnar,“ segir Shari.

Hún bætir svo við: „Í augum sumra kvenfrelsara, ...jafnvel margra skynsamra fræðimanna, eru gyðjurnar í senn bæði fyrirmyndir og innblástur til andlegra iðkana og listsköpunar. ... Þeir færa rök fyrir því, að samsvörun gyðjutilbeiðslu, sáttar og samlyndis, sé [síður en svo] tilviljunarkennd, því í móðureðlinu felist friðsæld og jafnvægi, náttúra og munúð [og losti].“

Simone de Beauvoir (1908–1986) segir: „Móðirin er rótin, er greinist djúpt í iðrum alheimsins. [Hún getur] sogað upp safana; hún er uppsprettan. Þaðan gýs hið lifandi vatn, sem einnig er næringarrík mjólk.“

Kynþokki móðurinnar

Móðurgyðjurnar beittu kyntöfrum sínum óspart. Svo var t.d. um hina fornu gyðju Súmera, Inanna, sem var gyðja ástar, frjósemi og vígaferla. Í verkum akkadíska (Akkar voru fornþjóð í Miðausturlöndum) skáldsins og hofgyðjunnar Enheduanna (2285-2250) rennur Inanna saman við Ishtar, hernaðargyðju Semíta (fornþjóð fyrir botni Miðjarðarhafs). Inanna umbreyttist þannig úr alþýðlegri frjósemisgyðju Súmera (Íraka) í himnadrottningu, sem vinsælust varð meðal gyðja í hinni fornu Mesópótamíu. Faðir Enheduönnu blótaði gyðjuna til frama í stjórnmálum og sigurs á vígvöllum. Meginhof Inönnu eða Ístar var að finna í borginni, Úrúk í Mesópótamíu.

Í fornaldarkviðunni um hetjuna, Gilgames, sem „er afrendur að afli, ...“ eru móðurgyðjur í mikilvægu hlutverki.„Hin mikla móðurgyðja Arúrú mótaði líkamsmynd hans, hún réð hverju hann líktist, fegurstur allra mann, fullkominn.“ Gilgames þekkti gjörla tælingarmátt kvenna. Þegar fyrir veiðimanni nokkrum lá að ná tökum á „manni máttarins,“ Enkídú,“ ráðlagði Gilgames svo: „Tak þú yndiskonuna Sjamat með úr musterinu. Hún mun sigra manninn með eðli sínu, jafnstyrku afli hans. Fylgstu með því hvenær dýrin drekka úr vatnsbólinu og láttu hana kasta skikkjunni og afhjúpa kyn sitt.“ ... „Sjamat losaði um barminn, afhjúpaði kyn sitt og hann hreif til sín munúðsemi hennar líkt og stormur. Hún hélt ekki aftur af sér, tók honum af fullu afli.

Hún breiddi út skikkjuna og hann lagðist ofan á hana, hún sýndi frummanninum hvers kona er megnug. Hann þrumaði af losta yfir henni; sex daga og sjö nætur hélt Enkídú risi og átti mök við yndiskonuna.“ Þegar samförum þeirra var lokið, leiddi Sjamat ástmann sinn til hofsins „þar sem helgar yndiskonur stilla sér upp prýðilega og úthella munúðsemi sinni hláturmildar en lökin eru breidd á beðinn þegar kvöldar.“ Um Ístar segir m.a.: „Gakktu nærri Eannahofi, þar býr Ístar, aldrei varð nokkur maður né konungur jafningi hennar.“ (Þýðing: Stefán Steinsson.)

Móður- eða frjósemisgyðjur sambærilegar Ístar ástunduðu „helgar“ samfarir. Það sama gerðu hofgyðjurnar og konur almennt. Forngrískí sagnfræðingurinn, Herodotus (484?–420?) lýsir samfélaginu á Kýpur svo: Allar konur skulu einu sinni á ævinni mæta í musteri Venusar og hafa samræði við ókunnugan karl. Konan býður sig þeim, er fyrstur greiðir.

Arnar Sverrisson
Höfundur er ellilífeyrisþegi og uppgjafabóndi.
Ótilgreindar þýðingar eru hans.

LESENDABÁS

Tækifæri á norðausturhorninu og verkefnið Brothættar byggðir

Þrátt fyrir að byggðarlögin séu ólík eiga þau það sameiginlegt að störfum hefur fækkað, búskapur hefur víða lagst af og dregið hefur úr þjónustu við íbúa. Þessi byggðarlög hafa því öll verið skilgreind sem „Brothættar byggðir“ og fóru eftirfarandi byggðaeflingarverkefni af stað í kjölfarið: Raufarhöfn og framtíðin 2012, Öxarfjörður í sókn á árinu 2016 og nú síðast Betri Bakkafjörður á árinu 2019.

Verkefnið Brothættar byggðir er ein af þeim aðgerðum Byggðaáætlunar sem er ætlað að aðstoða byggðarlög í erfiðri stöðu. Í verkefninu hafa tekið þátt tólf byggðarlög eða byggðakjarnar, sem eiga það sameiginlegt að hafa lent í áföllum samhliða breytingum á atvinnuháttum. Verkefnið hefur haft jákvæð áhrif á samfélögin og í mörgum tilfellum orðið til þess að ný störf hafa orðið til og byggðirnar fengið ákveðna endurnýjun. Þá hefur þetta einnig orðið til þess að efla og styðja við nýsköpunar- og frumkvöðlastarf í þessum byggðarlögum. Þegar á heildina er litið eru fjölmörg verkefni sem styrkt eru eða hafa verið styrkt af Brothættum byggðum. Það eitt og sér að íbúar séu að sækja um styrki og nýta allt það fjármagn sem er til ráðstöfunar segir heilmikið, íbúar sjá tækifærin, hugsa í lausnum og sækja fram á við þrátt fyrir að talsverðar hindranir séu til staðar. Því er afar mikilvægt að haldið sé áfram að styðja við þessi byggðarlög með þessum hætti og meira til.

Fá landsvæði eru eins vel til þess fallin frá náttúrunnar hendi að stundaður sé blómlegur landbúnaður, öflug ferðaþjónusta, ræktun af ýmsum toga, auk þess að skammt er á gjöful fiskimið. Það þarf því ekki að koma á óvart að svæðið í heild er þekkt fyrir hágæða matvælaframleiðslu og segja má að það sé ákveðið matarbúr. Þó að talsvert sé um smábátaútgerð, fiskvinnslur og fiskeldi, sláturhús, heimavinnslur og grænmetisræktun af ýmsum toga eru ansi margar auðlindir og vannýtt tækifæri til staðar. Mikilvægi þess að efla og bæta innlenda framleiðslu er farið að vega þungt, sérstaklega þegar horft er til kolefnis- og vistspora.

Heimskautagerðið við Raufarhöfn. Mynd / Aðalsteinn Atli Guðmundsson



Charlotta Englund.

Nanna Steina Höskuldsdóttir.

Ólafur Áki Ragnarsson.

Þessi byggðarlög eru einnig afar vel til þess fallin að „hýsa“ störf án staðsetningar/fjarvinnslu. Á síðustu árum hafa orðið miklar framfarir í tækni og þá ekki síst aðgangur að ljósleiðara og ljósneti. Lagðir hafa verið ljósleiðarar um landið, þvert og endilangt, sem gerir það að verkum að auðvelt er að vinna ákveðin störf í hinum dreifðu byggðum. Á norðausturhorninu er húsnæði til staðar í flestum þéttbýliskjörnum sem býður upp á góða vinnuaðstöðu fyrir starfsmenn í fjarvinnslu. Þá hlýtur reynsla okkar af COVID-19 að verða til þess að stjórnvöld skoði það af alvöru hvort endurskoða beri þá stefnu að flestar stofnanir ríkisins séu á einum stað, þ.e.a.s. á höfuðborgarsvæðinu.

Ferðaþjónustan hefur vaxið mikið og til hafa orðið ný störf sem styrkt hafa byggðina. Unnið hefur verið skipulega í markaðssetningu svæðisins með aðkomu stofnana á svæðinu og hins opinbera. Nýlega var kynntur nýr ferðamáti, svokölluð Norðurstrandarleið (Arctic Coast Way). Markmiðið með leiðinni er að skapa farveg og sérstöðu fyrir þá sem vilja halda sig utan alfaraleiðar og það hefur opnað á ýmsa möguleika þegar kemur að afþreyingu fyrir ferðamenn. Í því sambandi má nefna að þegar þetta er ritað hefur Framkvæmdasjóður ferðamannastaða úthlutað aukaframlagi til uppbyggingar innviða og komu tveir stórir styrkir í hlut verkefna á Raufarhöfn og Bakkafirði. Þetta er afar mikilvægt innlegg í þá viðleitni sem er til staðar í þessum byggðarlögum og á svæðinu öllu. Sama má segja um aukaúthlutun fjármuna til frumkvæðisverkefna í Brothættum byggðum á árinu 2020 sem boðuð var fyrir fáum dögum og nýtist Öxarfjarðarhéraði og byggðinni við Bakkaflóa.

Þá ber að nefna að samhliða því að Bakkafjörður var tekinn inn í verkefnið Brothættar byggðir var gert samkomulag við stjórnvöld um að byggja upp veginn milli Bakkafjarðar og Þórshafnar. Um er að ræða 27 km malarveg. Með því að klára veginn er komið bundið slitlag á veg nr. 85 frá Húsavík til Vopnafjarðar. Þá mun nýr Dettifossvegur einnig verða mikil samgöngubót og styrkja ferðaþjónustu svæðisins í heild á ársgrundvelli.

Fyrir þá sem hafa áhuga á frumkvöðlastarfi eða nýsköpun er norðausturhornið afar spennandi kostur þar sem tækifærin leynast víða.

Charlotta Englund
Nanna Steina Höskuldsdóttir
Ólafur Áki Ragnarsson

Frá Raufarhöfn. Mynd / Jónas Friðrik Guðnason

Frá Bakkafirði. Mynd / Ólafur Áki Ragnarsson.

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM

Garðplöntur í gróðurhúsi.

Framleiðsla garð- og skógarplantna:

Hagnýtt og áhugavert nám

Garð- og skógarplöntur eru fjölbreyttur hópur plantna sem landsmenn nota til að prýða garða, opin svæði og lóðir við stofnanir og fyrirtæki, sem og trjáplönturnar sem notaðar eru til að rækta skóga framtíðar.

Til að ná árangri í framleiðslu plantna þarf sérþekkingu og framleiðslan gerir sérstakar kröfur um ræktunaraðstöðu og tækni.

Til að ná árangri í framleiðslu þessara tegunda þarf sérþekkingu sem ekki er á færi leikmanna og framleiðslan gerir auk þess sérstakar kröfur um ræktunaraðstöðu og tækni. Ræktun þessa fjölbreytta gróðurs er kennd á námsleið um garð- og skógarplöntuframleiðslu á Garðyrkjuskóla LBHÍ á Reykjum í Ölfusi. Þar starfa sérfræðingar með áratuga reynslu af framleiðslu og notkun þeirra.

Fjölbreytt og skemmtilegt nám

Á námsleiðinni Garð- og skógarplöntuframleiðsla eru kennd grunnfög garðyrkjunnar, til að mynda grasafræði, plöntulífeðlisfræði, almenn ylræktun og jarðvegs- og áburðarfræði, en einnig sérfög í framleiðslu garð- og skógarplantna. Sérstaklega er kennd plöntuþekking og framleiðsluferli hinna ýmsu tegunda. Áherslur í námi á Reykjum tengjast umhverfisvernd og sjálfbærni og er þar m.a. stuðst við gildi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og tekið mið af sérstöðu Íslands varðandi gróðurfar, verndun náttúrugæða og möguleika í vali á hinum ýmsu tegundum. Vistfræði er kynnt og einnig markaðsfræði og skipulag og stofnun garðyrkjustöðva. Sérstakur áfangi um ræktun ávaxtatrjáa er kenndur og sömuleiðis torf- og grjóthleðslur, trjáklippingar og trjáfellingar. Útskrifaðir nemar hafa fengið góða innsýn í skógrækt, landnotkun, verndun lífríkis og garðyrkju í sátt við umhverfið.

Starfsvettvangur víða í samfélaginu

Námið á Reykjum er blanda bóknáms og verknáms. Bóknámið skiptist í 4 annir en verknám fer fram á viðurkenndum verknámsstöðum. Starfsvettvangur útskrifaðra nemenda er garð- og skógarplöntustöðvar, plönturæktun, sala og ráðgjöf til viðskiptavina auk þess að aðstoða við tilraunir og rannsóknir. Fjarnám er í boði á þessari námsbraut. Þá tekur námið að jafnaði 8 annir, auk verknáms.

Útskrifaðir nemar eru eftirsóttir sem verkstjórar og ræktunarstjórar og starfa auk plöntuframleiðslu við garðyrkjustörf hjá bæjar- og sveitarfélögum. Námið veitir góðan grunn að framhaldsnámi erlendis. Einnig eru möguleikar í stofnun nýrra fyrirtækja í framleiðslu garð- og skógarplantna.

Kennslan hefst í ágústlok 2020 og er hægt er að sækja um nám á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands: lbhi.is. Kennslan fer fram á garðyrkjuskóla LBHÍ á Reykjum í Ölfusi. Umsóknarfrestur er til 15. júní.

Ingólfur Guðnason

Starfsvettvangur útskrifaðra nemenda er garð- og skógarplöntustöðvar, ræktun, sala og ráðgjöf til viðskiptavina auk þess að aðstoða við tilraunir og rannsóknir.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Hlutfallsleg skipting fjósgerða 1994–2019.

Mjaltaþjónafjós algengasta fjósgerðin á Íslandi

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Allt frá árinu 2003 hefur Landssamband kúabænda staðið fyrir því að taka saman upplýsingar um fjósgerðir á Íslandi og þróun þeirra ásamt ýmsum öðrum gagnlegum upplýsingum. Þetta hefur verið gert u.þ.b. annað hvert ár og nú liggur fyrir níunda skýrslan og tekur hún til árabilsins 2017-2019.

Margt afar áhugavert kemur fram í þessari skýrslu og m.a. að í fyrsta skipti þá eru básafjós með rörmjaltakerfi ekki lengur algengasta fjósgerðin á Íslandi en mjaltaþjónafjósin hafa nú tekið forustuna í þessum efnum. Fullyrða má að ekkert annað land í heiminum hafi jafn hátt hlutfall mjaltaþjónafjósa af heildarfjölda fjósa.

542 fjós í framleiðslu

Í skýrslunni kemur fram að í árslok 2019 voru 542 fjós í mjólkurframleiðslu á Íslandi en haustið 2009 voru þau 685 og hefur fjósum því fækkað um 143 á síðasta áratug eða um 21%. Þessi þróun er mjög svipuð því sem verið hefur hér á landi síðustu tvo áratugina.

Ef litið er til þróunarinnar síðustu tvö ár þá hefur fjósum hér á landi fækkað um 31 eða 5,4%. Þessi þróun hér á landi er afar áþekk þeirri þróun sem á sér stað um alla Evrópu, þar sem fjósum hefur verið að fækka um 4-8% á ári. Þrátt fyrir fækkun fjósa á hverju ári bæði á Íslandi og í Evrópu hefur heildar mjólkurframleiðslan aukist jafnt og þétt enda hafa eigendur þeirra fjósa sem eftir standa stækkað þau.

73% kúnna í lausagöngu

Undanfarna áratugi hafa orðið gríðarlega miklar breytingar á húsvist íslenskra mjólkurkúa og ekki eru nema rétt um 20 ár síðan nærri öll fjós landsins voru básafjós af einhverri gerð og kýrnar því bundnar á bása en þetta er gjörbreytt í dag.

Af þeim 542 fjósum sem voru í framleiðslu í árslok 2019 þá voru 58,1% þeirra lausagöngufjós. Þetta hlutfall gefur þó ekki alveg rétta mynd af stöðu aðbúnaðar kúa á Íslandi því ef litið er til stærðar fjósanna þá eru lausagöngufjósin með mun fleiri kýr að jafnaði. Í árslok 2019 voru þannig 73,3% allra kúa á landinu í lausagöngufjósum en fyrir fjórum árum var þetta hlutfall 60,3% svo breytingin er ansi hröð og ef hún heldur svona áfram verða nánast allar kýr landsins í lausagöngu eftir 7 ár.

Á meðfylgjandi mynd hér að ofan má sjá hvernig þróun fjósgerða hefur verið síðustu áratugi. Eins og sjá má gengu breytingarnar nokkuð hratt fyrir sig fram undir hrun en svo hægði verulega á þróuninni, sem hefur svo aftur tekið mikinn kipp síðustu árin.

Mjaltaþjónafjós algengust

Í skýrslunni er fjósgerðum skipt upp í tvo yfirflokka og samtals fimm undirflokka þar sem yfirflokkarnir eru annars vegar básafjós og hins vegar lausagöngufjós. Undirflokkar þessara tveggja megin fjósgerða taka svo mið af þeirri mjaltatækni sem er í notkun í fjósunum.

Niðurstöðurnar má sjá í töflu 1, en þar kemur fram að frá árinu 2009 hefur básafjósum fækkað verulega eða úr 446 í 227 eða um 49%. Á sama tíma tíma hefur lausagöngufjósum fjölgað úr 238 í 315 sem er rúmlega 32% aukning á liðnum áratug. Þá koma fram í þessari skýrslu þau tíðindi, eins og hér að framan hefur verið nefnt, að básafjós með rörmjaltakerfi eru ekki lengur algengasta fjósgerðin á landinu en þau voru um áramótin 182 en á sama tíma voru mjaltaþjónafjósin orðin 216. Gengur þannig eftir þróun sem hefur verið fyrirsjáanleg all lengi og þessum skiptum á algengustu fjósgerð landsins var einmitt spáð í skýrslu Landssambands kúabænda fyrir tveimur árum. Þá er afar fróðlegt að sjá að enn eru þrjú fjós hér á landi sem nota vélfötur til mjalta.

Veigamesta breytingin á síðustu 10 árum er auðvitað mikill framgangur fjósa með mjaltaþjóna. Á þeim tíma hefur fjósum á Íslandi fækkað um 143 fjós en á sama tíma hefur mjaltaþjónafjósum fjölgað um 121.

Meðalnyt mjaltaþjónafjósa langhæst

Þegar skoðað er samhengi afurða, samkvæmt skýrsluhaldi RML, og fjósgerða kemur ekki á óvart að fjós með mjaltaþjónum eru langafurðahæst á landinu og er það í samræmi við uppgjör fyrri ára. Tekið skal fram að við þessa útreikninga er alltaf notað uppgjör allra búa í árslok uppgjörsársins, óháð því hvort þau hafi skipt um mjaltatækni á árinu eða ekki. Þá koma sum bú ekki til uppgjörs vegna vanskila á skýrslum eða annarra óvissuþátta. Þessi reikniaðferð ber auðvitað með sér ákveðna skekkju og skal því tekið með fyrirvara enda má t.d. ætla að meðalafurðir ættu að vera hærri á búum sem skiptu úr hefðbundinni mjaltatækni á árinu og yfir í mjaltaþjónatækni vegna tíðari mjalta.

Þrátt fyrir þessa annmarka er, eins og áður segir, heildarmeðaltal mjaltaþjónabúa landsins hæst en vegið meðaltal þeirra var 6.710 kg mjólkur að jafnaði á hverja árskú á nýliðnu ári. Næstafurðahæstu búin voru svo lausagöngfjós án mjaltaþjóna með 6.131 kg. Þá voru meðalafurðir kúa í básafjósum með mjaltabása 5.961 kg og lægstar meðalafurðir eru að jafnaði í básafjósum með rörmjaltakerfi eða 5.619 kg. Hver meðalkýr er því að skila af sér rúmlega einu tonni meira af mjólk sé hún í mjaltaþjónafjósi í stað þess að vera í básafjósi með rörmjaltakerfi. Þessi gríðarlega mikli munur getur skýrst af mörgum þáttum og sýna fyrri athuganir hér á landi að t.d. tíðari mjaltir mjaltaþjóna skýra í kringum helminginn af meðal

Tafla 1: Fjósgerðir og mjaltatækni, þróun í fjölda á landsvísu sl. 10 ár

	2009	2019	Breyting
Básafjós m. fötukerfum	10	3	**-70%**
Básafjós m. rörmjaltakerfum	373	182	**-51%**
Básafjós m. mjaltabásum	63	42	**-33%**
Lausagöngufjós án mjaltaþjóna	143	99	**-31%**
Lausagöngufjós m. mjaltaþjónum	95	216	**127%**
Annað	1	0	
Samtals	**685**	**542**	**-21%**

Tafla 2. Meðalfjöldi árskúa eftir fjósgerð og mjaltatækni

	2019 Árskýr, meðaltal
Básafjós með fötukerfum	12,0
Básafjós með rörmjaltakerfum	28,1
Básafjós með mjaltabásum	42,2
Lausagöngufjós án mjaltaþjóna	49,1
Lausagöngufjós með mjaltaþjónum	65,3

afurðaaukningunni einni og sér og í þessu tilfelli eru það um 400 kíló mjólkur. Hinn hlutann má skrifa á betri aðbúnað og hreyfingu, nákvæmari kjarnfóðrun og almennt betri búnaðar til bættrar bústjórnar á búum sem nota sjálfvirk mjaltakerfi.

Mjaltaþjónafjós einnig stærst

Ekki þarf að koma á óvart að lausagöngufjós með mjaltaþjónum eru stærst að meðaltali en árskúafjöldi þeirra er í árslok 2019 var 65,3 kýr en þessi bú eru að jafnaði með 1,25 mjaltaþjóna. Þrátt fyrir að þessi bú beri af í fjölda kúa, þá er bústærðin enn vafalítið nokkuð undir þeim mögulega árskúafjölda sem þessi fjós geta mjaltatæknilega séð borið.

Næststærsta fjósgerðin er svo lausagöngufjós án mjaltaþjóns og þar á eftir koma básafjós með mjaltabásum og hafa þessi bú einnig stækkað á undanförnum árum. Hin hefðbundnu básafjós eru vel innan við helmingi minni en mjaltaþjónafjósin eins og sjá má á töflu 2.

76% mjólkurinnar frá kúm í lausagöngu

Út frá framangreindum upplýsingum má áætla framleiðslugetu hverrar fjósgerðar, sem hlutfall af heild. Árið 2009 var fyrsta árið sem mjólk frá kúm í lausagöngu náði yfir 50% af heildinni en þá reiknaðist framleiðsla allra lausagöngufjósa til að vera 51,7% en nú reiknast þetta hlufall að vera 76,0%.

Fimmtungur kúnna í fjósum með >80 kýr

Í skýrslunni kemur fram að flest fjós landsins eru í dag með 21-40 árskýr eða 191 talsins en fjós með færri en 20 árskýr voru ekki nema 44 í árslok 2019 og voru þau þá með 650,1 árskú. Það eru færri árskýr en t.d. voru í þremur stærstu fjósum landsins, sem voru á sama tíma með 658,4 árskýr.

Meðalbústærð fjósanna í uppgjörinu var 47,8 árskýr en tveimur árum fyrr var meðalbústærðin 45,9 árskýr, sem er stækkun um 4,1%. Alls voru 235 kúabú með færri en 40 árskýr í þessu uppgjöri eða 43,4% en í þessum 235 fjósum voru voru þó ekki nema 24,9% af árskúm landsins. Bú á bilinu 40-80 árskýr voru alls 262 talsins eða 48,3% og í þessum fjósum voru 55,5% af árskúm landsins í árs-lok 2019. Þá voru fjós með fleiri en 80 árskýr alls 45 eða 8,3% og hefur þetta hlutfall hægt og rólega verið að skríða upp á við á undanförnum árum. Þannig voru t.d. ekki nema 3,8% fjósa landsins með fleiri en 80 árskýr árið 2013. Nærri fimmtungur árskúa landsins eða 19,6% voru í fjósum með fleiri en 80 árskýr í árslok 2019.

Hlutfall aftakara aukist

Árið 2009 voru í fyrsta skipti teknar saman upplýsingar um vinnuléttandi tækni við mjaltir, þ.e. upplýsingar um brautakerfi í básafjósum, aftakarakerfi í básafjósum og tíðni aftakarakerfa í mjaltabásum. Var þetta gert til þess að varpa betur ljósi á þær vinnuaðstæður sem kúabændur landsins búa við, enda er einn mesti vinnusparnaður við mjaltir talinn felast í aftakaratækninni. Á þeim 10 árum sem liðin eru hefur orðið mikil hlutfallsleg aukning á notkun tækninnar við mjaltir, bæði vegna nýfjárfestinga í tækninni, en einnig vegna úreldingar fjósa sem ekki höfðu þessa tækni. Þannig mátti finna aftakara í 41,7% fjósa árið 2009 en nú í 52,8% allra fjósa þar sem hefðbundin mjaltatækni er notuð. Þessari vinnuléttandi tækni fjölgar því afar hægt sem vekur nokkra furðu og þannig fækkaði t.d. fjósum sem nota aftakara við mjaltir um 34 síðustu tvö ár en athygli vekur að hin notuðu tæki, sem þessi kúabú hafa hætt notkun á, virðist ekki skila sér í áframhaldandi notkun á öðrum búum.

Í skýrslunni eru ýmsar aðrar upplýsingar en hér hafa verið nefndar en hægt er að lesa hina ítarlegu skýrslu í heild sinni á vef Landssambands kúabænda, www.naut.is.

Lífeyrissjóður bænda

Ársfundur 2020

Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda verður haldinn föstudaginn 12. júní 2020 kl. 14 að Stórhöfða 23, 4. hæð, Reykjavík.

Dagskrá:
- Venjuleg ársfundarstörf.
- Stjórnarkjör skv. samþykktum.
- Önnur mál.

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda

Lífeyrissjóður bænda - Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík
Sími 563 1300 - lsb@lsb.is - www.lsb.is

Háskólinn á Hólum

Þú finnur Hólaskóla bæði á Facebook og Twitter!

www.holar.is

Hagnýtt háskólanám
- Ferðamálafræði
- Stjórnun ferðaþjónustu og móttaka gesta
- Viðburðastjórnun
- Fiskeldisfræði
- Reiðmennska og reiðkennsla

Tækifærin eru í okkar greinum

Háskólasamfélag með langa sögu
Hólar í Hjaltadal er í senn mikill sögustaður og útivistarparadís. Háskólinn á Hólum er lítill en öflugur háskóli sem sinnir kennslu og rannsóknum á sviði ört vaxandi atvinnugreina.

Hólaskóli - Háskólinn á Hólum
Hólum í Hjaltadal 551 Sauðárkrókur
Sími 455 6300 holaskoli@holar.is www.holar.is

CRAMER
82V rafhlöðu tæki

Afl og ending sem uppfylla kröfur fagmanna. Sama rafhlaða fyrir keðjusagir, pólsagir, hekkklippur, orf, sláttuvélar, greinaklippur, og fleiri tæki.

POTTIPUTKI
geispur & burðaráhöld

VORVERK.IS
Þverholt 2, Mosfellsbæ
sími 665 7200 vorverk@vorverk.is

Bændablaðið – Smáauglýsingar hafa áhrif um land allt! – Sími 56-30-300

UTAN ÚR HEIMI

Grasagarður Al Capone?

Um 40 km frá miðborg Chicago má finna þennan veglega grasagarð sem stofnaður var árið 1972. Því miður var Al Capone þá löngu látinn, svo hann náði ekki að heimsækja þennan fínan garð á sínum heimaslóðum. Það mætti næstum því kalla þetta vatnsgarð, því vatn spilar hér svo stórt hlutverk.

Garðurinn er í raun samansafn 2,5 milljón plantna í 27 görðum sem dreifast yfir níu eyjar á rúmum 150 hekturum undir þessu nafni. Aðgangur að garðinum er frír og hér er opið allt árið.

Samstarf garðsins við menntastofnanir er mikið en einnig er áhersla á að fræða gestina og sést það víða um garðinn. Einn hluti er t.d. tekinn undir ræktun ávaxta og grænmetis og er hægt að kynna sér ræktunaraðferðir og möguleika varðandi vaxtarmótun og fleira gagnlegt þar. Þessi nálgun er um margt aðdáunarverð, að geta miðlað reynslu og þekkingu með þessum skýra hætti til forvitinna gesta.

Eplatré vaxtarstýrt sem veggtré eftir „espalier“ forminu.

Matvælaræktun

Einstaklingur sem veltir fyrir sér að hefja ræktun á grænmeti eða ávöxtum í eigin garði getur heimsótt þann hluta grasagarðsins, rölt um svæðið og velt fyrir sér hvaða nytjajurtir henta best. Þarna fær viðkomandi t.d. upplýsingar um hvaða ávaxtayrki hafa reynst vel í nágrenninu um langa hríð, sem og hvaða rótarstofnar gætu verið heppilegastir. Þetta getur oft reynst mun betur en að treysta sölumanni með stóran lager af plöntum sem eru jafnvel óheppilegar fyrir þennan einstakling. Hvernig á svo að stýra vexti til að hámarka nytjar, nýta sem best plássið sem þú hefur, verjast óverum, velja saman ólíkar tegundir?

Þarna má einnig finna svæði sem veitir almennt hugmyndir og ráð varðandi ræktun plantna á óhentugum svæðum eða jafnvel án eiginlegs garðs. Enn fremur ábendingar varðandi hin ýmsu áhöld, umhverfismál og náttúruna almennt. Skilti sem veita ekki bara upplýsingar um plöntur, heldur einnig heppilegar samsetningar í görðum, hugmyndir um litapalettur, áferð o.fl.



Kristján Friðbertsson.

Eplatré vaxtarstýrt sem veggtré eftir „espalier“ forminu.

Lágvaxinn en langur gosbrunnur brýtur upp göngusvæði milli tveggja garða.



Á vatnalilju blómknúp, drekafluga lenti. Ljósmyndunar happ mig henti.

Dæmi um upplýsingaskilti sem hjálpar til með litaval í garðinum situr t.d. við blöndu rauðfjólublárrar dahliu, lime litaðrar Iresine herbstii, fjólubláa ilmexir (agastache) og gult flauelsblóm. Skiltin skýra þá m.a. af hverju þessi samsetning lita og áferða gæti verið heppileg í garðinum. Hér er yfirhöfuð mjög áberandi áhersla á að veita almenningi víðfeðma fræðslu, með praktíska nálgun.

Skýjasnyrting er ekki bara flugvélaklósett

Svo margir hlutar þessa garðs eru jafnt áhugaverðir sem og fallegir að heimsækja. Mig langar að nefna sérlega fallega Japansgarðinn þeirra. Indælt að rölta um í rólegheitunum, skoða, njóta og láta hugann reika. Þar má finna mörg dæmi um það sem nefnist á ensku „cloud pruning“, trjáformun sem gæti þá útlagst á íslensku sem „skýjasnyrting“. Aðferð sem sumir vilja meina að gangi frekar út á að finna innri sál trjáplöntunnar en að fjarlægja dauðar greinar. Skýjasnyrting er oft notuð til að láta tré líta út eldri, eða hið minnsta að þau virðist hafa átt mun áhugaverðara líf en þau hafa í raun átt, jafnvel með áherslu á óvenjulegan greinavöxt.

Á þessum slóðum er einnig gott að íhuga heimsókn í Morton trjásafnið (e. arboretum) sem spannar um sjö km² af fallegri náttúru, ekki svo fjarri garðinum.

https://www.chicagobotanic.org/
http://www.mortonarb.org/

Samsett mynd af vatnaliljum, sem sýnir þær jafnt blómstrandi sem og með knúpa, ásamt því að sýna vatnaliljublöð (diska) sem hafa opnast sem og eitt sem á eftir að opnast.

Samsett mynd af útsýni að eyjum Japansgarðs og öðru vatni sem skilur að eyjar grasagarðsins.

HUGVIT & NÝSKÖPUN

Blast – en ekki plast

Fimm nemendur við Háskólann í Reykjavík í námskeiðinu Nýsköpun og stofnun fyrirtækja er að skoða möguleikann á að vinna með íslenskt bygg þar sem ræktun þess hefur náð ágætri kjölfestu á síðasta áratugnum. Nýsköpun með erfðabreytt bygg hefur verið á mikilli uppleið og ræktun á lífrænu byggi er í uppsveiflu.

Sunna Mímisdóttir, einn af fimmmenningunum, sagði í samtali við Bændablaðið að hópurinn hafi kynnt sér sambærilegar vörur sem hafa komið á markað að undanförnu, til dæmis einnota matarílát og drykkjarmál, hnífapör og drykkjarrör, og rætt við sérfræðinga í efnafræði og lífefnafræði til þess að kanna hvort það væri hægt að nýta bygg í drykkjarrör. „Undirbúningsvinna sannfærði okkur um að þetta væri vel gerlegt og þess vegna ákváðum við að stefna að því að búa til efnið blast, þ.e.a.s. plastlíki úr byggi, bygg + plast = blast.“

Nemendurnir sem að verkefninu vinna eru Bjarni Valur Birgisson, hátækniverkfræði, Björk Sigurjónsdóttir, tölvunarfræði, Gísli Örn Guðjónsson, viðskiptafræði, Karen Rós Smáradóttir, sálfræði og Sunna Mímisdóttir, nemi í tölvunarfræði.

Blast ehf.

„Markmið námskeiðisins er að fara í gegnum ferlið sem fylgir því að stofna nýsköpunarsprotafyrirtæki og við ákváðum að stofna fyrirtækið Blast ehf. Plastmengun er mikil umhverfisvá og þess vegna kviknaði hugmyndin að því að búa til umhverfisvæn drykkjarrör úr íslensku byggi. Öll reynum við að forðast einnota plaströr en þau eru verri en annað einnota plast að því leyti að ekki er hægt að endurvinna þau. Við vorum líka sammála um að algengustu umhverfisvænu rörin, papparörin, væru alls ekki nógu góð og við vildum því finna betri úrlausn.“

Lífrænt plast

„Til þess að búa til lífrænt plast þarf fyrst og fremst sterkju og glýseról og við prófuðum að búa til frumgerð að efnablöndunni með einfaldri heimatilraun í eldhúsinu. Það reyndist furðu auðvelt að búa til blönduna úr kornsterkju sem keypt var tilbúin og því drógum við þá ályktun að lítið mál væri að gera sambærilega blöndu úr byggsterkjunni.

Við bruggun er sterkjan úr bygginu brotin niður með meskingu en einnig er hægt að ná sterkjunni úr korninu með einföldum hætti án þess að brjóta hana niður. Við gælum einnig við möguleikann um að hægt sé að nýta trefjarnar sem eru í slíðri kornsins til að styrkja efnablönduna og jafnvel búa til annars konar tegund af drykkjarrörum úr stilkum kornsins, en sambærileg rör hafa orðið nokkuð vinsæl erlendis á síðustu mánuðum.“

Grafísk mynd af íláti með baströrum.

Hugmynd að lógói fyrirtækisins.

Sunnu segir að nemendurnir hafi rætt við nokkra eigendur veitingahúsa á Íslandi og þeir sýndu vörunni áhuga. „Búið er að samþykkja tilskipun í Evrópusambandinu sem bannar sölu á einnota plasti og nýverið var lagt fram frumvarp á Alþingi sama efnis. Margir veitingastaðir á Íslandi hafa þegar tekið plaströr úr notkun og einhverjir þeirra hafa tekið í notkun innflutt rör úr hálmi eða hveitistilkum. Aðrir nota papparörin sem fáir væru ánægðir með. Möguleikinn á að fá innlend umhverfisvæn rör vakti mikinn áhuga og vorum við eindregið hvött til að taka hugmyndina lengra.“

Langar að kynna sér byggrækt

Nemendurnir segjast hafa mikinn áhuga á að kynna sér byggræktunina á Þorvaldseyri og komast að því hvernig framleiðsluferlið á bygginu er, allt frá ræktun til neytenda.

„Það væri mjög gaman að komast í samstarf við byggræktendur á Íslandi og láta reyna á þessa nýsköpunarhugmynd okkar. Við vitum að hægt er að nýta sterkju og trefjar í ýmsa gagnlega og umhverfisvæna hluti og vonum að drykkjarrör úr byggi bætist við fjölda umhverfisvænna lausna í heiminum,“ segir Sunna.

Staðreyndir um plast

- Aðeins um 9% af plastúrgangi fer í endurvinnslu!
- 8 tonn af plasti fara í sjóinn á hverju ári!
- Plaströr eru flokkuð sem einn af helstu mengunarþáttum sjávar!
- Plaströr eru ekki endurvinnanleg. Þau geta mengað endurvinnsluferli annars plasts, endað í sjónum eða landfyllingum á urðunarstöðvum og losað skaðleg efni út í jarðveginn.
- Bandaríkjamenn nota yfir 500 milljón rör á hverjum degi! Það eru um 175 milljarðar röra á ári!
- Ef ekkert verður að gert verður meira af plasti en fiski í sjónum árið 2050.

Nemendurnir ítreka að hugmyndin sé á frumstigi og að þeir séu ekki komnir með neinar forsendur til að hefja framleiðslu. „Námskeiðið stendur bara í þrjár vikur og takmarkað sem hægt er að gera á svo stuttum tíma en við höfum mikinn áhuga á að taka hugmyndina á næsta stig en erum ekki komin svo langt.“

/VH

Vélar, bátar, bílar, gámar eða vörur í lausu
Það skiptir ekki máli hvað þú þarft að flytja,
við getum flutt það fyrir þig landshorna á milli.
Reglulegar ferðir á flesta staði á landinu.

Hafðu samband og við finnum lausnina með þér.
fraktlausnir@fraktlausnir.is
Sími 519-2150 eða 773-1630

FRAKTLAUSNIR



VÉLABÁSINN

Honda Civic er skemmtilegur bíll á góðu verði

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Á síðasta ári tók Askja við umboðssölu Honda á Íslandi og flutti Honda þá á Fosshals eftir að hafa verið á Vatnagörðum í um fjörutíu ár. Honda Civic kom fyrst á markað um 1972 og hefur Civic verið einn söluhæsti bíll frá Honda um árabil.

Ég prófaði nýjasta Civic bílinn fyrir skömmu sem kom mér á óvart fyrir þægilegheit og öryggi.

Kraftmikill þótt vélin sé ekki stór og sparneytinn

Bíllinn sem ég prófaði heitir Honda Civic Elegance og er með 998cc. VTEC turbo bensínvél sem á að skila 129 hestöflum, sjálfskiptur með sex gíra skiptingu og er með fimm ára ábyrgð. Uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 6,1 lítri á hundraðið. Ég byrjaði að keyra bílinn fyrstu 30 km í innanbæjarakstri og mældist mín eyðsla þá 10,1 lítri á hundraðið. Næstu 30 km voru langkeyrsla og var eyðslan þá ekki nema 4,7 lítrar. Í lokin eftir rúma 100 km var meðaleyðsla mín ekki nema 8,1 lítri á hundraðið sem ég vil meina að sé mjög gott miðað við aksturslag og aðstæður.

Öryggisbúnaðurinn til fyrirmyndar

Í bílnum er mikið af öryggisbúnaði eins og í flestum nýjum bílum s.s. radartengd árekstrarvörn, akreinalesari, radartengdur skriðstillir, umferðarmerkjalesari o.fl. Mér hefur alltaf verið í nöp við flókinn tölvubúnað í bílum og óttalegur klaufi að læra á hvernig á að lesa og virkja tölvubúnað í mörgum bílum, en í þessum bíl var þetta tiltölulega auðlært og auðvelt í notkun.

Flestir akreinalesarar gefa frá sér hljóð eða að stýrið titrar, en í Civic er tilfinningin eins og annað framdekkið sé loftlaust þegar ekið er óvart yfir miðlínu. Hraðastillirinn (cruse control) heldur bilinu í næsta bíl jöfnu. Sé maður með stillt á 90 og bíllinn fyrir framan hægir á niður í 70, þá gerir Civic það líka. Í mörgum bílum virkar þessi fjarlægðarbúnaður ekki á gatnamótum eða í hringtorgum, en eftir að hafa tvíprófað þá sá ég hver virknin var. Bíllinn hjá mér var stilltur á 70 og elti bílinn á undan mér í gegnum hringtorg og beygjur eins og skugginn. Þegar ég keyrði Mosfellsdalinn kom ég að hópi hjólreiðamanna sem hjóluðu í kantinum hlið við hlið, bíllinn hægði sjálfur á sér og þegar ég ætlaði að skjótast fram úr þeim tók bíllinn af mér völdin. Ég var of nálægt þeim, það var ekki fyrr en að ég var kominn um tvo metra frá þeim að bíllinn gaf mér „leyfi“ (kraft) til að skjótast fram úr reiðhjólunum.

Alltaf fundist Honda-bílar vera með betra fótapláss en aðrir

Að keyra bílinn er þægilegt, hann einfaldlega líður áfram, krafturinn góður og að keyra hann á malarvegi er óvenju gott miðað við sambærilega bíla. Var svo gott að ég fór í tvígang malarkaflann við Hafravatn til að fullvissa mig um ágæti bílsins á möl, en fyrir vikið var þessi svarti fíni bíll svolítið mikið rykugur þegar ég skilaði honum.

Eins og margir nýir bílar eru útbúnir þá er ljósabúnaðurinn þannig að ef maður er með ljósatakkann stilltan á AUTO þá koma engin afturljós í dagsbirtu. Í þessum bíl er best að stilla bara takkann strax á full ljós og hreyfa hann aldrei aftur, þá er maður alltaf með rétt ljós í umferðinni.

Farangursrýmið er gott, sæti ágæt, hliðarspeglar góðir og útsýni fram fyrir bílinn er gott. Fótarými hefur mér alltaf fundist vera til fyrirmyndar í öllum bílum frá Honda.

Aðeins eitt atriði fann ég að bílnum, en það vantar varadekkið, tjakk og felgulykil í bílinn. Ekki gott fyrir svona ónýta og holótta vegi eins og við búum við.

Flott verð á góðum fólksbíl

Honda Civic er nú á sértilboði, verð frá 4.190.000 og fæst með vél frá 129 hestöflum upp í 182. Ég var mjög sáttur við bílinn fyrir utan að mér fannst sárlega vanta í hann varadekk.

Eftir að ég prófaði bílinn skoðaði ég aðeins heimasíðu Öskju um Honda bíla og er ekki hægt annað en að hæla framsetningu á vefsíðunni um góðar og aðgengilegar upplýsingar á www.honda.is.

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	1.275 kg
Hæð	1.421 mm
Breidd	1.800 mm
Lengd	4.497 mm

Honda Civic.

Myndir / HLJ

Akreinalesarinn virkar eins og það sé sprungið framdekk og maður hrekkur vel við þegar þetta ljós kemur í mælaborðið.

Mjög sáttur við eyðsluna í lok prufuaksturs.



Hávaði inni í bílnum er í hærri kantinum, en innan marka.

Civic er með leiðsögukerfi.

Hér tók bíllinn sjálfur af mér völdin og neitaði mér að taka fram úr hjólreiðamönnunum þar sem bilið væri of lítið.

Ljósatakkann er best að stilla svona og hreyfa hann aldrei aftur.

Flottu svörtu felgurnar voru rykugar eftir mölina, en þrátt fyrir lágan prófíl dekkjanna var bíllinn góður á möl.

Lely Center Ísland

KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Umferðin, holóttu vegirnir og hætturnar

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Nú er að koma betur í ljós þær miklu skemmdir á vegakerfinu eftir síðasta vetur og væntanlega dylst það engum að aldrei hafa vegir komið svona illa undan vetri. Það er kannski í grófara lagi að segja að allir vegir séu meira og minna ónýtir, en það er einfaldlega ekki fjarri lagi.

Það er sama hvert ekið er, alls staðar holur, ójöfnur og miklar skemmdir á vegum og af þessum sökum þarf að fara sérstaklega varlega.

Bílstjóri sem situr við stýrið á þessum bíl sér ekkert þeirra mótorhjóla sem raðað hefur verið í kringum bílinn.

Aldrei önnur eins sala á reiðhjólum

Aldrei hefur önnur eins sala verið á nýjum reiðhjólum og það sem af er ári, nánast allar reiðhjólabúðir hafa selt nú þegar öll hjól sín og beðið er eftir nýjum sendingum. Um síðustu áramót breyttust aðeins umferðarreglur og nú má ekki taka fram úr reiðhjóli nema að vera í 1,5 metra fjarlægð frá hjólinu við framúraksturinn.

Hjólreiðafólk sem hjólar á þjóðvegum þar sem ætlast er til þess að þessi nýju lög séu virt verða að koma á móts við bílaumferðina og hjóla ekki hlið við hlið, sérstaklega ekki þar sem komið er að blindhæð eða blindhorn er á vegi og líka þegar hvít óbrotin lína er á miðjum veginum. Flest hjólreiðafólk er til fyrirmyndar í umferðinni, hjólar í áberandi klæðnaði, með blikkandi ljós framan og aftan, en það má gera betur. Best væri ef sú vinna kæmi innan frá sem fræðsla frá hjólreiðamanni til hjólreiðamanns.

Mótorhjólafólk er að átta sig á nauðsyn þess að vera sýnilegt

Fáir vita það að hönnun blindhornsvara í bílum er tilkomin vegna neikvæðrar greina í mótorhjólablöðum um ákveðna tegund bíla sem voru samkvæmt skoðanakönnun hættulegastir mótorhjólamönnum í umferðinni vegna þess að þeir skiptu um akrein án þess að gæta nægilega að sér og úr var slys eða banaslys. Fyrir fjörutíu árum þegar ég var að byrja minn mótorhjólaferil var það nánast óskrifuð lög að klæðast öllu svörtu, en með árunum hafa mótorhjólamenn lært af biturri reynslu að vera í sýnileikafatnaði við akstur bifhjóla, það skilur á milli lífs og dauða. Það sem var „töff“ er nú „púkó“ og nú má sjá heilu flokka mótorhjólafólks ferðast um í gulum vestum við aksturinn.

Ekki mikill kostnaður í svona ljósi, en munurinn í sýnileika er mikill við að vera með ljósið blikkandi.

Gul blikkandi ljós í umferð

Í síðustu viku var ég að keyra um Landeyjar og sá þar nokkra bændur í vorverkum á dráttarvélum út á þjóðvegum, var ánægður með að flestir voru með gul blikkandi ljós á hægfara dráttarvélunum. Það minnti mig á að fyrir nokkru las ég ástralska reglugerð um gul blikkandi varúðarljós á ökutækjum, en sú reglugerð fannst mér nokkuð áhugaverð lesning. Þar sagði m.a.:

Blikkandi ljós í umferð má vera blikkandi ef ökutæki ekur á lægri hraða en almennur umferðarhraði er.

Blikkljós á að slökkva sé ekið á sama hraða og önnur umferð.

Gul blikkandi ljós má nota ef hæð er óvenjuleg, breidd meiri en almenn breidd ökutækja, eða ekið með hættulegan farm.

Sá sem rændur er getur verið mjög lengi að ná sér eftir sálrænt áfall.

Ef verið er að vinna í vegkanti með gul blikkandi ljós má aldrei keyra framhjá þeim hraðar en á um 40 km hraða.

Svona ítarleg lesning um gul blikkljós er ekki til hér á landi, eina sem segir er að þau skuli vera gul, en nánast allir hér á landi eru með appelsínugul ljós.

Smá aukalesning um þjófnað

Þjófnaður á ýmsum eigum fólks hefur verið viðvarandi vandamál í nokkur ár og sjaldgæft er að maður lesi fregnir af þýfi sem finnst. Því miður virðist eins og að þjófnaðarmálum sé að fjölga.

Á stuttu tímabili hef ég lesið um óæskilegar heimsóknir á sveitabýli þar sem verkfærum, reiðhjólum, bíl og fjórhjóli var stolið. Eitt besta ráðið er að koma upp myndavélakerfi og læsa vel húsum, hjólum og öðru sem fólk veit að hætta sé að vera stolið. Til eru lásar sem gefa frá sér skerandi hátíðnitón í 90–110 db. Svona lás hefur gagnast mér vel við að fæla frá óboðna gesti.

Alternatorinn eða startarinn bilaður?

Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.

Hjólastillingar, úrval af ljósum á kerrur og eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.

Sendum um allt land.

www.pgs.is
pgs@pgs.is
s 586 1260
Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík

PG Startþjónustan
Alternatorar & Startarar

KROSSGÁTA Bændablaðsins

MYND: W NICK OWEN (CC BY-SA 4.0)

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

				130	HÚRRA	GIMSTEINN / EFTIR-MYND		MERKI	ALDUR		FÁTÆKRA-HVERFI	UMTALS		ANNÁLL
				GRÓÐUR-SÆLL / GÓMA										HLUT-DEILD
									GREIÐA / RÍKI Í AFRÍKU					
				HNETA						TRAÐKAÐI				
				DRYKKUR / UMBUN						VÉL / SÍÐRI				
			TÁTU / HYLUR / FLAGA				Í RÖÐ	NEISTI / GRENND					GAGN	
					RÍKI Í V-AFRÍKU / UMRÓT						SÁR / TVÍ-HLJÓÐI			
ÞRÁTTA / REIÐUR						SKÓA / HÖFUÐ-FAT						KLÆÐI		SÍÐARI
MATJURT / KOLLUR							FUGL		NÆÐA / STÖÐUGT					
				ÚÐA / VAFIN							TALA		RÍKI Í EVRÓPU	
KVELJA		AFKIMI / FYRRUM						MÝKJAST / SPRIKLA						
			LIÐUR		ÞVOGL					FLÍK				
SAMLAGA / DÝRA-HLJÓÐ							EIND / HÆÐ					TÍMA-EINING / ÁTT		
					FYRIR-GEFA					FJALLS-NÖF				
TÁR-FELLDU						KRYDD								

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

MYND: MILO BOSTOC (CC BY-SA 2.0)

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

				129	HÖFGI	MÁLMUR / ARAGRÚI	J	SAFNA	SKIN	L	ANDÚÐ	BINDING-UR / VÉLA	B	
				SKOTRA / HARÞIX	S	K	Á	S	K	J	Ó	T	A	SLITRÓTT TAL
				M	Y	R	R	A	ÓFYRIR-SEÐ	Ó	V	Æ	N	T
				MJÖLL	F	Ö	N	N	LÆGJA / UNNA	M	I	L	D	A
				Í RÖÐ / VANDRÆÐI	J	K	ÍÞRÓTT / SÆLGÆTI	K	E	I	L	A	LITBLÆR	F
	K	ÓYNDI	LAST / SKIPTA	B	A	K	T	A	L	PINNI	J	TVEIR EINS / ALHEIM	S	S
D	E	L	L	A	LÍNA / VERKFÆRI	T	Ó	ENDUR-TEKNING	S	T	A	G	L	FJÓRÐ-UNGUR
ÞVAÐUR	R	E	I	S	N	PRAKKARI	P	Ú	K	I	TRÉ / ÞVELDU	E	I	K
GLÆSI-LEIKI / RUGLA	R	I	Ð	L	A	FORLAG	A	VIÐ-BURÐUR / FJÖLDI	A	T	V	I	K	V
RAUSA	T	U	Ð	A	FÝLA / AÐFERÐ	F	Ú	S	S	AGA / LÖGUNAR	T	E	M	J	A
EKKI	E	I	GILDING / FRÁ	M	A	T	ÓLMUR	Æ	F	U	R	RYKKORN / GÆLUNAFN	A	R
ÓLAG	K	VEGG-HAMAR / SLIT	B	E	R	G	MONTA / Á VÍXL	G	O	R	T	A	KANN	T
B	I	L	U	Ð	ÍLÁT	Á	M	U	R	KK NAFN / TVEIR EINS	U	G	G	I
BLUNDA	L	Ú	R	A	FÉLAG	F	I	R	M	A	HLAUP	G	E	L
DAUF-LEGUR	L	I	T	L	A	U	S	MATJURT	S	A	L	A	T	

Bændablaðið
kemur næst út 4. júní
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR



Blesastaðir 1a

„Við fluttum á Blesastaði árið 1997. Þá var hér rekið myndarlegt kúabú sem við breyttum yfir í hrossarækt strax á fyrsta árinu. Við fáum um 20 folöld á ári sem svo flest eru seld einhvern tíma á lífsleiðinni,“ segja ábúendurnir.

Býli: Blesastaðir 1a.

Staðsett í sveit: Á Skeiðunum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ábúendur: Magnús Trausti Svavarsson og Hólmfríður Birna Björnsdóttir ásamt dætrum okkar, Karen, Hrafnhildi og Heklu Salome.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Fimm manna fjölskylda, hundurinn Hera og kötturinn Tási.

Hundurinn Hera.

Stærð jarðar? Um 330 ha.

Gerð bús? Hrossaræktarbú.

Fjöldi búfjár og tegundir? Við erum með um 150 hross.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Morgungjafir 07.30 og svo morgunmatur hjá okkur.

Eftir það er farið í tamningar og útreiðar fram eftir degi, svo er útigangi gefið og kvöldgjafir um kl 18.00.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Það er mjög gaman að fá vel heppnuð folöld en akstur á rúllum virðist venjast illa.

Králit.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Með svipuðu sniði, bara fleiri gæðingar.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu íslenskra búvara? Við teljum að helstu tækifærin liggi í heilbrigði, hreinleika og gæðum íslenskra búvara og mikilvægt sé að nálgast neytendur út frá því.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Þær vörur sem enginn vill.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lax og nautakjöt.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Eitt af því er þegar hryssan Gýgja frá Blesastöðum náði heilsu eftir erfiða köstun þar sem henni var ekki hugað líf og hefur síðan átt þrjú afkvæmi sem aldrei var reiknað með og er í fullu fjöri í dag.

MATARKRÓKURINN

Bakað blómkáls-taco og lambakóróna

Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari

